

# SJÚKRALIÐINN

2. TÖLUBLAÐ 26. ÁRGANGUR JÚNÍ 2012

Two young women with blonde hair, wearing white medical uniforms, are standing in front of a red and white background. They are both smiling and looking towards the right. They are wearing white lab coats over white pants. They have lanyards around their necks with ID badges. The background features a large white circle on a red field.

## Íslandsmót sjúkraliða- nema

- Sjá frásögn og myndir á bls. 11-12



**Framkvæmdastjórn**

**Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ):**

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður.  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri.  
Jóhanna Traustadóttir, ritari.

**Skrifstofa félagsins:**

Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands er að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík. Sími 553 9493 eða 553 9494. Símaþréf, fax 553 9492. Heimasíða félagsins er [www.slfi.is](http://www.slfi.is) Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 08:00 til 12:30 og 13:00 til 16:00. Starfsfólk félagsins annast alla almenna skrifstofuþjónustu, upplýsingamiðlun túlkun kjarasamninga og erindrektur fyrir félagið og félagsmenn. Skrifstofan sér um sjóði félagsins svo sem félagssjóð, orlofssjóð, Minningar- og styrktarsjóð, Vinnudeilu- og verkfallssjóð auk þess sem hún afgreiðir erindi Starfsmenntasjóðs BSRB og Styrktarsjóðs BSRB. Ennfremur sér skrifstofan um úthlutun á orlofsbúðum og orlofshúsum félagsins í umboði Orlofsnefndar.

**Starfsfólk á skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands**

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður, netfang: [kristin@slfi.is](mailto:kristin@slfi.is)  
Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri, netfang: [gunnaro@slfi.is](mailto:gunnaro@slfi.is)  
Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri, netfang: [birna@slfi.is](mailto:birna@slfi.is)  
Hanna Hilmarsdóttir, bókeri, netfang: [hanna@slfi.is](mailto:hanna@slfi.is)  
Lilja Laxdal, skrifstofumaður, netfang: [lilja@slfi.is](mailto:lilja@slfi.is)  
Sigríður Ríkhardsdóttir, skrifstofumaður netfang: [sigga@slfi.is](mailto:sigga@slfi.is)

**Sjúkraliðinn:**

Sjúkraliðinn er gefinn út af Sjúkraliðafélagi Íslands í 3.300 eintökum.

**Ábyrgðarmaður:**

Kristín Á. Guðmundsdóttir

**Ritnefnd:**

María Busk, starfar í Mörk.  
Þorbjörg Rut Guðnadóttir, starfar á LSH.  
María Agústsóttir, starfar á Eir.  
Sigríður Karlsdóttir, varamaður, Hvammstanga.

**Umsjón:**

Gunnar Örn Gunnarsson

**Prentvinnsla og umbrot:**

Stafræna prentsmiðjan ehf., Hafnarfirði

**Minning**

**Guðrún Halldórsdóttir**

Þeir eru ófáir sjúkraliðarnir sem minnst Guðrúnar Halldórsdóttur með hlýhug, en hún átti stóran þátt í að þeir stigu það gæfuspör að mennta sig til sjúkraliðastarfa.

Guðrún var skólastjóri námsflokka í Reykjavík þegar Sjúkraliðaskóli Íslands var stofnaður árið 1975. Á þeim tíma gerðu stjórnenda skólans meiri kröfur um menntun nemenda sem óskuðu eftir inngöngu í skólann. Með því voru margir áhugasamir einstaklingar útilokaðir frá námi. Í mörgum tilfellum var um að ræða konur sem aðallega höfðu sinnt heimilisstörfum og barnauppleði. Þeirri ósk var komið á framfæri við heilbrigðisráðuneytið að starfsstúlkum sem áhuga hefðu á inngöngu í Sjúkraliðaskólann gæfist kostur á frekara undirbúningsnámi sem auðveldaði þeim inngöngu í skólann. Til þess að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd leitaði Sjúkraliðaskólinn, að undirlagi ráðuneytisins, til skólastjóra Námsflokka Reykjavíkur, með ósk um að hann skipulegði undirbúningsnám sem gerði einstaklingum með ónóga menntun kleift að komast inn í Sjúkraliðaskólann.

Guðrún Halldórsdóttir skólastjóri Námsflokka tók þessari málaleitan vel. Í upphafi var um eins vetrar nám að ræða og kennt í tveimur bekkjardeildum. Síðar varð breyting á inntökukröfum Sjúkraliðaskólans, þær hertar og til þess að fullnægja þeim kröfum varð að breyta forskólanum og lengja námið í fjórar annir. Skólastjóri Námsflokka var á þeim tíma atorkukona landsþekkt fyrir dugnað, manngæsku og ósérhlífni og ekki stóð upp á hana að hrinda náminu í framkvæmd.

Undirrituð var meðal þeirra sem stunduðu nám við námsflokka og er það í huga mér



Guðrún Halldórsdóttir.

einkar ánægjulegur tími. Ég minnst Guðrúnar sem konu sem umfaðmaði allt og alla með hlýju og lúmskum húmor.

Sjúkraliðafélag Íslands á Guðrúnu mikið að þakka og var hún því heiðruð á 40 ára afmæli félagsins árið 2006.

Við það tækifærið sagði Guðrún um Námsflokka og fyrrum nemendur sína :

„Margs góðs er að minnst frá samstarfinu við nemendur Forskóla sjúkraliða. Oft hef ég dáðst að dugnaði og einbeittni þessa fólks sem þar stundaði nám með fullu starfi og heimilisforsjá og náði samt dágóðum árangri og hef ég tæpast skilið hvernig það fór að því.“

Ég vil fyrir hönd forystu Sjúkraliðafélags Íslands og þeirra sjúkraliða sem stunduðu nám við Námsflokka enn og aftur þakka fyrir forgöngu hennar og baráttu fyrir menntun og tilurð stéttarinnar.

Minningin lifir um mæta konu.

Kristín Á. Guðmundsdóttir.

**Sumartími á skrifstofunni**

Sumartími er í gildi á skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands frá 1. maí til 15. september ár hvert, en þá er opið frá klukkan 8 að morgni til klukkan 16 síðdegis. Símatími skrifstofunnar er klukkan 9-12.30 og klukkan 13-16.

Skrifstofa félagsins er að Grensásvegi 16, efstu hæð, 108 Reykjavík. Sími 553 9493 eða 553 9494. Símaþréf 553 9492. Netfang: [slfi@slfi.is](mailto:slfi@slfi.is)



<b>Á DAGSKRÁ</b>	2
- Guðrún Halldórsdóttir minning	
- Sumartími á skrifstofunni	
<b>FORMANNSPISTILL</b>	3
- Fagfólk í heimahjúkrun	
<b>KJÖR OG RÉTTINDI</b>	4-9
- Hópuþsagnir á Akranesi	
- Launamisrétti eitt stærsta meinið	
- Mesta kaupmáttarrýrnun frá upphafi	
<b>SJÚKRALIÐASTARFIÐ</b>	10
- Hagnýtt nám fyrir bæði kynin	
<b>MENNTAMÁL</b>	11-12
- Sjúkraliðanemar á Íslandsmóti	
<b>LAGAUMHVERFIÐ</b>	13-15
- Ein lög fyrir allar heilbrigðisstéttir	
<b>STUTTFRÉTTIR</b>	15
- Hálendisferðir í júlí og ágúst	
-	
<b>RITGERÐIR SJÚKRALIÐANEMA</b>	16-19
- Málstofa nema í FB	
- Foreldrar fíkla	
- Geðsjúkdómar unglinga	
<b>FULLTRÚAÞINGIÐ</b>	20-30
- Aukinni gjaldtöku harðlega mótmælt	
- Aukin ábyrgð trúnaðarmanna	
- Ríkisstjórnin standi við stóru orðin	
- Lífeyrisréttindi verði varin	
- Stytt vinnuvika vaktavinnufólks	
- Álag á sjúkraliða hefur margfaldast	
<b>DÓMSMÁL</b>	31
- Ólögmat uppsögn	
<b>LÍKAMSRÆKT</b>	32
- „Hættið aldrei að hreyfa ykkur!“	
<b>SJÚKRALIÐAÐEILDIRNAR</b>	33-38
- Tveir fræðsludagar	
- Stöndum vörð um störfin okkar	
- Markmiðið að funda sem víðast	
- Fimm starfsnefndir	
- Verum á varðbergi	
- Óvissa vegna skipulagsbreytinga	
- Kveð með þakklæti og gleði	
<b>SJÓÐIRNIR</b>	39
- Samspil trygginga, sjóða og skatta	
<b>STUTTFRÉTTIR</b>	39
- Kynjabókhalda BSRB	
<b>AUGLÝSINGAR</b>	40
- Hálendisferðir sumarsins	
- Haustleiga orlofshúsa	
<b>FORSÍÐUMYNDIN</b>	
Jórunn Sóley Björnsdóttir og Unnur Héðinsdóttir sem fóru með sigur á fyrsta Íslandsmóti sjúkraliðanema.	

# Fagfólk í heima- hjúkrun



Kristín Á. Guðmundsdóttir,  
formaður Sjúkraliðafélags  
Íslands, skrifar

Heimahjúkrun/heimaþjónusta hefur aukist gríðarlega síðustu árin vegna aukins lífaldurs landsmanna og takmarkaðs framboðs á rýmum á öldrunarstofnunum.

Stjórnendur heimahjúkrunar hafa unnið faglega og gert þá kröfu að ráðið sé fagfólk til þess að annast þá sem þeirrar þjónustu njóta. Það hvarlar ekki að nokkrum manni annað en að ráða sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga til þess að hjúkra í heimahúsum og sjá um skráningu og annað sem kerfið krefst. Einnig eru ráðnir félagsliðar til þess að annast þau fjölmörgu störf sem skjólstæðingurinn þarfnast varðandi félagslega þáttinn.

Unnið er að því að hjúkrunarsjúklingar geti verið heima eins lengi og nokkur er kostur og á það ekki síst við um aldraða. Þegar svo er komið að einstaklingurinn getur ekki lengur verið heima heilsunnar vegna, þá er komið að því að fá inni á hjúkrunarheimilum. Rannsóknir hafa sýnt að meðallíftími inni á hjúkrunarheimilum er 31 mánuður og að 28,8% látast innan árs frá því að flutt er inn á heimilin. Þetta sýnir glögg að einstaklingar eru orðnir mjög veikburða er þeir fá inni. Þrátt fyrir það þykir ekki tiltökumál að þar taki ófaglærðir starfsmenn og unglingar í meirihluta við þeirri þjónustu sem veitt er. Þannig eru stjórnendur stofnana, sem ekki hafa faglegan metnað, ófúsir að ráða til starfanna sjúkraliða og er það sagt vera vegna sparnaðar. Einnig hefur það komið fram að unglingar eru frekar ráðnir til starfa en reyndir ófaglærðir starfsmenn vegna sparnaðar.

Nú á vordögum var samþykkt frá Alþingi ný heildarlöggjöf um heilbrigðisstarfsmenn og mun hún taka gildi um næstu áramót. Eigi nýju lögina að verða heilbrigðiskerfinu, starfsmönnum og ekki síður skjólstæðingum til góðs, þarf pólitíkin að hafa til að bera þor, kjark og framsýni þegar settar verða reglugerðir við hin nýju lög. Annars er hætt við að allt falli í gamla farið þar sem menntun fagfólks er ekki nýtt á réttan hátt.

Á nýafstöðnu fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands kom fram skýr krafa um að ríkisstjórn, sem kennir sig við norrænt velferðarsamfélag, efni margra ára loforð ríkisstjórna um að eyða óútskýrðum launamun kynjanna. Í síðustu kjarasamningum var gengið frá loforði við heildarsamtök opinberra starfsmanna um að setja í gang vinnu við að útrýma launamun og skyldi til þess nýttur svokallaður launastaðall. Enn bólar ekkert á þeim efndum. Forsvarsmenn BSRB hafa síðan þá átt fjölda funda með ráðherrum og embættismönnum þar sem forsætisráðherra hefur m.a. sett samráðherrum og embættismönnum fyrir það verkefni að vinna að málinu. Enn bólar ekki á neinum tilburðum í þá átt.

Það liggur fyrir að 77 sjúkraliðar voru skráðir á síðasta ári til starfsendurhæfingarráðgjafa hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði vegna langvarandi veikinda og eru flestir vegna stoðkerfisvandamála.

Til langs tíma hefur krafa sjúkraliða verið að kjör og starfsumhverfi stéttarinnar verði samþæfing við karlastéttir sem starfa við svipaðar aðstæður. Krafan er að vinnuvikan verði stytta, möguleiki verði á að stunda heilsuefingu í vinnutíma og að sjúkraliðum verði gert kleift að hætta næturvöktum við 55 ára aldur án skerðingar á launum.

Það er alveg ljóst að kostnaðurinn við aukin veikindi stéttarinnar er það mikill að hagstætt yrði fyrir atvinnurekendur að koma til móts við kröfur sjúkraliða.

*Rannsóknir hafa sýnt að meðallíftími inni á hjúkrunarheimilum er 31 mánuður og að 28,8% látast innan árs frá því að flutt er inn á heimilin*

## Hópuppsagnir á Akranesi

# Ellefu sjúkraliðar misstu vinnuna

„Niðurstaðan er óásættanleg fyrir byggðalagið og óverjandi gagnvart sjúkum og öldruðum íbúum Vesturlands, sem settir eru á guð og gaddinn. Síðast en ekki síst er lokun öldrunarlækningadeildar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi óásættanlegt fyrir þá starfsmenn og fjölskyldur þeirra sem hlut eiga að máli og eru nú sviptir afkomu sinni og framtíð hér á Akranesi,“ sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, á almennum fundi á Akranesi fyrr á þessu ári.

Tilfnið var ákvörðun Heilbrigðisstofnunarinnar að loka öldrunarlækningadeild Sjúkrahúss Akraness í sparnaðarskyni og segja upp um 30 konum, þar á meðal 17 sjúkraliðum. Þetta er gert þótt fyrir liggja að ekkert annað þjónustustig innan heilbrigðiskerfisins geti komið í staðinn fyrir þá þjónustu sem öldruðum er veitt á sérhæfðum öldrunarlækningadeildum.

Á E-deildinni á Akranesi voru 14 legurými. Tíu þeirra voru fyrir skammtíma- og langtímainnlagnir, þrjú fyrir endurhæfingarsjúklinga og eitt fyrir hvíldarinnlagnir. Á síðasta ári voru í allt 105 skjólstaðingar til meðferðar á þessari deild sem hefur nú verið lokað. Lokunin hefur í för með sér verulega skerðingu á þjónustu við aldraða á Vesturlandi, auk þess sem stór hópur fagfólks með áratuga reynslu af hjúkrun og umönnun aldraða hefur misst vinnuna.

Sjúkraliðinn ræddi við Kristínu og Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóra SLFÍ, um tilraunir félagsins til að fá þessari ákvörðun breytt, og sérkennileg vinnubrögð Heilbrigðisstofnunarinnar við uppsagnir starfsfólksins.

## Vildu losna við deildina

„Það kom okkur mjög á óvart þegar fréttir bárust af því að til staði að loka þessari deild og við vorum sammála Vesturlandsdeild sjúkraliða um að þetta væri grafalvarlegt mál,“ segir Kristín. „Þarna höfðu margir sjúkraliðar unnið mjög lengi



Erla Linda Bjarnadóttir, formaður Vesturlandsdeildar sjúkraliða, afhendir Guðbjartu Hannessyni, velferðarráðherra, áskorun um að koma í veg fyrir lokun öldrunarlækningadeildarinnar.

og þetta líklega eina deildin á landinu sem sýndi það í verki að sjúkraliðar geta haldið uppi mikilli gæðapjónustu. Þótt þarna hafi vissulega verið hjúkrunarfræðingar þá voru þeir ekki margir, þannig að starfið byggðist mjög mikið á sjúkraliðum. Við fórum strax í að ræða við stjórnendur Heilbrigðisstofnunarinnar, en héldum síðan ásamt forystu Vesturlandsdeildarinnar fund með hjúkrunarforstjóra sjúkrahússins á Akranesi og velferðarráðherra, Guðbjartu Hannessyni, til að freista þess að vinda ofan af þessari

fyrirætlun. Fljótlega kom í ljós að ekki var nokkur vilji til þess af hálfu stjórnenda sjúkrahússins að endurskoða þessa ákvörðun og reyndar ekki annað að skilja en að stofnunin vildi losa sig við þessa starfsemi, enda væri það ekki hlutverk sjúkrahússins heldur annarra stofnana að vista aldraða. Fundurinn var því árangurslaus.

Okkur varð einnig ljóst að íbúar á Akranesi vissu afskaplega lítið um þessa starfsemi og afleiðingar þess að deildin yrði lögð niður. Margir voru þar að auki haldnir þeim misskilningi að breytingar sem verið er að gera á húsnæði dvalarheimilisins Höfða á Akranesi myndu leysa vandann, en staðreyndin er sú að breytingar á húsnæði þeirrar stofnunar fjölga ekki hjúkrunarrýmum fyrir aldraða á svæðinu. Til að upplýsa bæjarbúa um þessa alvarlegu stöðu fórum við í það með Vesturlandsdeildinni að halda almennan borgarafund þar sem velferðarráðherra, þingmenn kjör-

*Niðurstaðan er óásættanleg fyrir byggðalagið og óverjandi gagnvart sjúkum og öldruðum íbúum Vesturlands sem settir eru á guð og gaddinn*



Hluti fundarmanna á borgarafundinum á Akranesi, þar sem margir mótmæltu lokun öldrunarlækningadeildarinnar.

dæmisins og bæjarstjórn Akraness var sérstaklega boðið. Þessi fundur var haldinn 12. janúar og var fullt út úr dyrum. Mikill hiti var í fundargestum sem skoruðu á velferðarráðherra að beita sér fyrir því að ákvörðunin yrði endurskoðuð. Það var ekki gert, og reyndar vakti það undrun okkar að bæjarstjórnarmenn á Akranesi virtust almennt hafa lítinn áhuga á málinu.“

„Á fundinn mættu meðal annarra aðstandendur fólks sem hafði verið í endurhæfingu á E-deildinni og lýstu mikilli ánægju með árangurinn, því vistin á deildinni hefði gert þessum einstaklingum kleift að komast aftur út í lífið,“ segir Gunnar Örn. „Þeim fannst því skjóta skökku við að loka ætti deild sem náð hefði slíkum árangri fyrir marga skjólstæðinga sína.“

Skjólstæðingar deildarinnar hafa ýmist verið vistaðir á öðrum deildum spítalans eða verða að reiða sig á þjónustu heimahjúkrunar. „En ég hef ekki séð þá viðbót við heimahjúkrun sem svona aðgerðir hljóta að kalla á,“ segir Kristín. „Þannig veit ég ekki til þess að heimahjúkrunin á Akranesi hafi bætt við sig sjúkraliðum eftir að E-deildinni var lokað.“

### Ílla staðið að uppsögnum

Um þrjátíu manns, aðallega konur, fengu uppsagnarbréf frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Sjúkraliðafélagið hafði strax afskipti af framkvæmd uppsagnanna, sem var um margt sérstæð, og hafði lögræðing félagsins með í ráðum.

„Eitt af því sem stjórnendur heilbrigðisstofnunarinnar gerðu var að segja upp trúnaðarmönnum félagsins, þar á meðal formanni Vesturlandsdeildar sjúkraliða, þótt fyrir lægi að nokkrir starfsmenn deildar-

innar fengu áframhaldandi störf á Sjúkrahúsinu,“ segir Kristín. „Við gerðum strax athugasemdir við þetta háttarlag og höfum haldið því til streitu að trúnaðarmennirnir tveir hefðu átt að halda vinnunni, enda væri það í samræmi við ákvæði laga og dóma Félagsdóms um starfsvernd trúnaðarmanna. Fyrir félagið er mjög mikilvægt að standa vörð um trúnaðarmenn því þeir þurfa oft að taka að sér óvinsæl verkefni og mikilvægt að stjórnendur geti ekki refsað þeim með uppsögnum. Við fórum með lögmanni okkar á fund stjórnenda stofnunarinnar til að ræða málið og í kjölfarið höfum við frétt að trúnaðarmennirnir komi til með að halda vinnunni. En það er auðvitað ekki einfalt mál því síðasti vinnudagur á E-deildinni sálugu er liðinn og fólk er sárt og svekkt eftir þessa meðferð.“

„Það voru 17 sjúkraliðar sem fengu uppsagnarbréf frá stofnuninni, en sex þeirra hafa verið endurráðnir sem þýðir að 11 sjúkraliðar hafa misst vinnuna,“ segir Gunnar Örn. „Margir hafa unnið í áratugi hjá stofnunni og það er því gífurlegt áfall fyrir þetta fólk að missa vinnuna. Þá höfum við þurft að gera athugasemdir við fjölmargt varðandi uppsagnaferlið, allt frá því að uppsagnarbréfin voru ekki afhent starfsmönnum eins og vera ber heldur send í almennum pósti. Þótt stjórnendur hefðu lofað því í upphafi að þeir myndu gera allt sem hægt væri til að verja hagsmuni starfs-

fólksins sem sagt var upp, ber allt ferlið með sér að það var ekki haft að leiðarljósi.

Eitt gleggsta dæmið um þetta var að stofnunin framlengdi einhliða skerðingu á starfsprösentu sjúkraliða. Forsaga málsins var sú að árið 2010 féllust sjúkraliðar á 10% skerðingu starfsprösentu í eitt ár til að koma í veg fyrir uppsagnir á stofnuninni. Um þetta var gert skriflegt samkomulag með aðkomu Sjúkraliðafélagsins þar sem skýrt er tekið fram að skerðingin gildi aðeins í eitt ár og að sjúkraliðar endurheimti þessi 10% aftur að ári liðnu. Þrátt fyrir þetta framlengdi stofnunin einhliða þessa skerðingu án samráðs við sjúkraliða eða Sjúkraliðafélagið, sem þýðir að við uppsagnir skerðast réttindi sjúkraliða sem þessu nemur. Félagið mótmælti þessu harðlega og krafðist þess að staðið yrði við samkomulagið. Mörg önnur vandamál tengjast þessum uppsögnum, meðal annars spurningin um lífeyrisréttindi sjúkraliða sem eru í B-deild LSR, en starfsmenn missa réttinn til að halda áfram í B-deildinni ef þeir eru atvinnulausir í eitt ár.“

„Þessar uppsagnir eru auðvitað mikil blóðtaka fyrir lítið samfélag eins og Akranes,“ segir Kristín. „Það eru litlir sem engir möguleikar fyrir meginþorra þeirra sem misstu vinnuna með lokun E-deildarinnar að fá sambærileg störf á Akranesi. Það er líka tómt mál að ætla þessum starfsmönnum að sækja vinnu til Reykjavíkur, hvorki eru laun viðkomandi svo há né samgöngur með almenningsvögnum þannig að það sé ásættanlega lausn fyrir vaktavinnufólk. Áætla má að þessi gjörningur muni því hitta fyrir hátt í 100 manns í þessu litla samfélagi, þegar lítið er til fjölskyldna þeirra sem misstu vinnuna.“

„Þessar uppsagnir eru auðvitað mikil blóðtaka fyrir lítið samfélag eins og Akranes“

Fyrsti maí í Vestmannaeyjum

# Launamisrétti eitt stærsta meinið

„Krafa okkar er að launamunur kynjanna verði jafnaður út, velferðarkerfið verði varið, heilbrigðiskerfinu verði hlíft, ríkið greiði upp skuld sína við lífeyrissjóðinn og að þjóðin sameinist um að komast út úr kreppunni á sem stystum tíma,“ sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, í ræðu sem hún hélt á baráttudegi launafólks, fyrsta maí, í Vestmannaeyjum.

„Það er mér sönn ánægja að vera hér með ykkur í dag,“ sagði Kristín í upphafi máls síns. „Vestmannaeyjar eiga sér töluvert stóran sess í hjarta mér þar sem ég ólst upp við það að horfa á þær út um gluggann heiman frá mér á Mið-Grund undir Eyjafjöllum. Vitandi að ég átti fjöldann allan af skyldmönnum hér sem gaman væri að geta heimsótt. En þó svo að stutt væri yfir, þá var það ekki svo auðvelt enda himinn og haf á milli okkar. Þetta hefur sem betur fer verið að breytast með tilkomu Landeyjahafnar sem vonandi er að komi til með að verða til friðs í framtíðinni. Við þrosuðum oft um það unglíngarnir uppi á landi eftir því hvar við áttum heima við ströndina, hvaðan eyjarnar væru fallegastar og auðvitað þótti hverjum sitt útsýni fallegast. Hinsvegar er það nú svo að hvergi eru eyjarnar fallegri en einmitt hér úti í eyjum.“

Hér í Vestmannaeyjum hefur blómstrað mannlíf sem hefur staðið mann fram af manni við það að vinna fyrir salti í grautinn og hefur bara oft á tíðum verið vel ágengt í þeim efnunum. Vertíð eftir vertíð kom ungt og galvaskt fólk ofan af landi og tók þátt í fiskvinnslustörfum. Hér hefur fólk ekki lagt í vana sinn að liggja á meltunni heldur látið hendur standa fram úr ermum við að koma sjávarafnanum í verðmæti þjóðarbuinu til góða.

Það er því með gleði að ég stend hér í dag á alþjóðlegum hátíðisdegi verka-



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, flytur ræðu á fyrsta maí. Myndin var tekin í Hafnarfirði.

lýðsins og óska okkur öllum gleðilegrar hátíðar.“

## Bitnar á börnum og mæðrum

„1. maí hefur verið haldinn hátíðlegur síðan árið 1923, en þá var fyrsta 1. maí kröfugangan á Íslandi, og hefur dagurinn verið löggiltur frá árinu 1966. Á þessum árum hefur mikið vatn runnið til sjávar og erfiðleikar fólks við að brauðfæða sig breyst til batnaðar.“

Hinsvegar er það nú svo að enn eru til þær fjöldskyldur sem ekki hafa til hnífs og skeiðar og má þar fyrst og fremst kenna um því efnahagshruni sem þjóðin varð fyrir fyrir fjórum árum síðan. Þeir sem verst hafa orðið úti eru barnmargar fjöldskyldur, einstæðir foreldrar og þá

*Þeir sem verst hafa orðið úti eru barnmargar fjölskyldur, einstæðir foreldrar og þá sérstaklega einstæðar mæður.*

sérstaklega einstæðar mæður. Það er þyngra en tárur taki að hugsa til þess að það séu helst börnin sem fátæktin bitnar á og já mæðurnar. Mæðurnar sem standa einar hafa ekki sömu tækni á að afla sér tekna og feðurnir. Fyrir þær sakir að þær eiga erfiðara með að komast til vinnu. Almennt þykir mun eðlilegra að hlaupa undir bagga með einstæðum feðrum varðandi pössun. Einstæða móðirin á síður bíl til þess að komast með börnin sín til og frá leikskóla.

Þó að einstæð móðir sé starfandi þá er það jafn satt og ég stend hér að íslenska þjóðin hefur ekki komist lengra en raun ber vitni í launajafnrétti kynjanna. Launamisrétti kynjanna er eitt stærsta meinið í íslensku samfélagi. Það að komin sé 21. öldin og við ekki komin lengra í jafnréttisbaráttunni er þjóðinni allri til ævarandi skammar. Það er ekki við neinn einn að sakast heldur miklu frekar því að við höfum enn ekki komist frá þeirri menningu sem við höfum alíst upp við. Strax við unglingsaldurinn þykir ekki tiltökumál að strákarnir hafi allt upp í tvöföld laun stelpnanna hvort sem verið er að vinna hlið við hlið eða ólík störf. Já hver kannast ekki við að drengirnir séu jafnvel með hærri laun en mæður þeirra, jafnvel þótt þær séu með ágætis starfsmenntun.“

## Störf kvenna mjög verðmæt

„Þau störf sem konur helst starfa við eru ekki talin jafn verðmæt og önnur störf. En er það svo í raun og veru?“

Eru störf fiskverkakonunnar ekki gríðarlega verðmæt? Eru hjúkrunarstörf sjúkraliða og umönnunarstörf annars þjónustufólks innan heilbrigðiskerfisins ekki gríðarlega verðmæt? Eða eru störf kennara ekki gríðalega verðmæt?

Svarið er „jú, víst eru þetta mjög verðmæt störf.“ Þau eru svo verðmæt að ef þau væru ekki innt af hendi væri hér

enginn til þess að vinna fiskinn fyrir markaði. Það væru engir til þess að koma veikum einstaklingum til heilsu þrátt fyrir greiningu lækna á sjúkdómum og lyfjatilvísunum. Og það væru fáir eða engir til þess að taka á móti unga fólkinu frá leikskóla og upp á háskólastigið.

Víst eru þetta gríðarlega mikilvæg störf.

Það eru frekar konur sem starfa við opinbera þjónustu, hvort sem er á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, með fötluðum eða í skólum. Það er sjaldnast lítið á það hvar við værum ef þessarar þjónustu nyti ekki við.

Ég get ekki stillt mig um að minnst á stöðu þeirra sem starfa innan heilbrigðiskerfisins, enda Eyjamönnum mikið hugðarefni þegar haft er í huga að eitt af fyrstu sjúkrahúsum landsins var byggt hér í Vestmannaeyjum. Til þess beinlínis að sporna við ungbarnadauða, sem hér geisaði til margra ára.

En heilbrigðisþjónusta er mjög viðkvæm og þolir illa miklar sveiflur. Hvorki í fjármunum sem henni er reiknuð né mannafla. Þrátt fyrir það hefur heilbrigðisþjónustan orðið fyrir endalausum niðurskurði öll þau ár sem hið umtalaða góðæri stóð. Áfram er skorið niður og nú sem aldrei fyrr. Sjúkrahús hafa verið sameinuð og ákveðið að stór aukning skuli verða á innlögnum sjúklinga inn á Landspítala og á Fjórðungs-sjúkrahúsið á Akureyri. Annarstaðar skuli ekki starfræktar skurðstofur. Allt er þetta gert með samþykki forstjóra hátaeknisjúkrahússins og undir yfirskriftinni að um sparnað sé að ræða. Nú ber svo við í fréttum að forstjóri Landspítalans lætur taka við sig viðtal þar sem hann býsnast yfir þeim aukna fjölda sjúklinga sem hrúgast inn á Landspítala og nú verði bara að auka fjárframlög til sjúkrahússins. Farið er fram á að það fjármagn sem sjúkrahúsin á landsbyggðinni þurftu á að halda fyrir ári síðan komi inn á Landspítala.

Starfsfólk heilbrigðiskerfisins stendur frammi fyrir því að störfin færast á færri og færri hendur. Fólki hefur verið sagt upp störfum eða gert að lækka starfsþéttu sína. Þeir sem eftir eru þurfa að hlaupa hraðar og hraðar líkt og hamstrar í hjóli og eru þegar búnir líkamlega eða við það að springa á sál og líkama. Hverjir eru þetta svo? Jú, það eru konur. Stærsti hópur starfsmanna í velferðarkerfinu er konur.“



Sjúkraliðar fylkja liði undir fána félagsins á baráttudegi verkalyðsins.

## Velferðarkerfið

„Velferðarkerfi? Hvað er það?

Þeir eru líklega fáir sem í fljótu bragði geta svarað því, enda flókið og margþætt. Um er að ræða þjónustu á mörgum sviðum.

Flestir sjá það fyrir sér sem öryggisnet. Svo sem björgunarþylu, lækni-hjálp, bætur verði þeir fyrir einhverjum skakkaföllum í lífinu svo sem vegna slysa, örorku, sjúkdóma eða atvinnuleysis.

Öryggisnet er allt of þröng skilgreining. Því eins og ég kom að áðan þá er skólakerfið okkur gríðalega mikilvægt allt frá leikskóla upp í háskóla með öllum þeim gráðum sem þar er að fá.

Í velferðarríki er greiddur grunnlífeyrir til þeirra sem engar tekjur hafa, heimilisuppbót, og önnur tekjutenging. Þó að margir gefi nú ekki mikið fyrir þetta þá hefur það samt sem áður komið í veg fyrir að fólk lendi á vergangi eins og svo oft tíðkaðist hér áður fyrr. Eins og þegar hreppsnefndir tóku til þess ráðs að senda fátæka einstaklinga heim á þá sveit þar sem þeir áttu sveitarfestu eins og sagt var.

Þeir sem verið hafa á vinnumarkaðnum

*Ósanngjarn áróður  
hefur verið uppi um að  
opinberir starfsmenn hafi  
mun meiri lífeyri en á al-  
menna markaðnum.*

um hafa greitt í lífeyrissjóð sem þeir fá síðan greitt úr þegar starfsævinni lýkur.

Þó við getum öll verið sammála um að allt of mikill hluti þeirra tekna séu gerðar upptækir með of stífri tekjutengingu þá blasir það við að á tímum sem þessum væri lífið mun erfiðara fyrir margan aldraðan einstaklinginn hefðu sjóðirnir ekki verið til.

Í raun eru þetta einu fjármunirnir sem við höfðum haft úr að spila eftir hrunið.“

## Ósanngjarn áróður

„B-deild Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna hefur í áranna rás ekki fengið greitt frá ríki í samræmi við skyldur ríkisins sem atvinnurekanda. Með öðrum orðum hefur ríkisvaldið tekið stóran hluta af eignum sjóðsins að láni og ekki reynt að greiða nema lítið brot til baka þrátt fyrir uppsveiflu í þjóðarbúinu á árunum fyrir hrún. Nú er komin upp sú staða að sjóðurinn mun ekki geta greitt út til félagsmanna sinna að örfáum árum liðnum verði ekkert að gert.

Þessi umræða hefur gert það að verkum að ósanngjarn áróður hefur verið uppi um að opinberir starfsmenn hafi mun meiri lífeyri en á almenna markaðnum. Komið hefur í ljós að þrátt fyrir að almennt séu greiðslur úr almennu lífeyrissjóðunum til ellilífeyris talsvert lægri en úr þeim opinberu, þá jafnast bilið þegar tekið er tillit til greiðslu frá Tryggingastofnun Íslands. Þessi jöfnun stuðlar að því að allir ná ákveðnu lágmarki ráðstöfunartekna. Greiðslurnar frá TR eru skertar eftir því sem meira er greitt út úr lífeyrissjóðunum. Skattgreiðslur minnka einnig muninn því að þeir sem meiri tekjur hafa eru jafnframt meiri tekjustofn fyrir ríkið. Þetta var eitt af því sem fram kom í rannsókn sem Benedikt Jóhannsson vann fyrir bandalög opinberra starfsmanna.

Jafnframt má benda á töluverðan mun á launakjörum fólks eftir því hvort unnið er hjá ríki eða á almenna vinnumarkaðnum, opinberum starfsmönnum í óhag.

Nú er verið að vinna að því að endurskoða lífeyriskerfið og er meðal annars verið að skoða hvort hægt sé að setja upp sameiginlegt kerfi fyrir alla landsmenn. Takist það er óskandi að friður komi til með að ríkja um þessi mál í framtíðinni. Það er okkur sem þjóð nauðsynlegt að vernda lífeyriskerfið og koma því svo fyrir að allir sjái hag sinn í því að greiða í lífeyrissjóð.“

Ný skýrsla um efnahagshrunið og viðbrögðin

# Mesta kaupmáttarrýrnun frá upphafi

Kjaraskerðingin sem hlaust af hruninu var óvenju stór í sögulegu samhengi, en þó náðist umtalsverður árangur í að milda áhrif kreppunnar á afkomu lægri og milli tekjuhópa, um leið og hlutfallslega meiri byrðar lögðust á hærri tekjuhópa. Þetta er niðurstaða skýrslu sem unnin var á Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands fyrir velferðarráðuneytið og fjallar um áhrif hrunsins á lífskjör þjóðarinnar.


Skýrslan tekur til meðferðar einkenni og umfang hrunsins haustið 2008, tekjuskiptingu og megináhrif kreppunnar á ólíka tekjuhópa. Seinni skýrsla mun fjallar um skuldavanda, fjárhagsþrengingar heimila og hvernig lágtekjuhópum hefur reitt af í kreppunni. Skýrsluhöfundar telja að eftirfarandi aðgerðir hafi stuðlað að mildun kjaraskerðingarinnar fyrir lægri tekjuhópa:

Stjórnvöld hækkuðu lágmarks framfærslutryggingu almennatrygginga, vaxtabætur og atvinnuleysisbætur. Þá var tekjuskattbyrði lægri og milli tekjuhópa lækkuð um leið og skattbyrði hærri tekjuhópa var aukin, aðilar vinnumarkaðarins hækkuðu allra lægstu laun 2009 og almenn laun frá 2010, og unnið var að úrræðum í atvinnumálum, menntun og vinnumarkaðsmálum til að draga úr umfangi atvinnuleysis. Velferðarútgjöldum var meira beint að lægri tekjuhópum.

## Kjaraskerðingin

Í niðurstöðum skýrslunnar er umfangi og afleiðingum hrunsins lýst:

Hruni fjármálakerfisins á Íslandi fylgdi efnahagskreppa sem er önnur stærsta samdráttarkreppa lýðveldistímans. Þjóðarframleiðslan dróst meira saman á tímabilinu frá 1948 til 1952, eða um 13,9% á móti um 10% frá 2008 til 2010. Einkaneysla dróst meira saman 2007 til 2010 en áður eru dæmi um á lýðveldistímanum, frá 1945. Kjaraskerðing heimilanna, miðað við kaupmáttarrýrnun ráðstöfunartekna á mann, varð sú stærsta



Hrunið hafði í för með sér hrikalega kjararýrnun eins og sést á þessari mynd.

sem orðið hefur frá því samræmdar mælingar hófust árið 1955.

Það sem einkum orsakaði kjaraskerðinguna var mikið gengisfall krónunnar og verðbólga sem hlaust af því, sem raunar hófst fyrir hrun en tók síðan mikla dýfu með falli bankanna. Saman fór mikil rýrnun kaupmáttar ráðstöfunartekna vegna verðhækkana, meira atvinnuleysis, minna vinnumagns og launalækkana, auk vaxandi skuldabyrði sem einnig orsakaðist af verðbólguáhrifum gengisfallsins. Samdráttur þjóðarframleiðslu á Íslandi frá 2008 til 2010 var sá fimmti mesti á Vesturlöndum. Eystrasaltlöndin þrjú og Írland urðu

fyrir meiri samdrætti þjóðarframleiðslu en Ísland. Meðalrýrnun kaupmáttar ráðstöfunartekna á Íslandi varð ein sú allra mesta í Evrópu, einkum vegna hins mikla gengisfalls krónunnar. Útgjöld til einkaneyslu drógust saman um nálægt 20% frá 2008 til 2011. Eystrasaltlöndin voru með svipaðan samdrátt í einkaneyslu, en á Írlandi dróst hún saman um nærri 12%. Vegna Evrunnar, sem varði Íra gegn gengisfalli, þá rýrnuðu ráðstöfunartekjur og einkaneysla minna þar að meðaltali en hjá Íslendingum.

Atvinnuleysi varð minni vandi á Íslandi en almennt í Evrópu. Hámarki náði það 2009 í tæplega 9% en á Írlandi fór það í um 14%. Við lok árs 2011 var atvinnuleysi á Íslandi um 7%, vel undir meðaltali Evrópuþjóða og Bandaríkjanna. Það má telja mikinn árangur í ljósi þess hversu stórt hrunið var og samdrátturinn sem fylgdi í kjölfarið, ásamt skuldavanda bæði stjórnvalda, heimila og fyrirtækja.

Skýrsluhöfundar segja að botni kjaraskerðingarinnar virðist hafa verið náð um mitt ár 2010 og eftir það tók kaupmáttur launa að aukast á ný. Frá febrúar til febrúar

*Kjaraskerðing heimilanna, miðað við kaupmáttarrýrnun ráðstöfunartekna á mann, varð sú stærsta sem orðið hefur frá því samræmdar mælingar hófust árið 1955.*



2011-2012 jókst kaupmáttur launavísitölunnar um 4,6% sem er mesta hækkun frá árinu 2000. Einkaneysla er tekin að aukast á ný frá seinni hluta 2010 og á árinu 2011 og er það í samræmi við kaupmáttaraukninguna. Hagvöxtur á Íslandi árið 2011 var sá áttundi mesti sem varð á Vesturlöndum og spá fyrir árið 2012 (um 2,5%) er mun hagstæðari en hjá flestum evrópskum og amerískum þjóðum.

Þó atvinnuleysi lækki hægt á Íslandi og sé enn óvenju hátt, er atvinnustig hér við lok ársins 2011 það hæsta sem mælist í Evrópu.

### Breytt tekjuskipting


Einnig er fjallað í skýrslunni um þær breytingar sem orðið hafa á tekjuskiptingu þjóðarinnar, en þar segir:

Frá um 1995 til 2007 var tekjuskiptingin á Íslandi sífellt að verða ójafnari. Ráðstöfunartekjur hæstu hópa jukust langt umfram alla aðra tekjuhópa. Umfang hins aukna ójafnaðar var fordæmalaus á Vesturlöndum frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Hátekjufólk hagnaðist afar mikið á bóluhagkerfinu fram að hruni. Aukning ójafnaðarins var mest þegar allar skattskyldar tekjur eru meðtaldar, en minni fyrir einstaka tekjuliði eina og sér. Dreifing allra helstu tekjuliða varð þó umtalsvert ójafnari á tímabilinu fram að hruni, einkum eftir aldamótin er hraði í aukningu ójafnaðarins varð mun meiri. Hámarki náði ójöfnuðurinn á hápunkti bóluhagkerfisins árið 2007. Eftir það varð tekjuskiptingin aftur mun jafnari, vegna meiri jöfnunarhrifa skatta og bóta og vegna minni fjármagnstekna. Ójöfnuðurinn árið 2010 er nú svipaður og var milli árana 1998 og 1999.


Tekjuskattbyrði lágtekjuhópa minnkaði í kreppunni en skattbyrði hátekjuhópa jókst. Millitekjuhópar fengu einnig nokkra lækkun á skattbyrði í kreppunni. Í reynd lækkaði tekjuskattbyrði 6 af hverjum 10 heimila eða stóð í stað eftir hrun, þ.e. þeirra sem lægri tekjur höfðu. Einingis um 40% fjölskyldna fengu hækkaða tekjuskattbyrði í kreppunni og var það bundið við tekjuhæstu fjölskyldurnar.

Fram að hruni hafði skattbyrði hátekjuhópa lækkað mikið, alveg frá 1995 til 2007, um leið og skattbyrði lágtekjuhópa hækkaði mikið til ársins 2004, er hún náði hámarki. Skattbyrði hátekjuhópa var óvenju lítill á Íslandi fyrir hrun, í samanburði við OECD-ríkin.

Flestar þjóðir Vesturlanda beita niður-



Samanburður við önnur vestræn ríki í kreppu. Á myndinni er samdráttur vergrar landsframleiðslu Íslendinga frá 2008 og út 2010 sýndur í samanburði við Evrópuríkin, Bandaríkin og Japan (upp-söfnuð % breyting fyrir þrjú kreppuárin).



Þróun tekjuskiptingarinnar fyrir og eftir hrun. Hér sést hvernig ójöfnuðurinn jókst fram að hruni, en snerist við í kjölfarið. Miðað er annars vegar við allar ráðstöfunartekjur fjölskyldna, en hins vegar ráðstöfunartekjur þar sem söluhagnaðarhluta fjármagnstekna er sleppt.

skurðar- og samdráttaraðgerðum til að bregðast við erfiðri fjárhagsstöðu hins opinbera í kreppunni. Þær aðgerðir hafa oft þau áhrif að auka atvinnuleysi og rýra velferðarkerfin (lífeyri og bætur, auk út-

*Einingis um 40% fjölskyldna fengu hækkaða tekjuskattbyrði í kreppunni og var það bundið við tekjuhæstu fjölskyldurnar.*

gjalda til velferðarþjónustu), sem kemur síðan illa við hag heimilanna, oft sérstaklega illa fyrir lágtekjuheimili. Miklu skiptir því hvernig slíkar aðgerðir eru útfærðar, ekki síst fyrir það hvernig byrðar kreppunnar leggjast á ólíka tekjuhópa. Leið Íslands, sem fól í sér blandaðar aðgerðir niðurskurðar og skattahækkana á tekjuhærri hópa, hefur skilað miklum árangri, bæði í að bæta fjárhag hins opinbera og endurreisa fjármála- og atvinnulíf, auk þess að milda áhrif kreppunnar á afkomu og atvinnu lægri og millitekjuhópa.

# Hagnýtt nám fyrir bæði kynin

„Ég get hiklaust mælt með því við stráka að fara í nám á sjúkraliðabraut því námið sem slíkt er afar lærdómsríkt og gagnlegt fyrir hvern sem er, líka þá sem vilja seinna fara aðrar leiðir eða bæta við sig enn frekari menntun. Og starf sjúkraliðans er mjög gefandi og það skiptir miklu máli að vera ánægður í starfinu og finna að maður geri gagn.“

Þetta segir Ásmundur Þórhalls-son, sjúkraliði á Akureyri. Hann er gjaldkeri Deildar sjúkraliða á Norðurlandi eystra og sat nýverið fulltrúafing Sjúkraliðafélags Íslands í annað sinn. Það kom honum á óvart hversu umfangsmikil starfsemi félagsins er.

„Já, eftir að ég gaf kost á mér í stjórn deildarinnar og fór að kynna félagsstarfinu finnst mér starf Sjúkraliðafélagsins mun öflugra en ég hafði gert mér grein fyrir,“ segir hann.

Ásmundur er fæddur og uppalinn í Skagafirði, en hefur síðasta áratuginn búið á Akureyri. Hann er kvæntur Hörpu Hafbergsdóttur og eiga þau hjónin tvö börn.

## Hagnýtt nám

Sjúkraliðastéttin er sem kunnugt er að yfirgnæfandi meirihluta kvennastétt og þess vegna fannst Sjúkraliðanum tilvalið að spyrja Ásamund um ástæður þess að hann fór til náms á sjúkraliðabraut.

„Ég hafði engar ákveðnar hugmyndir um frekara nám áður en ég fór á sjúkraliðabraut, en tveir félagar mínir sem voru að vinna á deildum Landspítalans, annar á öldrunardeild en hinn á geðdeild, ræddu mikið við mig um starfið og vænlegar námsbrautir,“ segir Ásmundur. „Mér leist vel á sjúkraliðabrautina vegna þess að þar voru kennd ýmis fög sem ég gæti síðar nýtt til annars náms ef ég vildi. Þetta varð til þess að ég hóf nám á sjúkraliðabraut árið 1997 og gat þar nýtt mér nokkra áfanga sem ég hafði áður tekið í fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki. Ég lauk öllum öðrum áföngum í fjölbrautaskólanum við Ármúla og útskrifaðist þaðan árið 2000.“



Ásmundur Þórhalls-son, sjúkraliði á Akureyri, og börnin Andrea Ýr og Eyþór Logi fyrir framan sjúkrahúsið á Akureyri.

Ásmundur vann af og til með náminu, einkum þegar líða tók á námið, og var þá meðal annars á næturvöktum á Landspítalanum og vann þar líka vaktavinnu fyrstu árin eftir að hann fékk starfsleyfi sjúkraliða. Þegar hann flutti svo norður til Akureyrar árið 2002 fékk hann fyrst vinnu á öldrunardeild sem rekin var í Kjarnalundi, rétt utan við bæinn, en flutti sig síðan um set og hefur undanfarin ár starfað á geðdeild sjúkrahússins á Akureyri. Hann ætlaði að taka þátt í nýju framhaldsnámi sjúkraliða í geðhjúkrun, en varð að fresta því þegar hætt var við að bjóða upp á kennsluna í fjarnámi.

## Mjög góð reynsla

- Ásmundur var oftast eini karlmaðurinn í sínum árgangi á sjúkraliðabrautinni. Hvernig fannst honum það?

„Jú, það var auðvitað skritið í fyrstu, en það vandist fljótlega,“ segir hann. „Á geðsviðinu þar sem ég hef mest starfað er yfirleitt jafnara hlutfall karla og kvenna í

starfi en á sumum öðrum deildum þar sem konur eru í yfirgnæfandi meirihluta, eins og til dæmis á öldrunarsviði þar sem ég var líka að vinna hér áður fyrr.“

- En er starfið ekki jafnt fyrir karla sem konur?

„Jú, ég myndi tvímælaust segja að þetta starf henti báðum kynjunum.“

- Hvers vegna eru þá svona fáir karlmenn í stéttinni?

„Launin hafa auðvitað sitt að segja,“ svarar Ásmundur. „En svo er það bara þannig að flestir líta á sjúkraliða sem kvennastétt og það hefur reynst erfitt að breyta því hugarfari fólks.“

- Hver er þín reynsla af sjúkraliðastarfinu?

„Mín reynsla af sjúkraliðanáminu og sjúkraliðastarfinu er mjög góð. Ég vinn með góðu fólki á vinnustað þar sem starfandinn er mjög góður. Hins vegar er erfitt að vinna vaktavinnu, það raskar oft fjölskyldulífinu að vera að vinna mikið á kvöldin og á nóttunni. Það er hins vegar viðtækara vandamál sem snertir allar vaktavinnustéttir í landinu. Launin fyrir dagvinnu eru almennt það lág að til þess að hafa viðundandi tekjur er nauðsynlegt að taka kvöld- og næturvaktir, þótt sú umbun sem vaktavinnufólk fær fyrir óreglulegan vinnutíma mætti að vera hærrí.“

„Mín reynsla af sjúkraliðanáminu og sjúkraliðastarfinu er mjög góð.“



Fjögur tveggja manna lið sjúkraliðanema tóku þátt í Íslandsmótinu. Hér sjást allir keppendurnir við verðlaunaafhendinguna.

## Íslandsmót sjúkraliðanema í fyrsta sinn

# Lið FB sigraði

Sjúkraliðanemar tóku í fyrsta sinn þátt í Íslandsmóti Iðn- og verkgreina, sem haldið var í húsnæði Háskólans í Reykjavík 9.-10. mars síðastliðinn. Fjögur lið sjúkraliðanema tóku þátt í keppninni og bar lið Fjölbrautaskólans í Breiðholti sigur úr bitum. Sigurliðið fékk gullverðlaun, en hin liðin silfur, og sigurskólinn fékk peningagjöf frá Sjúkraliðafélaginu til tækjakaupa fyrir sjúkraliðabrautina.

Samtökin Verkið standa að Íslandsmótinu, en þau eru einnig aðilar að fjölþjóðlegum samtökum sem halda slíka keppni í Evrópu (EuroSkills) og á heimsvísu (WorldSkills). Markmið samtakanna er að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar, bæta ímynd iðn- og verkgreina, halda Íslandsmót iðn- og verkgreina annað hvert ár, vekja athygli á tækifærum sem felast í námi og starfi í þessum greinum og vera samstarfsaðili við erlenda aðila og samtaka sem vinna á sama grunni.

Mótið í mars var hið fjölmennasta til þessa því um 170 nemendur kepptu til verðlauna í 24 greinum. Þátttakendur eru allir nemendur í iðn- og verkgreina-skólum landsins og er aldurshámark almennt 21 ár, en vegna aldursþáttsetningar sjúkraliða var miðað við að þeir væru innan við þrítugt. Mót sem þetta

veitir ungu fólki tækifæri til sýna fram á færni sína og kunnáttu því tekist er á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reynir á hæfni, skipulagshæfileika og fagmennsku.

Íslandsmótinu er ekki síst ætlað að vekja athygli ungs fólks á grunnskólaaldri á þeim tækifærum sem felast í námi og störfum í iðngreinum. Grunnskólanemendum í 9. og 10. bekkjum landsins var því boðið sérstaklega og mættu um 2000 nemendur og kennarar grunnskólanna á mótið.

### Kynntust þessu í Noregi

En hvernig kom það til að Sjúkraliðafélag Íslands tók þátt þessu móti í fyrsta sinn? Því svarar Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri félagsins og formaður fræðslunefndar.

„Við höfum lengi vitað af þessum mótum, en sáum það alls ekki fyrir okkur að við gætum keppt í sjúkraliðun,“ segir Birna. „En fyrir nokkrum árum vorum

við á fundi Evrópusambands sjúkraliða í Noregi og þá var okkur boðið að heimsækja svona mót sem var mjög stórt í sniðum og fjölmennt og þá sáum við sjúkraliðanema keppa.

Þegar heim kom fórum við að hugsa málið og ræddum við brautarstjóra á sjúkraliðabrautum framhaldsskólanna, sem voru jafn mikið spurningamerki og við höfðum verið áður en við sáum sjúkraliðanemana keppa í Noregi. Þetta voru mjög eðlileg fyrstu viðbrögð, því það var okkur öllum framandi hugmynd að hægt væri að keppa í umönnun sjúklinga.

En við héldum áfram að ræða málið og sjá hvort hægt væri að fá lið til keppni í þessu móti. Við ræddum við fimm skóla og þrjár þeirra bitu á agnið. Þannig fengum við tvö lið frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla, eitt lið frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og eitt lið frá Verkmenntaskólanum á Akureyri.“

### Mikill undirbúningur

Það var mikið verk að undirbúa og skipuleggja þátttöku sjúkraliðanema í Íslandsmótinu í fyrsta sinn.

„Við fengum fyrirmynd að verkefnum erlendis frá og snerum því yfir á íslensku,“ segir Birna. „Síðan þurfti að aðlaga verk-

*Mót sem þetta veitir ungu fólki tækifæri til sýna fram á færni sína og kunnáttu*

efnin aðstæðum hér heima og það tókst vel í góðri samvinnu við brautarstjórana hjá FB og í Ármúlaskóla sem eru vanir að hafa sjúkraliðanema í verklegri þjálfun. Síðan var farið í að finna keppnislið, þjálfara fyrir liðin og dómara. Varðandi dómara þá var auðvitað engin hefð fyrir því hér heima að dæma í svona keppni, en við fengum tvö dómaraþör, það er sjúkraliða sem eru vanir að leiðbeina sjúkraliðanemum inni á heilbrigðisstofnunum. Þeir settu saman sérstakan gátlista til að fara eftir við mat á frammistöðu keppendanna. Sjúkraliðar með framhaldsnám tóku að sér þjálfun liðanna.

Ákveðið var að liðin tækjust á við tvö verkefni, það er hjúkrun sjúklings á bráða-deild og hjúkrun sjúklings á skurðeild. Við fengum tvo sjúkraliða til að gegna hlutverki þessara sjúklunga á mótinu. Annar er lærður leikari en hinn leikari af guðsnáð og þeir fóru vel með hlutverkin. Þeir voru svo sannfærandi í leik sínum að margir nemendur grunnskóla sem komu í heimsókn til okkar spurðu hvar við hefðum fengið lánaða þessa sjúklunga! Einnig þurfti að safna saman öllum útbúnaði fyrir sjúkrastofuna sem sett var upp í keppnissalnum, og eins fatnað á alla þátttakendur. Landspítalinn kom vel til móts við okkur og lánaði sjúkrarúm, sængur og koddar og rúmföt til skiptanna, en ýmis smærri tæki fengum við frá sjúkraliðabrautum framhaldsskólanna hér syðra. Margir sjúkraliðar mættu síðan á staðinn til að kynna nám og starf sjúkraliða fyrir gestum og svara öllum spurningum þeirra. Eins veittu þeir fyrstu hjálp þeim keppendum í öðrum greinum sem þurftu á einhverri slíkri aðhlyningu að halda. Allir voru af vilja gerðir að hjálpa okkur við að gera þetta sem best úr garði, og það tókst mjög vel. Forseti WorldSkills fylgdist með keppninni og kvaðst mjög undrandi á því að við værum að taka þátt í fyrsta sinn, því framkvæmdin væri eins og við hefðum alltaf verið með í mótinu.

Keppendum okkar fannst mjög gaman að taka þátt í keppninni og hafa þegar óskað eftir því að fá að þjálfast næsta lið, en Íslandsmótið verður næst haldið árið 2014. Við ætlum að sjálfsögðu að taka þátt í því og munum þar byggja á fenginni reynslu, því alltaf má færa sitthvað til betri vegar. Eins ætlum við að reyna að senda dómara á evrópsku keppnina, EuroSkills, sem haldin verður í Leipzig í Þýskalandi í júlí á næsta ári, en slík þátttaka yrði mikilvæg reynsla fyrir næsta Íslandsmót.



Lið Fjölbrotaskólans í Breiðholti bar sig úr bitum í Íslandsmóti sjúkraliðanema, en það lið skipuðu þær Jórunn Sóley Björnsdóttir og Unnur Héðinsdóttir. Hér eru þær ásamt Sigrúnu Gísladóttur brautarstjóra sjúkraliðabrautar í Fjölbrotaskólanum í Breiðholti.

## „Rosalega gaman“

„Kennarnir á sjúkraliðabrautinni báðu okkar að koma á skrifstofuna til að tala við sig og við höldum að það væri eitthvað slæmt í vændum, en þá voru þær að bjóða okkur að taka þátt í Íslandsmótinu. Okkur fannst það svolítið skritið fyrst að hægt væri að keppa í þessu fagi, en vorum báðar spenntar að takast á við þetta nýja verkefni og okkur fannst það rosalega gaman,“ segja sjúkraliðanemarnir sem fóru með sigur á mótinu.

Jórunn Sóley Björnsdóttir og Unnur Héðinsdóttir, sem komu, sáu og sigruðu fyrir hönd Fjölbrotaskólans í Breiðholti, eru báðar að úrskrifast af sjúkraliðabraut, Unnur á vorönn en Jórunn í haust.

### Skemmtilegt nám

„Ég ætlaði fyrst að fara í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands, en ákvað svo að taka sjúkraliðanámið í Fjölbrotaskólanum í Breiðholti sem undirbúning,“ segir Unnur. „Mér líkaði mjög vel að vera á sjúkraliðabrautinni í FB, þar eru finir kennarar og námsefnið er fjölbreytt.“ Hún var í verknámi á Hrafnistu og á krabbameinsdeild Landspítalans.

Jórunn segist vera mjög spennt fyrir að starfa innan heilbrigðiskerfisins og hún valdi sjúkraliðanámið „af því mig langaði til að prófa eitthvað nýtt og öðruvísi. Þetta er rosalega skemmtilegt nám og gaman að vinna með fólki.“ Hún var í verknámi á hjartadeild LSH og á Vogu, en lýkur starfsþjálfun sinni á B2 á Landspítalanum í sumar.

Jórunn og Unnur æfðu sig í skólanum fyrir keppnina. „Kennarnir á sjúkraliðabrautinni héldu utan um þetta hjá okkur þannig að okkur fannst við aldrei vera í lausu lofti, og við fengum þjálfara frá B5 á Landspítalanum og það var rosalega gott,“ segja þær. „Annars vorum við ekkert mikið að undir-

búa okkur því við kunnum þetta alveg. Í skólanum æfðum við okkur með dúkkur en á mótinu sjálfu vorum við með lifandi fólk í höndunum og það var auðvitað allt öðruvísi. Þetta gekk svona vel hjá okkur af því að við náðum að vinna vel saman.“

Þær hæla hinum liðunum fyrir góða frammistöðu: „Það voru rosalega flottar stelpur sem kepptu á móti okkur frá hinum skólunum og þegar úrslitin lágu fyrir óskudu þær okkur til hamingju.“

### Komið til að vera

Þær eru sammála um að sjúkraliðanemar eigi áfram að keppa á mótum af þessu tagi í framtíðinni:

„Já, við mælum með því. Það er gott að fara í svona keppni undir lok sjúkraliðanámsins því þá getum við rífað upp það sem við erum búin að læra og sýnt bæði sjálfum okkur og öðrum að við kunnum þetta. Það reynir mikið á mann sjálfan að passa að maður sé að vinna rétt, muna eftir öllum þeim atriðum sem okkur ber að hafa í huga við þessar aðstæður og gera hlutina í réttri röð. Okkur tókst það mjög vel og það er gott að vita það núna þegar við erum að útskrifast að við kunnum þetta allt saman.“

Jórunn og Unnur reikna með að fara í frekara nám, enda sé sjúkraliðanámið mjög góður grunnur fyrir framhaldsnám á mörgum sviðum.

„Ætli ég byrji ekki á sálfræðinni og sjá til hvernig mér líkar hún, en annars var ég líka að spá í mannfræði og lækisfræði,“ segir Jórunn.

„Ég var að hugsa um hjúkrunarfræði en er líka að spá í sálfræði og veit ekki alveg hvað ég geri,“ segir Unnur. „Það er svo mikið um að velja og það þarf að vanda sig við að taka ákvörðun sem gildir fyrir langa framtíð.“

Alþingi samþykkir lög um heilbrigðisstarfsmenn

# Ein lög um allar heilbrigðisstéttir

Alþingi hefur samþykkt ný lög um heilbrigðisstarfsmenn sem taka eiga gildi um næstu áramót. Þetta eru fyrstu heildarlögin um starfsmenn í heilbrigðisþjónustunni, en við gildistöku falla eldri lög um einstakar starfsstéttir úr gildi, þar á meðal lög um sjúkraliða. Þessar breytingar gefa stéttinni gríðarlegt tækifæri ef rétt er á spilunum haldið, sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, á nýafstöðnu fulltrúalögum.

Í þessari grein er vikið að nokkrum helstu atriðum nýju laganna sem hafa, að því er segir í lögum, það markmið að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og öryggi sjúklinga með því að skilgreina kröfur um menntun, kunnáttu og færni heilbrigðisstarfsmanna og starfshætti þeirra.

Heilbrigðisstarfsmaður er samkvæmt nýju lögum skilgreindur sem einstaklingur er starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar. Löggilt heilbrigðisstétt er samkvæmt lögum heilbrigðisstétt sem öðlast hefur löggildingu samkvæmt sérlögum sem í gildi voru við gildistöku laga þessara og reglugerðum sem settar voru með stoð í lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985, og samkvæmt ákvæðum 3. greinar laganna.

## Löggiltar heilbrigðisstéttir.

Samkvæmt þriðju grein nýju laganna eru löggiltar heilbrigðisstéttir á Íslandi þessar: 1. Áfengis- og vímuvarnaráðgjafar. 2. Félagssráðgjafar. 3. Fótaaðgerðarfræðingar. 4. Geislafræðingar. 5. Hjúkrunarfræðingar. 6. Hnykkjar (kírópraktorar). 7. Iðjuþjálfar. 8. Lifeindafraeðingar. 9. Ljósmaður. 10. Lyfjafræðingar. 11. Lyfjateknar. 12. Læknar. 13. Læknaritarar. 14. Matartæknar. 15. Matvælafræðingar. 16. Náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu. 17. Næringarfræðingar. 18. Næringarráðgjafar. 19. Næringarreklarfræðingar. 20. Osteópatar. 21.



Sjúkraliðar að störfum á vökudeild Landspítalans.

Sálfræðingar. 22. Sjóntækjafraeðingar. 23. Sjúkraflutningamenn. 24. Sjúkraliðar. 25. Sjúkranuddarar. 26. Sjúkraþjálfarar. 27. Stoðtækjafraeðingar. 28. Talmeinafræðingar. 29. Tannfræðingar. 30. Tannlæknar. 31. Tannsmiðir. 32. Tanntæknar. 33. Proskaþjálfarar.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fella undir lögin heilbrigðisstéttir sem ekki eru taldar upp í þessari grein. Fagfélag viðkomandi starfsstéttar skal sækja um löggildingu til ráðherra og er honum skylt að leita umsagnar landlæknis um umsóknina.

Við ákvörðun um það hvort fella eigi starfsstétt undir lögin skal einkum líta til þess hvort löggilding sé nauðsynleg með

*Rétt til að starfa sem heilbrigðisstarfsmaður hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis.*

tilliti til öryggis og hagsmuna sjúklings, þarfar sjúklings fyrir þjónustu starfsstéttar, innihalds og markmiðs menntunar og hvort hún byggist á traustum fræðilegum grunni.

Rétt til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem heilbrigðisstarfsmaður hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis.

## Starfsleyfi heilbrigðisstarfsmanna

Í fimmtu og sjöttu grein nýju laganna er fjallað um veitingu starfsleyfis:

Ráðherra skal, að höfðu samráði við landlækni, viðkomandi fagfélag og menntastofnun hér á landi, setja reglugerðir um skilyrði sem uppfylla þarf til að hljóta leyfi til að nota heiti löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem heilbrigðisstarfsmaður hér á landi. Þar skal m.a. kveðið á um það nám sem krafist er til að hljóta starfsleyfi og starfsþjálfun sé gerð krafa um hana. Enn fremur skal kveðið á um í hvaða tilvikum skuli leitað umsagnar menntastofnunar

eða annarra aðila um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um nám. Heimilt er að kveða á um starfssvið viðkomandi heilbrigðisstéttar í reglugerð.

Við setningu reglugerða skal gætt skuldbindinga sem íslenska ríkið hefur tekið á sig um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða á grundvelli annarra gagnkvæmra samninga. Kveðið skal á um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis til umsækjenda frá ríkjum sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi með reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um gögn sem leggja ber fram, svo sem um nám og fyrirhuguð störf hér á landi, áður en umsókn er tekin til meðferðar. Hafi ekki verið sýnt fram á að nám uppfylli kröfur sem gerðar eru í reglugerð um viðkomandi heilbrigðisstétt er heimilt að setja í reglugerð skilyrði um að umsækjandi frá þeim ríkjum gangist undir hæfnispróf sem sýni fram á að hann búi yfir kunnáttu sem krafist er af heilbrigðisstarfsmönnum í viðkomandi heilbrigðisstétt. Auk þess er heimilt að gera kröfu um að umsækjandi búi yfir kunnáttu í íslensku og hafi þekkingu á íslenskri heilbrigðislöggjöf eftir því sem við á hverju sinni, enda sé slík kunnátta talin nauðsynleg í starfi og þá einkum vegna öryggis og samskipta við sjúklinga. Enn fremur er heimilt með reglugerð að gera kröfu um að áður en umsókn um starfsleyfi er tekin til efnislegrar meðferðar þurfi að liggja fyrir staðfest afrit umsóknar um atvinnu- og dvalarleyfi ásamt undirrituðum ráðningarsamningi.

Ekki skal veita umsækjanda starfsleyfi ef fyrir hendi eru skilyrði til sviptingar starfsleyfis samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu.

Heimilt er að taka gjald fyrir hæfnispróf sem lagt er fyrir umsækjanda um starfsleyfi. Gjaldið skal standa undir kostnaði við undirbúning og framkvæmd hæfnisprófs.

Þeim sem ekki hefur gilt leyfi landlæknis er óheimilt að nota löggilt starfsheiti eða starfa sem heilbrigðisstarfsmaður. Honum er jafnframt óheimilt að veita sjúklingi meðferð sem fellur undir lögverndað starfssvið löggiltra heilbrigðisstéttar eða gefa læknisfræðilegar eða aðrar faglegar ráðleggingar.

## Faglegar kröfur og ábyrgð

Í þriðja kafla nýju laganna er fjallað um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna:

Heilbrigðisstarfsmaður skal sýna sjúklingi virðingu og sinna störfum sínum af

árvekni og trúmennsku og í samræmi við faglegar kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.

Heilbrigðisstarfsmanni ber að þekkja skyldur sínar og siðareglur, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni, tileinka sér nýjungar er varða starfið og kynna sér lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfs-

eða vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt og mögulegt er, svo sem ef hann telur sig ekki geta veitt honum viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

Ráðherra er heimilt að kveða á um endurmenntun heilbrigðisstarfsmanna í reglugerð.



Sjúkraliðar að störfum á Landspítalanum.

menn og heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma.

Heilbrigðisstarfsmaður ber, eftir því sem við á, ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga sem til hans leita. Um upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanns gagnvart sjúklingi fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

Heilbrigðisstarfsmaður skal virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð

Heilbrigðisstarfsmanni er heimilt að skorast undan störfum sem stangast á við trúarleg eða siðferðileg viðhorf hans, enda sé tryggt að sjúklingur fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðisstarfsmanni er óheimilt að starfa undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Heilbrigðisstarfsmaður ber ábyrgð á því að aðstoðarmenn og nemar, sem starfa undir hans stjórn, hafi næga hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar til að inna af hendi störf sem hann felur þeim.

## Trúnaður og þagnarskylda

Starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. nemar og þeir sem ekki eru heilbrigðisstarfsmenn, skulu gæta fyllstu þagnarskylda

*Heilbrigðisstarfsmaður skal sýna sjúklingi virðingu og sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku.*

um allt það sem þeir komast að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þetta gildir ekki þjóði lög annað eða rökstudd ástæða er til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings eða forráðamanns, ef við á, leysir heilbrigðisstarfsmann undan þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt þessari grein nær ekki til atvika sem heilbrigðisstarfsmanni ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Í þeim tilvikum ber heilbrigðisstarfsmanni skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær yfirvöld.

Um trúnaðar- og þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna gilda jafnframt ákvæði laga um réttindi sjúklings, ákvæði laga um sjúkraskrár og önnur lög eftir því sem við á.

## Upplýsinga- og vitnaskylda

Um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að veita landlækni upplýsingar, m.a. vegna eftirlits með heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisþjónustu og til gerðar heilbrigðisráðgjafna, fer samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu.

Heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar er skylt að veita ráðuneyti nauðsynlegar upplýsingar vegna meðferðar og úrlausnar stjórnsýslumála. Ákvæði 17. gr. um trúnaðar- og þagnarskyldu takmarka ekki upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanna og annarra starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt ákvæði þessu.

Heilbrigðisstarfsmaður verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja sjúklings nema ætla megji að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða málið sé mikilvægt fyrir málsaðila eða þjóðfélagið, hvort tveggja að mati dómara. Í slíkum tilvikum ber heilbrigðisstarfsmanni að skýra frá öllu sem hann veit og telur að hugsanlega geti haft áhrif á málið. Slíkur vitnisburður skal fara fram fyrir luktum dyrum.

Um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til samstarfs og upplýsingagjafar til barnaverndaryfirvalda fer samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.



Sjúkraliði að störfum á Landspítalanum.

## Skylda til að veita hjálp

Heilbrigðisstarfsmanni ber, sé hann nærstaddur eða sé til hans leitað, að veita fyrstu nauðsynlegu aðstoð í skyndilegum og alvarlegum sjúkdóms- eða slysatilfellum í samræmi við menntun sína og þjálfun, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli eða ef hann mundi með því stofna lífi eða heilbrigði sjálfs sín eða annarra í háaska.

Heilbrigðisstarfsmenn skulu gæta þess við veitingu heilbrigðisþjónustu og framkvæmd starfa sinna að sjúklingar, sjúkratryggingar eða aðrir sem standa straum af kostnaði vegna hennar verði ekki fyrir óþarfa útgjöldum eða óþægindum.

## Meðferðar- eða rannsóknar- aðferðir

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð:

- a. að tilgreindum rannsóknar- eða meðferðaraðferðum skuli aðeins beitt af heilbrigðisstarfsmönnum eða nánar tilgreindum heilbrigðisstéttum,
- b. að tiltekinni meðferðar- eða rannsóknaraðferð skuli aðeins beitt af þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi landlæknis,
- c. bann við notkun tiltekinna meðferðar- og rannsóknaraðferða.

Reglugerðir um takmarkanir skulu byggðar á hagsmunum sjúklings og skulu þær settar að fengnum tillögum landlæknis og umsógn fagfélags viðkomandi löggiltrar heilbrigðisstéttar.

## Refsingar

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra varða sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Með brot gegn lögum þessum skal farið samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Sem fyrr segir öðlast þessi nýju lög gildi um áramótin eða 1. janúar 2013. Unnið er að setningu reglugerðar á grundvelli laganna, og það skiptir sjúkraliða miklu máli hvernig hún lítur út, eins og fram kom í setningarávarpi formann Sjúkraliðafélagsins á nýafstöðnu fulltrúáþingi, en það er birt á blaðsíðu 20.



Sjúkraliðar í hálandisferð.

# Hálandisferðirnar

Miðhálandið 12.-17. júlí  
Fjallabak nyrðra 9.-14. ágúst

Í sumar verða í boði tvær ferðir um hálandi Íslands. Ferðirnar eru fyrir sjúkraliða og maka eða annan aðila. Farið verður á tveimur fjallabakum með reyndum bílstjórum. Hafður verður sami háttur á og í fyrri ferðum að skipta í matarhópa, sem hefur gefist vel. Gist verður í fjalla-skálum og í báðum ferðunum verður farið í náttúruaugar sem eru á leiðinni. Leiðsögumaður og ferðaskipuleggjandi er Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir sjúkraliði og leiðsögumaður.

Fyrri ferðin: Farið verður í 6 daga ferð um miðhálandið 12.-17. júlí.

Stutt leiðarlýsing: Reykjavík – Laugafell – Gæsavatnaleið – Askja – Herðubreiðarlindir – Kverkfjöll – Hvannalindir – Mývatn – Jökulsárgljúfur – Kjölur – Reykjavík.

Seinni ferðin: Farið verður í 6 daga ferð um Fjallabak nyrðra í Laka dagana 9.-14. ágúst.

Stutt leiðarlýsing: Reykjavík – Landmannalaugar – Langasjór – Sveinstindur – Eldgjá – Lakagígur – Kirkjubæjarklaustur – Reykjavík.

Fundir verða haldnir viku fyrir brottför, þar sem farið verður yfir nánari ferðalýsingu og skipulag. Ferðirnar eru við allra hæfi, tekið verður fullt tillit til þeirra sem ekki treysta sér í miklar göngur. Eins og í fyrri ferðum er kjörorðið að **NJÓTA en ekki ÞJÓTA**, skoðaðir verða áhugaverðir staðir á leiðinni. **Innifalið í verði er akstur, gisting og farastjórn.**

# Foreldrar fíkla

Alkóhólismi eða aðrir fíknisjúkdómar finnast í nánast hverri einustu fjölskyldu. Þegar um ungmenni er að ræða fylgir því ástandi oft sjúkleiki fjölskyldunnar þar sem foreldrar leggja ofuráherslu á fíkilinn.

Í þessu verkefni verða hegðunarmynstur foreldra skoðuð og reynt að gera grein fyrir því hve mikil áhrif það hefur á líf þeirra að eiga barn í neyslu. Einnig verða kynntar kenningar Erik H. Eriksonar og Calgary fjölskyldulíkanið og hvernig og hvort gagnlegt er að skoða þær þegar unnið er með meðvirkni. Ég vel að fjalla um foreldra fíkla því mér finnst þeir oft gleymast. Við heimildaleit fann ég feiki nóg af efni um börn alkóhólisma og þeirra hegðunarmynstur en minna efni um foreldra fíklis en þar bar meira á reynslusögum foreldra. Einnig skoða ég hvaða afleiðingar það hefur á systkini og foreldrið sjálft og hjónaband ef það er til staðar.

Alkóhólismi eða annars konar vímuefnafíkill er sá sem hefur stöðuga og stjórnlausu löngun í vímuefni, svo mikla að fíknin yfirtekur allt og hefur eyðileggjandi áhrif á umhverfi og sálarlíf. Fíklar koma úr öllum stéttum samfélagsins og allir geta orðið fíkn að bráð. Þó er fjölskyldusaga um fíknisjúkdóma eða slæmur félagslegur bakgrunnur talinn vera stór áhættuþáttur. Þegar orðið „fíkill“ er notað í þessu verkefni er átt við alla flórana, þá á ég við alkóhólisma, eiturlyfjanotendur og þá sem misnota læknaþy.

## Meðvirkni foreldra

Meðvirkni er hægt að skilgreina á margvíslegan hátt en í þessu verkefni verður stuðst við þá skilgreiningu að meðvirkur einstaklingur er sá sem öfgakennt og ómeðvitað setur hamingju annarra fram fyrir sína eigin og er stöðugt að reyna að þóknast öðrum þrátt fyrir mikla andlega vanlíðan. Yfirleitt er meðvirkni tengd við aðstandendur alkóhólisma en getur þó átt við aðstandendur allra sjúklingahópa.

Þar sem meðvirkni getur birst í mörgum myndum ætla ég að afmarka mig við foreldri sem sýnir hegðan sem kallast „vorkunnsama“ meðvirkni. Meðvirkni foreldra getur orðið að sjúklegu og langvarandi ástandi ef ekkert er að gert. Til eru meðvirkir foreldrar sem viðurkenna sjúkdóm-



Þátttakendur í málstofu sjúkraliðanema í Fjölbautaskólanum í Breiðholti, frá vinstri: Gunnhildur Blöndal, Ágústa Jóhannsdóttir kennari FB, Sandra Rós Helgadóttir, Bryndís Rós Viðarsdóttir, Erna Dóra Hannesdóttir, Andri Friðjónsson, Helga Margrét Karlsdóttir, Jórunn Sóleý Björnsdóttir, Sandra Dögg Björnsdóttir og Unnur Héðinsdóttir.

## Málstofa sjúkraliðabrautar FB

**Útskriftarefni sjúkraliðabrautar FB héldu málstofu og kynntu niðurstöður úr lokaverkefnum sínum. Málstofan var vel sótt af aðstandendum, nemendum og kennurum og tókst í alla staði vel.**

Tilgangur þess að halda málstofu er tvíþættur: Námið verður markvissara þar sem nemendur safna saman þekkingu sinni, kunnáttu og færni og segja okkur frá. Um leið skerpa nemendur sýn sína á umfang námsins.

Í verkefnum sínum höfðu nemendur

að leiðarljósi að skoða hvernig fjölskyldum reiðir af þegar veikindi bera að garði, þótt ekki þurfi endilega að vera um sjúkrahúsvist að ræða eins og oft er með geðraskanir, alkóhólisma og marga langvinna sjúkdóma, sem og annan krankleika sem herjar á alla aldurshópa.

Vinnustaðanám á sérdeildum opnar nemendum nýja sýn á starfsmöguleika sína og þeir finna hve vítt og fjölbreytt starfsvið þeirra getur verið að loknu námi.

inn á vorkunnsaman hátt, eða þeir álíta að sjúkdómurinn sé ólæknandi og barnið hafi enga stjórn á hegðan sinni. Foreldrar halda að barnið missi tök á eigin lífi grípi þeir ekki inni og oft myndast mjög óeðlilegt ástand þar sem foreldri á jafnvel erfitt með að leyfa viðkomandi að ráða ferðinni þó engin neysla sé. Foreldrar leggja oft mikið á sig til að leyna fíknivandanum, en þó segja sumir þér alla harmsöguna þegar þú spyrð kurteislega „hvað sé að fréttu?“

Önnur hegðun sem einkennir þessa foreldra er sú að afsaka alla skapgerðarbresti og sveiflur hjá fíklinum. Í reiðiköstum ásak-

afíkillinn oft foreldrana um misfarir sínar sem gætu m.a. verið peningaskuldir, mikil fráhvörf eða sterk fíkn. Jafnvel þó augljóst sé að ekkert af þessu sé sök foreldris tekur það samt á sig sökina í sjúkleika sínum til þess að hlífa fíklinum og afsakar hann svo gjarnan eftirá: „Æi, hann Jói minn er bara svo hræðilega veikur, hann getur ekkert gert í þessu“.

Foreldrar eiga erfitt með að standa með sjálfum sér og setja mörk og sjá oft eftir því að hafa verið „ströng“ og fara að afsaka sig vegna þess að sektarkenndin yfir því að neita „veika sjúklingnum“ sínum yfirtekur



allt. Fíkillinn verður vanur því að mamma og pabbi „reddi bara“ hlutunum og skortir því þann þátt sem er mikilvægastur í batanum, sjálfstæði til þess að stjórna eigin lífi. Viðkomandi verður að reka sig sjálfur á hindranir til þess að geta nýtt þá reynslu til að þroskast og verða þar með hæfari einstaklingur. Hótun um að falla er oft það sem fíklar nota og hafa þannig fjölskylduna í heljargreipum sem finnur sig knúna til þess að hlýða skipunum.

Þó meðvirkir foreldrar séu oft langþreyttir á ástandinu, finna þeir sig oft knúna til þess að halda þessari meðvirkni áfram því annars upplifa þeir sig bregðast. Þeir upplifa oft að þeir eigi sök á neyslunni þar sem þeir hafi ekki staðið sig í uppeldishlutverkinu og ekki sýnt barninu næga umhyggju í æsku þó svo augljóst sé að uppeldi hafi verið gott og ástríkt.

## Átta þroskastig

Kenning Erik H. Eriksonar um þroska persónuleikans er mér hugleikin og skoðaði ég þau 8 þroskastig sem kenning hans fellar um. Á hverju stigi fyrir sig er einstaklingurinn að tileinka sér ákveðin persónuleikaefni og þar er örvun eða skortur á nauðsynlegum þáttum skilgreint og skoðað. Jákvæð og neikvæð útkoma á hverju stigi fyrir sig er því möguleg og ef sett er inn í kenninguna foreldri á fertugsaldri myndi viðkomandi vera á 6. og 7. stigi og væri þá meðal verkefna að mynda nán tengsl/samband við aðra manneskju og þróa þannig með sér kærleik og nánd. Einnig væri verkefni að auka víðsýni, dýpt og skilning ásamt því að miðla þekkingu sinni áfram til næstu kynslóðar. Það getur reynst foreldri fíklis erfitt sökum þess að allur kraftur fer í fíkillinn.

Í stað þess að upplifa náin og notaleg tengsl er foreldri andvaka og því getur fylgt stoðkerfisverkir sem geta haft alvarlegar afleiðingar á svefngæði sem og almennt heilsufar. Viðkomandi á erfitt með að leysa verkefni sín, samkvæmt kenningu Eriksonar, eins og að miðla reynslu sinni áfram til næstu kynslóðar því eigin tilfinningar er erfitt að skilgreina í þeirri ringulreið sem ríkir í lífi þess. Systkini fíklisins geta gleymst og oft upplifa þau sig sem aðskotahluti sem eru bara fyrir á heimilinu.

Erikson telur nauðsynlegt að takast á við þessi verkefni til þess að auka tilfinningaþroska sinn og auðga þannig líf sitt og persónuþroska. Meðvirkt foreldri á erfitt með að takast á við þessi verkefni og getur því staðnað í sínu persónulega þroskaferli og vanrækt eigin þarfir og birtist það oft



Höfundur ritgerðarinnar er Jórunn Sóley Björnsdóttir, sjúkraliðanemi.

í framkomu við aðra hvort sem það eru ókunnugir eða ættingjar.

## Calgary – er til lausn?

Calgary fjölskyldulíkanið er gagnlegt verkfæri til þess að fá skýra mynd af fjölskyldunni. Calgary fjölskyldulíkanið skiptir fjölskyldulífinu í ákveðin tímabil og skilgreinir, rétt eins og Erikson, ákveðin verkefni á hverju stigi. Einnig er tekið til greina að oft eru aðstandendur mun veikari en við teljum og því er mikilvægt að spyrja aðstandanda sjálfan hvað honum finnst/hvernig honum líður í stað þess að mynda sér skoðun út frá einkennum og veikindum. Gagnlegar spurningar eru m.a.: „Hvað er brýnast núna? Á hvern hafa veikindin mest áhrif? Hver þjáist mest? Helstu óskir þínar fyrir aðstoð núna?“ Þessar spurningar eru opnar og víðar og gefa þannig foreldri færi á að hugsa sig um og átta sig á því að það hefur í raun ekki svar við þessum spurningum strax og hefur jafnvel aldrei sest niður og hugsað um sínar þarfir.

Fjölskylda með unglinga er á fjórða stigi samkvæmt Calgary og verkefni á því stigi eru m.a. að sambúðafólk endurskoði samband sitt og starfsframa og unglingurinn fái aukið frelsi og auki þroska sinn. Meðvirkir foreldrar sem sökkva sér í líf barns síns upplifa gjarnan kulnun í ástarsambandi sínu því parasambandinu er lítið sinnt, eru oft ósammála um hvað skuli gera, andvökunætur og rífrildi gera það að verkum að þau mæta oft illa upp lögð

*Að eiga barn í neyslu hefur mikil áhrif á líf allrar stórfjölskyldunnar*

til vinnu og sinna henni ekki eins og þau vilja. Unglingurinn misnotar jafnvel frelsið sem honum er gefið, t.d. treyst fyrir því að sjá um útivistartímamann sinn sjálfur, fær til dæmis að gista hjá vinum og lætur sig þá kannski hverfa í nokkra daga án þess að láta heyra í sér og skilur foreldra eftir í áhyggjukasti og vanlíðan.

Í raun er enga lausn eða lækningu að fá nema foreldrar séu tilbúnir til þess að viðurkenna meðvirkni sína sem vandamál og fara í þá vinnu sem þarf til að komast út úr vítahring meðvirkinnar. Í fjölskylduvinnu er vænlegt að horfa á lausnir og styrkleika fjölskyldunnar og aðstoða foreldra við að skilja að þeir geta ekki haft stjórn á fíkninni, þeir eru ekki valdir að henni og geta ekki læknað hana. Foreldrar fá aðstoð við að komast yfir tilfinningar eins og ráðaleysi og örvæntingu ásamt því að læra að setja sér og öðrum skýr mörk. Markmiðið er að foreldrar tengjist tilfinningum sínum á ný á heilbrigðan hátt. Systkini finna breytingar á foreldrum sínum og eiga von um að ná betra sambandi við foreldra sína á ný og fjölskyldan þjappast saman. Að sjálfsögðu þarf fíkillinn að vinna í sínum málum sjálfur svo að fjölskyldan geti orðið heil á ný en á meðan hann gerir það ekki er nauðsynlegt að foreldrar og systkini geri það. Með því er fíklinum líka sett áður óþekkt mörk og sent þau skilaboð að hann sé elskaður alveg eins og hann er, en ef hann ætli að verða hluti af fjölskyldunni á ný verði hann að byrja að ganga sinn bataveg. Leiðin að bata getur verið löng og vinnan mikil og þurfa sumir jafnvel að vinna í sér ævilangt en sama hversu þjáð af meðvirkni foreldri getur orðið þá er alltaf til lausn.

Að eiga barn í neyslu hefur mikil áhrif á líf allrar stórfjölskyldunnar. Önnur börn á heimilinu, atvinnan, félagslífið og jafnvel sjálfsálitið getur farið á ská og skjön því sá meðvirkni verður blindur á umhverfi sitt þegar hann horfir einungis á fíkillinn. Samkvæmt kenningu Eriksonar og Calgary-fjölskyldumódelisins eru þessir einstaklingar í hættu með að staðna í persónuþroska sínum ef og þegar þeir eru ekki að sinna andlegum verkefnum sínum sem þroska sig, bæði sem einstaklinga og fjölskyldu. Þó svo fjölskylduástandið geti orðið mjög brenglað er ekki þar með sagt að ekki megi úr bæta því það er svo sannarlega til lausn fyrir þessa foreldra, en þeir verða að vera viljugir og horfa í átt að frelsinu og lausninni ef það á að gerast.

Jórunn Sóley Björnsdóttir,  
sjúkraliðanemi

# Geðrænir sjúkdómar ungmenna

- áhrif, hjúkrun, úrræði

Í verkefni þessu mun ég fjalla um eðli og áhrif geðrænna raskana og sjúkdóma. Áhersla mín mun þó vera á geðsjúkdóma ungmenna, orsakir þeirra og afleiðingar, hjúkrun og umönnun. Ég mun reyna að varpa ljósi á áhrif þessara sjúkdóma á fjölskylduna í heild, og hvaða meðferðir og úrræði eru í boði í okkar samfélagi.

Kveikjan að þessu efnisvali er samvera mín með þjónustupegum á Endurhæfingardeild LSH að Laugarásvegi 71. Í vinnustaðanámi mínu þar kynntist ég heimi ungmenna sem áttu það öll sameiginlegt að kljást við geðrænar raskanir og þá aðallega geðklofa.

## Viðamiknið vandamál

Geðraskanir eru viðamiknið heilsufarsvandamál í heiminum og samkvæmt mati Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) eru það u.þ.b. 22-24% vestrænna íbúa sem hafa einhvern tíma á ævinni þjáðst af geðröskun. Ef þessar tölur eru heimfærðar inn í íslenskt samfélag má aætla að fjórði til fimmti hver Íslendingur upplifi geðröskun einhvern tíma á sinni lífsleið.

Geðraskanir geta verið margskonar og tekið á sig ýmsar myndir. Mun ég hér nefna stuttlega þær helstu sem greindar eru hér á landi.

Almennar kvíðaraskanir er samheiti yfir þær raskanir sem einkennast af óraunhæfum kvíða og áhyggjum fólks og geta haft lamandi áhrif á líf þess. Almennar kvíðaraskanir eru margar og margskonar og má þar nefna t.d. felmtur, árátta, áfallastreitu og aðskilnaðar-kvíðaröskun sem eiga það yfirleitt sameiginlegt að einkennin eru mikill ótti og/eða kvíði sem oft á rætur að rekja til einstakra áfalla eða erfiðra atburða í lífi einstaklingsins.

Félagsfælni er það þegar einstaklingur upplifir mikinn kvíða við almenn samskipti við annað fólk og reynir að forðast þær aðstæður. Það geta jafnvel verið samskipti við sína nánustu en algengara er það þó þegar um er að ræða samskipti við ókunnuga.

Sértæk fælni eða fóbía er jafnframt ein geðröskun þar sem óraunhæfur ótti beinist að



Höfundur þessarar ritgerðar er Lilja Bolladóttir, sjúkraliðanemi.

sérstökum aðstæðum eða einstökum hlut. Þar getur t.d. verið um að ræða sjúklega flughræðslu, eða hræðslu við einstök skordýr. Slík fælni getur til að mynda valdið viðkomandi miklum kvölum sem erfitt er fyrir aðra að gera sér í hugarlund.

Geðhvarfasýki er röskun sem hrjáir u.þ.b. 1% þjóðarinnar og lýsir sér m.a. í miklum geðlægum sveiflum milli oflætis og þunglyndis, þ.e. geðlægðar og geðhæðar. Geðhvörf eru margvísleg og flokkuð niður í nokkra flokka sem ég mun ekki fara nánar út í hér.

Almenn skilgreining á þunglyndi er „ástand þar sem einstaklingurinn er þjakaður af depurð og vonleysi í tvær vikur eða lengur, samfleytt“. Í daglegu tali er þunglyndi oft ruglað saman við eðlilega tímabundna skaplægð sem getur stafað af einstökum erfiðleikum eða áfalli hjá viðkomandi. Er þar átt við t.d. vinnumissi, sorg vegna dauðsfalls

*Álag á fjölskyldu, þegar langvinn veikindi koma upp, er oft gríðarlegt og hefur í gegnum tíðina verið vanmetið.*

o.þ.h. Þar getur vissulega verið um að ræða alvarlegt ástand en að öllu jöfnu tímabundið og ekki flokkað sem sjúklegt. Hins vegar getur slíkt ástand auðveldlega þróast yfir í sjúklegt þunglyndi ef ekkert er að gert. Mikilvægt er við slíkar aðstæður að einstaklingur mæti skilningi og samkennd frá sínu nánasta umhverfi til að auðvelda honum að takast á við sínar tilfinningar. Slík umhyggja getur oft skipt sköpum fyrir viðkomandi og hjálpað honum að aðlagast breyttum aðstæðum og takast á við lífið að nýju eftir áfall.

## Gríðarlegt álag

Álag á fjölskyldu, þegar langvinn veikindi koma upp, er oft gríðarlegt og hefur í gegnum tíðina verið vanmetið. Aðstandendur bera gjarnan hitann og þungann af veikindum sinna nánustu. Langvarandi veikindi eins og geðklofi raskar öllu jafnvægi fjölskyldunnar og hefur veruleg áhrif á hið hefðbundna fjölskyldumunstur. Foreldrar ungmenna með geðklofa kljást gjarnan við stöðugar áhyggjur af viðkomandi og tilfinningar svo sem óöruggi og oft á tíðum sorg og kvíða gagnvart heilsu þeirra og framtíðarhorfum. Lengst af voru þeir einir með sín mál en á síðari áratugum hafa orðið gríðarlegar breytingar á.

Með innleiðingu svokallaðrar fjölskylduhjúkrunar hefur stuðningur við fjölskyldur aukist jafnt og þétt. Fjölskylduhjúkrun tekur mið af þeirri grundvallarhugsun að þegar einn fjölskyldumeðlimur veikist hefur það áhrif á alla fjölskylduna og meðlimir hennar þurfa að hugsa allt upp á nýtt. Stuðningur og heildræn hjúkrun fjölskyldunnar skiptir því sköpum í þeirri vinnu og hefur mikil áhrif á árangur meðferðar þegar um langvarandi veikindi er að ræða. Segja má að í gegnum tíðina hafi fjölskylduhjúkrun í raun verið til staðar að einhverju leyti en ekki undir því nafni.

Unnið er eftir Calgary-fjölskylduhjúkrunarmódelinu í dag sem er kennt við Calgaryháskólann í Canada og hefur verið þróuð þar af tveim kanadískum hjúkrunarfræðingum, þeim Dr. Wright og Dr. Lorraine. Fyrsta

bók þeirra um Calgary kom út árið 1984 og var hún hugsuð sem handleiðsla fyrir þá sem tileinka sér þessa stefnu í hjúkrun. Bókin hefur verið í stöðugri þróun síðan og 5. útgáfa bókarinnar kom út árið 2009. Útbreiðsla Calgary hefur á undanförunum árum verið mikil og unnið er nú eftir þeirri stefnu víða um heim með góðum árangri, þar á meðal á Íslandi.

Calgary er í raun tvennt, annars vegar er gert svokallað fjölskyldumatslíkan og hins vegar fjölskyldumeðferðarlíkan.

Í matslíkaninu er reynt að kortleggja uppbyggingu fjölskyldunnar, samsetningu hennar og tengsl, innra og ytra umhverfi, og gert er svokallað fjölskyldutrú. Með þessu er hjúkrunarfólki gert að hugsa fjölskylduvænt í allri hjúkrun og fjölskyldutrú er þar góð sjónræn áminning. Klínísk dómgreind hvers hjúkrunarfræðings ræður svo hversu djúpt er farið í smáatriði varðandi stórfjölskyldu sjúklings.

Í meðferðarlíkaninu er leitast við að finna og draga fram styrkleika fjölskyldunnar í stað veikleika og hefur það afgerandi áhrif á hvernig meðferð viðkomandi fjölskyldu er síðan sett upp. Lögð er áhersla á bjargráð og mikilvægi gagnvirkni í samskiptum hjúkrunarfólks og fjölskyldu til að meðferð beri tilætlaðan árangur. Stór þáttur í fjölskyldumeðferð er tjáning og tjáskipti. Með því að fjölskyldan fái að tjá sig um veikindin sem greind hafa verið léttir það oft á erfiðum tilfinningum og leiðir til að andleg sár gróa fyrr. Með tjáningu skoðar fólk oft sinn innri styrk og fjölskyldur ná að standa betur saman í þeim erfiðleikum sem upp eru komnir. Styrkur fjölskyldumeðlima sem leysist úr læðingi hefur bein jákvæð áhrif inn í meðferð sjúklings og stuðlar þannig að betri líðan og virkni fjölskyldunnar allrar. Það dregur jafnframt verulega úr hjálparleysi og kvíða aðstandenda að upplifa sig taka þátt og gera gagn í meðferð sinna nánustu.

Einangrun og samskiptaörðugleikar eru gjarnan fylgifiskar geðraskanar og er þá félagsleg hæfni þessara einstaklinga afar slök. Félagslegri hæfni er oft skipt í þrjá meginþætti sem gagnlegt er að hafa í huga þegar fjallað er um samskiptavanda geðsjúkra. Þessir þættir eru tjáningarhæfni, túlkunarhæfni og hæfni til að bregðast við í samræmi við aðstæður. Á síðari árum hefur félagsleg hæfnisþjálfun orðið sterkur þáttur í meðferð sjúklings með alvarlega geðsjúkdóma. Markmið slíkrar þjálfunar er að rjúfa vítahring þar sem samskiptaerfiðleikar magna geðræn einkenni, en um leið að bæta líf þessara einstaklinga almennt. Félagsleg hæfnisþjálfun



Húsnæði geðdeildar Landspítalans.

læknar ekki geðklofa en getur engu að síður gert skjólstaðinginn betur í stakk búinn til að takast á við sjúkdóminn og leitt til þess að neikvæð áhrif hans verða vægari en ella. Í slíkri þjálfun er m.a. í samræðum við sjúkling leitast við að ná fram hverja hann telur vera sína helstu styrkleika og veikleika og unnið með þá. Oft geta styrkleikar viðkomandi verið lykillinn að því að yfirvinna veikleika.

## Mikilvægi hreyfingar

Vakning hefur orðið á hinum síðari árum fyrir áhrifum hreyfingar og líkamsræktar á geðræn veikindi. Sýnt hefur verið fram á að bein tengsl eru á milli hreyfingar og minnkunar á notkun geðlyfja. Jafnframt hefur öll líkamsrækt mikil og bætt áhrif á svefn einstaklinga. Rannsóknir undanfarinna ára sýna að hreyfing hefur sömu áhrif á boðefni líkamans og ýmis lyf s.s. væg geðlyf. Önnur Norðurlönd eru komin talsvert lengra í sinni þróun á þessu sviði en Íslendingar. Þar eru t.d. gefnir út hundruð þúsunda hreyfiseðla á ári hverju, þar sem læknar ávísa á hreyfingu og matarleiðbeiningar með „hreyfiseðli“ á sama hátt og ávísað er á lyf með lyfseðli. Hefur þetta gefið góða raun, sérstaklega á geðsviði.

Líkamsrækt er nú eitt af grunnatriðum í endurhæfingu einstaklinga innan geðsviðs LSH og hafa íþróttfræðingar í auknum mæli verið ráðnir til að hafa umsjón með þessum

*Eitt af meginmarkmiðum endurhæfingar á geðsviði í dag er að byggja einstaklinginn upp þannig að hann geti sem best þrífist í virku samfélagi.*

þætti. Nýtt hefur verið aðstaða líkamsræktarstöðva í þessum tilgangi með góðum árangri. Með líkamsrækt ávinnst fleira en betri líðan fyrir sál og líkama. Hjá sjúklingum á geðsviði er þetta líka liður í góðri umhverfis- og samskiptaþjálfun og lögð er áhersla á þann þátt samhliða.

Á Endurhæfingu LSH að Laugarásvegi 71 hefur verið unnið markvisst með hreyfingu frá árinu 2007 og eru þar þrjár íþróttfræðingar í starfi nú. Í meðferðarsamningum sem gerðir eru við þjónustuþega í upphafi endurhæfingar er kveðið á um reglulega hreyfingu og felur það í sér ferðir í ræktina undir handleiðslu íþróttfræðinga. Fleira er í boði í formi hreyfingar s.s. fótbolta einu sinni í viku eða sundferðir, allt eftir þörfum hvers og eins.

Augljós tengsl eru á milli hreyfingar og velíðunar og virkni almennt og er þetta mikil og góð þróun.

Engin heilsa er án góðrar geðheilsu segir einhvers staðar og geta sjálfsagt flestir tekið undir það. Gríðarlega jákvæð þróun hefur orðið í allri meðferð og hjúkrun geðsjúkra á undanförunum áratugum þar sem áhersla er lögð á að fækka og stytta innlagnir. Hefur fjölskylduhjúkrunin breytt þar miklu um og er talið að með tilkomu hennar hafi innlögnum fækkað talsvert. En góðir hlutir gerast hægt og á það kannski sérstaklega við á geðsviði. Þar virka engar „flýtibatameðferðir“ sem hafa þó gefið góða raun á mörgum öðrum sviðum. Hugrænar atferlismeðferðir og ýmsar samræðumeðferðir sem eru nauðsynlegur þáttur á geðsviði taka allar sinn tíma. Sú hugsun sem í þeim felst það er að finna lausnarmiðuð úrræði, hafa gefið mjög góða raun þar sem athyglinni er beint að lausnum á vandamálinum en ekki vandamálinu sjálfu.

Eitt af meginmarkmiðum endurhæfingar á geðsviði í dag er að byggja einstaklinginn upp þannig að hann geti sem best þrífist í virku samfélagi. Jafnframt að hann geti verið sáttur við sig og sitt umhverfi og upplifað sig sem sjálfstæðan einstakling þó með stuðningi heilbrigðiskerfis. Ljóst er að mikið og gott starf hefur verið unnið í þá veru og er mikill metnaður þar í gangi. Sem betur fer eru málefni geðsjúkra í stöðugri þróun hér á landi sem og annars staðar í hinum vestræna heimi.

Það hefur verið ómetanleg reynsla fyrir mig að kynnast þessum málaflokki. Hefur það verulega dýpkað sýn mína og aukið skilning minn á þörfum þessa hóps og leitt mig meðal annars í sannleikann um að þekking er besta vörnin gegn fordómum.

Lilja Bolladóttir

## Ávarp við upphaf 21. fulltrúaþings SLFÍ

# Fagna lögum um heilbrigðisstéttir

„Það ber að fagna því að í byrjum mánaðarins voru samþykkt ný lög um heilbrigðisstarfsmenn. Þessi lög taka gildi 1. janúar 2013 og við það falla úr gildi öll sér-lög sem löggiltar starfsstéttir hafa starfað eftir. Má þar m.a. nefna lög um sjúkraliða frá árinu 1984 með síðari breytingum og lög um hjúkrunarfræðinga sem gilt hafa að hluta til um sjúkraliða. Þessar breytingar gefa stéttinni gríðarlegt tækifæri ef rétt er á spilunum haldið. Allar stéttir eiga eftir að fá sérstaka reglugerð sem sett verður af velferðarráðherra með tillögum land-læknisembættisins. Þar munu koma fram bæði takmarkanir og viðurkenning á starfi stéttarinnar. Sem dæmi ættu sjúkraliðar að geta starfað með hvaða heilbrigðisstétt sem er og þurfa þá ekki að vera því ofurseldir að mega ekki ráðast til starfa nema við hlið þeirra starfi hjúkrunarfræðingur sem hafi yfirboðvald á þeim eins og nú er algengt.“

Þetta sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, við setningu 21. fulltrúaþingsins þann 10. maí síðastliðinn.

## Gríðarlega erfið ár

„Undanfarin ár hafa verið sjúkraliðastéttinni gríðarlega erfið í ljósi niðurskurðar,“ sagði Kristín enn fremur í ávarpi sínu. „Gengið hefur verið hart fram í því að láta enda ná saman á vinnustöðum. Ekki hafa allir verið á einu máli um hvernig staðið skuli að því. Einnig hefur ýmsu verið komið í framkvæmd undir yfirskyni sparnaðar og hefur þá oft ekki verið gætt að því að fara varlega og huga að manneskjulega þættinum.“

Eitt árið enn hefur álagið á sjúkraliða og aðra starfsmenn heilbrigðiskerfisins verið ógnvænlegt. Félagið hefur bent á að fyrir löngu sé komið að því að sjúkraliðar taki sig saman í því að samþykkja ekki hvað sem er í undirmönnun. Sjúkraliðar verða að sýna fram á að þeir séu fagstétt og vinni faglega og komist því ekki yfir alla þá þætti sem þeim er ætlað að framkvæma á hverri



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, í ræðustól á fulltrúaþingi félagsins.

vakt fyrir sig í endalausri undirmönnun. Það er ekki faglegt að hlaupa hraðar og hraðar þar til eitthvað lætur undan. Það getur ekki verið að það sé jákvætt hvorki fyrir sjúklinginn sem verið er að sinna né heilsu sjúkraliðans sem ofkeyrir sig við vinnu sína.

Enn hefur bæst í hóp þeirra sjúkraliða sem komnir eru á örorku vegna gríðarlegs álags, sem svo framkallar streitu. Oft gerist þetta án þess að sjúkraliðinn átti sig á stöðunni. Streitan er undirrót fjölmargra

sjúkdóma m.a. stoðkerfisvandamála og sál-rænna sjúkdóma. Þessu verður ekki snúið við fyrr en sjúkraliðar sjálfir taka sig saman og skipuleggja beina sýn stjórnenda á það hvað sé eðlileg mönnun. Það er bara verkefni sem þarf að vinna eins og hverja aðra vinnu og skipuleggja hana með einhverjum þeim hætti sem tekið er eftir.“

## Dugmiklir starfsmenn

Kristín sagði að allt það sem á hefur gengið á vinnustöðum sjúkraliða hafi bein áhrif á störf starfsmanna félagsins:

„Í því sambandi vil ég láta þess getið að Sjúkraliðafélag Íslands er ótrúlega heppið með þann mannauð sem það hefur á að skipa á skrifstofunni. Ég hef áreiðanlega aldrei hrósað þessum starfsmönnum okkar eins og vert er. Í raun má segja að það sé valinn maður á hverjum stað. Lilju Laxdal

*Eitt árið enn hefur álagið á sjúkraliða og aðra starfsmenn heilbrigðiskerfisins verið ógnvænlegt.*

fellur aldrei verk úr hendi og er óþreytandi við það að leysa mál sem koma inn í formi símtala og eins og ekki síður að taka við umsóknum í sjóði félagsins og afgreiða þær. Þetta gerir hún samhliða fjölmörgum tímafrekum verkefnum sem til falla, meðal annars við að halda félagaskránni við og uppfæra hana. Birna Ólafsdóttir sér um öll bankaviðskipti stór og smá jafnhliða því að sinna fagmálum stéttarinnar, stendur vaktina í að meta öll þau reiðinnar býsn af námskeiðum sem berast ásamt því að sitja í nefndum og ráðum sem leiða til þess að félagið hefur mikið fram að færa þegar kemur að þeim frumskógi sem menntamálin eru. Tveir nýir starfsmenn falla eins og flís við rass hvað samvinnu starfsmanna á skrifstofunni snertir. Hanna Hilmarsdóttir sem bókari í 40% starfi og gengur bara ótrúlega að ná yfir annars yfirgripsmikla vinnu í svo lítilli starfsþróun og Sigríður Ríkhardsdóttir sem sinnir símaþjónustu, DK kerfinu og heimasíðu í 60% starfi. Þá er ónefndur framkvæmdastjóri Gunnar Örn Gunnarsson sem er vakinn og sofinn við að halda utanum kjaramál og réttindi sjúkraliða ásamt orlofsmálum félagsins. Það er langt í frá auðveld staða að koma inn í starf sem framkvæmdastjóri í jafn umfangsmiklu félagi og SLFÍ er á jafn miklum umbrotatímum og hafa verið. En það hefur Gunnar gert með sóma og hefur á þeim árum sem liðin eru áunnið sér mikla viðurkenningu bæði á meðal félaganna innan BSRB og eins og ekki síður meðal viðsemjenda félagsins. Þetta ber að þakka. Ekki er svo Guðmundur Ingi Gunnlaugsson verkefnastjóri að skemma stöðuna, en hann er eins og þið vitið að vinna fyrir fjögur stéttarfélög og hefur aðstöðu hjá okkur. Hann er ekkert að veigra sér við að aðstoða á allan handa máta þegar svo ber undir þó svo að hann hafi fullt upp að gera í því starfi sem hann tók að sér fyrir félögin. Ég vil þakka þessu fólki fyrir alla þá vinnu sem það hefur lagt á sig í þágu sjúkraliða. Félagið væri ekki það sem það er nema vegna starfa þessa óeigingjarna fólks sem lítur á það sem sérstakt áhugamál að stéttinni vegni sem best.

Í dag eru tímamót í störfum félagsins að því leyti að í framkvæmdastjórn eru að hætta þrjár stjórnarkonur, einn aðalmaður og tvær varastjórnarkonur. Þær Margrét Þóra Óladóttir, Sif Eiðsdóttir og Guri Liv Stefánsdóttir. Allar eru þessar konur mætir einstaklingar sem unnið hafa að heilindum fyrir félagið og munum við í lok þings kveðja þær,“ sagði Kristín og sagði þingið sett.

## Lífeyrismál

# Réttindin verði varin

**21. fulltrúaþing SLFÍ leggur áherslu á að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna verði varin, réttindi sem samið hefur verið um í tengslum við kjarasamninga og hefur verið greitt fyrir með lægri launum.**

21. fulltrúaþing SLFÍ fagnar yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 29. mars 2011, þar sem öllum skerðingarhugmyndum á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna er í raun hafnað, og skorar á stjórnvöld að standa með starfsmönnum sínum gegn árásum utanaðkomandi aðila.

21. fulltrúaþing SLFÍ leggur áherslu á að ávinnsla lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna verði óbreytt. Fyrirhugaðar breytingar á ávinnslu, leiða til þess að þeir sem koma seint inn á vinnumarkaðinn skerðast verulega.

21. fulltrúaþing SLFÍ krefst þess að fulltrúar fjármálaráðherra í stjórn LSR fari að lögum og samþykki nauðsynlega hækkun iðgjalds launagreiðanda í A-deild sjóðsins, þannig að sjóðurinn standi undir lífeyrisloforðum.

21. fulltrúaþing SLFÍ krefst þess að ríkið sem vinnuveitandi greiði að fullu áfallnar lífeyrisskuldbindingar gagnvart sjóðfélögum B-deildar LSR.

21. fulltrúaþing SLFÍ leggur þunga áherslu á að meginhlutverk lífeyrissjóða er að greiða sjóðfélögum lífeyri, ekki að vera gulrót fyrir aðila vinnumarkaðarins eða vogarafl stjórnvalda við samningagerð.

21. fulltrúaþing SLFÍ gerir kröfu um að sjúkraliðum verði gert kleift að hætta störfum 65 ára án skerðingar á lífeyri.



Vestmannaeyjingarnir Guðmunda Steingrimsdóttir og Rósa Sigurjónsdóttir, formaður Vestmannaeyjadeildar.

## Stytt vinnuvika vaktavinnufólks

**21. fulltrúaþing SLFÍ krefst þess að vinnuvika vaktavinnufólks verði stytt, þannig að 80% vinna jafngildi 100% vinnu dagvinnumanns. Það hefur ítrekað verið sýnt fram á með rannsóknum að vaktavinna hefur slæm áhrif á líkamlega og andlega heilsu fólks. Vaktavinnufólk fer oft á tíðum á mis við eðlilegt fjölskyldulíf og þátttöku í félagslífi.**

21. fulltrúaþing SLFÍ leggur áherslu á að 55 ára sjúkraliðar geti hætt á næturvöktum án skerðingar á launum. Svefn og dægursveifla breytist/styttist með hækkandi aldri og laga þarf vinnufyrirkomulagið að þeim sem eiga orðið erfitt með næturvaktir vegna aldurs og þ.v. gefa þeim eldri tækifæri til að hætta vaktavinnu.

21. fulltrúaþing SLFÍ fagnar bókun 7 í síðasta kjarasamningi félagsins við fjármálaráðuneytið um heilsueflingu sjúkraliða í vinnutíma. Sjúkraliðar fara fram á að þeim verði gert kleift að stunda líkamlega þjálfun í vinnutíma, því sýnt hefur verið fram á að störf þeirra verða léttbærari ef fólk er í góðri líkamlegri þjálfun og dregur úr líkum á veikindum og vinnutengdum sjúkdómum.

## Jafnréttismál - kjaramál

# Ríkisstjórnin standi við stóru orðin

21. fulltrúaþing SLFÍ skorar á ríkisstjórnina að standa við stóru orðin um að jafnrétti yrði aukið á Íslandi. Boðuð var kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð sem átti m.a. að leiðrétta launamun kynjanna, en ekkert bólar á efndum.

Fyrir kreppu var 17-20% óútskýrður kynbundin launamunur sem að einhverju leyti dróst saman í upphafi kreppu. Nú er svo komið að kannanir sýna að launamunur kynjanna er að aukast aftur, þrátt fyrir að gerðir hafi verið langtíma kjarasamningar undir stjórn þessarar ríkisstjórnar. „Vandamálinu“ er sífellt vísað í nefndir og ráð sem eingöngu er til að drepa málinu á dreif og hefur hingað til ekki skilað neinum árangri.

Það er algerlega óásættanlegt að þrátt fyrir að á síðustu 36 árum hafi verið gefin út 5 jafnréttislög á Íslandi, hafi ekki meira áunnist en raun ber vitni í jafnréttismálum í landinu.

Kvennastörf eru og eiga að vera jafngild karlastörfum. Samfélag sem byggt er á norrænum grunni á ekki að sætta sig við óútskýrðan launamun og SLFÍ krefst þess að unnið sé að leiðréttingu af alvöru.

Sjúkraliðafélag Íslands gerir þá kröfu til ríkisstjórnar, sem er undir forsæti konu, að brettar verði upp ermar og kynbundnum launamun verði eytt til framtíðar.



Þingfulltrúar að störfum á 21. fulltrúaþingi Sjúkraliðafélagsins.

## Velferðarmál

# Aukinni gjaldtöku harðlega mótmælt

21. fulltrúaþing SLFÍ gerir kröfu um jafnan og góðan aðgang allra landsmanna að öflugum heilbrigðiskerfi. Félagið telur það vera forsendu þess að tryggja megi grundvallarrétt til heilbrigðis óháð efnahag.

Slíkan aðgang er ekki hægt að tryggja nema heilbrigðisþjónustan sé í höndum hins opinbera sem skipuleggur, stýrir og fjármagnar hana á grunni jafnréttis og samstöðu. Þjónustuna þarf að skipuleggja þannig að þarfir allra landsmanna séu hafðar í huga en ekki miðað við greiðslugetu og/eða búsetu.

21. fulltrúaþing SLFÍ mótmælir harðlega aukinni gjaldtöku í tengslum við heilbrigðisþjónustu, því slík hækkun kemur niður á þeim sem síst skyldi. Það er ekki auðugri þjóð sæmandi þegar svo er komið að almennir borgarar hafa ekki efni á að sækja sér nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.

21. fulltrúaþing SLFÍ hafnar algjörlega hvers kyns hugmyndum um markaðsvæðingu eða einkavæðingu heilbrigðiskerfisins sem byggja á hagnaðarsjónarmiðum og forgangi hinna efnameiri.



Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, verk-efnastjóri, í ræðustól.

## Innri málefni félagsins Aukin ábyrgð trúnaðar- manna

21. fulltrúaþing SLFÍ lýsir yfir mikilli ánægju með aukið vægi trúnaðarmanna í störfum félagsins í kjölfarið af stofnun trúnaðarmannaráðs SLFÍ og breytinga á lögum og reglugerðum félagsins.

Þessi breyting leggur aukna ábyrgð á herðar trúnaðarmanna en gerir þeim um leið auðveldara með að koma á framfæri sínum skoðunum á störfum og áherslum félagsins.

## Ályktanir full- trúaþingsins

Sjúkraliðinn birtir hér og á bls. 21 ályktanir sem samþykktar voru á 21. fulltrúaþingi SLFÍ, sem haldið var 10. maí 2012, en þar var ályktað um jafnréttis- og kjaramál, starfsmannamál, velferðarmál, lífeyrismál, menntamál og innri málefni félagsins.

## Menntamál

## Starfið ávallt í framþróun

21. fulltrúaþing SLFÍ fagnar mikilli og vaxandi þátttöku sjúkraliða í því góða framhalds- og símenntunar framboði sem í boði er fyrir stéttina.

Þingið leggur áherslu á að viðbótar-menntun sé metin að verðleikum í kjarasamningum og að sjúkraliðar bæti stöðugt við sig faglegri þekkingu því starfið er ávallt í framþróun.

## Ársskýrsla stjórnar Sjúkraliðafélags Íslands

# Álag á sjúkraliða hefur margfaldast

Sjúkraliðastéttin hefur ekki farið varhluta af þeim mikla niðurskurði í heilbrigðiskerfinu sem haldið hefur áfram síðastliðið starfsár. Þannig hafa stofnanir verið sameinaðar, yfirvinna tekin af, sjúkraliðum gert að minnka starfsþrósentu sína, stöður lagðar niður, sjúkraliðum sagt upp störfum og þeir látnir hlaupa enn hraðar við vinnu sína, sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, þegar hún kynnti ársskýrslu stjórnar félagsins á fulltrúaþingi SLFÍ sem haldið var í Reykjavík 10. maí síðastliðinn.

Í þessari grein verða helstu atriði ársskýrslu stjórnarinnar rakin.

## Áfram niðurskurður

Fram kom í ársskýrslu síðasta árs að aðaláherslumálið hefði verið að vernda störf og réttindi félagsmanna. Fjöldi mála höfðu komið til afgreiðslu hjá Réttindanefnd BSRB, lögfræðingi BSRB, Lögmennum Mörkinni og síðast en ekki síst höfðu formaður og framkvæmdastjóri SLFÍ leyst úr mörgum málum með fundum og viðtölum við yfirmenn stofnana. Ástandinu sem þarna er lýst hefur ekki batnað nema síður sé.

Það hefur ekki farið framhjá nokkrum að framhald hefur verið á þessum mikla niðurskurði í störfum hjá hinu opinbera og hefur sjúkraliðastéttin ekki farið varhluta af því ástandi. Þannig hafa stofnanir verið sameinaðar, yfirvinna tekin af, sjúkraliðum gert að minnka starfsþrósentu sína, stöður lagðar niður, sjúkraliðum sagt upp störfum og þeir látnir hlaupa enn hraðar við vinnu sína. Öllum þessum þáttum hefur félagið staðið frammi fyrir á starfsárinu sem er að líða og hefur það verið veigamesta vinnan í starfsemi félagsins. Fulltrúar þess hafa þurft að aðstoða trúnaðarmenn og einstaklinga við að koma á framfæri mótmælum við því gríðarlega álagi sem er á stéttinni. Það hefur verið gert með



Kristín Á. Guðmundsdóttir flytur skýrslu stjórnar á fulltrúaþinginu 10. maí síðastliðinn.

fundum, greinaskrifum, lögfræðiálitum og dómstólaleiðum. Af þessu hefur leitt gríðarlegt álag á skrifstofu félagsins sem er undirmönnuð í þeim hildarleik sem geisar, mikið álag á símkerfi og tölvusamskipti.

Í dag er fjöldi atvinnulausra sjúkraliða 27 eða 1,3% en það segir ekki alla söguna. Þeir sem hafa þurft að skerða starfsþrósentu sína eru ekki taldir með í þeim útreikningum þar sem þeir teljast ekki til atvinnulausra starfsmanna.

Álag á sjúkraliða hefur margfaldast og er svo komið að margir hverjir hafa þegar kíknað undan vinnuálagi með öllum þeim vandamálum sem því fylgja bæði andlega og líkamlega. Að sama skapi hefur álag á starfsendurhæfingarráðgjafa aukist til

*Á skrifstofunni starfar einvala lið sem gerir sitt besta til að koma til móts við þarfir félagsmanna í smáu og stóru.*

muna og hefur nú verið bætt við ráðgjafa m.a. af þessum sökum.

Verkefnastjóri Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sem fagstéttir innan BSRB sameinuðust um að ráða til að endurskoða trúnaðarmannakerfi félagsanna, hefur unnið tillögur að breytingum. Félagið skipaði starfshóp honum til ráðgjafar og verður fjallað um það starf síðar hér í skýrslunni.

Sr. Ægir Fr. Sigurgeirsson hefur unnið ómetanlegt starf fyrir sjúkraliðastéttina með ráðgjöf sinni og handleiðslu. Fjöldi sjúkraliða hefur sótt til hans og vill félagið koma á framfæri þakklæti fyrir hans óeigingjarna starf.

Formaður félagsins var með hátíðarávarp í Vestmannaeyjum á alþjóðlegum hátíðisdegi verkalýðsins 1. maí síðastliðinn. Þar fjallaði hún aðallega um jafnrétti kynjanna, stöðu mála innan heilbrigðiskerfisins og lífeyriskerfi landsmanna, en nánar er sagt frá ræðunni á öðrum stað í blaðinu.

Sjúkraliðafélag Íslands tók þátt í atvinnumessu sem haldin var í Laugardalshöll í mars síðastliðinn.

Fulltrúar félagsins voru viðstaddir vígslu nýs húsnæðis Heilbrigðisskólans við Ármúla en þar var tekið í notkun glæsilegt húsnæði fyrir sjúkraliðabrautina með fullkominni verknámsstofu, sem gerir það að verkum að mun auðveldara er fyrir bæði kennara og nemendur að vinna og gerir allt skólustarfið mun skemmtilegra.

## Skrifstofa og stjórn

Á árinu lét Margrét Tómasdóttir af störfum eftir langvinn veikindi. Félagið vill koma á framfæri miklu þakklæti fyrir störf hennar í þágu stéttarinnar. Í stöðu hennar voru ráðnar þær Hanna Hilmarsdóttir og Sigríður Ríkhardsdóttir sem skipta á milli sín einu stöðugildi.

Starfsmenn félagsins eru: Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður, Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Birna

Ólafsdóttir, skrifstofustjóri, Lilja Laxdal, skrifstofumaður, Hanna Hilmarsdóttir, bókari, Sigríður Ríkharðsdóttir, skrifstofumaður og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, verkefnastjóri.

Á skrifstofunni starfar einvala lið sem gerir sitt besta til að koma til móts við þarfir félagsmanna í smáu og stóru. Starfsmenn eru undir miklu álagi, sem er í raun endurspeglun á því ástandi sem er í þjóðfélaginu og því vinnuumhverfi sem sjúkraliðar starfa við daglega. Ástandið í heilbrigðiskerfinu hefur margfaldað þau mál sem koma inn á borð félagsins. Þau þarf að skilgreina, skrá og afgreiða á einn eða annan hátt, sama hvort málið er stórt eða smátt.

Á starfsárinu voru haldnir átján fundir í framkvæmdastjórn þar af einn vinnufundur, sex fundir í félagsstjórn, auk þess var fundað vítt og breytt á vinnustöðum. Einnig voru haldnir fjöldi funda í tengslum við gerð kjarasamninga sem undirritaðir voru sumarið 2011.

Stjórn Sjúkraliðafélags Íslands skipa Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður, Kristín Ólafsdóttir, varaformaður, Jóhanna Traustadóttir, ritari, Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri, Erla Linda Bjarnadóttir, Vesturlandsdeild, Guðlaug Sveinbjarnadóttir, Vestfjarðadeild, Albert Stefánsson, Norðurlandsdeild vestri, Jóhanna Þorleifsdóttir, Norðurlandsdeild eystri, Steingerður Steingrimsdóttir, Austfjarðadeild, Rósa Guðmundsdóttir, Vestmannaeyjadeild, Helga Sigríður Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Suðurnesjadeild. Varamenn í framkvæmdastjórn: Gurí Liv Stefánsdóttir, vararitari, Sif Eiðsdóttir, varagjaldkeri.

## Skýrsla kjaramálanefndar

Í kjaramálanefnd sitja auk formanns Kristínar Á. Guðmundsdóttur þær Birna Rut Þorbjörnsdóttir, Hulda Birna Frimannsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Margrét Auður Óskarsdóttir, Ingibjörg Friðriksdóttir, Jóna Jóhanna Jónsdóttir, Ragna Ágústsdóttir og Þórunn M. Ólafsdóttir. Starfsmaður nefndarinnar er Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri félagsins.

Á sumarmánuðum 2011 náðust kjarasamningar við viðsejendur félagsins eftir þó nokkurt þref. Sérstaklega var ánægjulegt að ná að ljúka samningum við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga en þeir sjúkraliðar sem hjá þeim aðilum störfuðu höfðu dregist allverulega aftur úr sjúkraliðum sem starfa

hjá ríki og sjálfseignastofnunum. Breytingar urðu á launatöflum sveitarfélaganna og Reykjavíkurborgar þar sem inn komu leiðréttingar fyrir þeim launamun sem orðið hafði. Að öðru leyti var samið um viðlíka hækkunar og önnur stéttarfélag höfðu samið um.

Félagið hefur í samstarfi við BSRB haldið úti kjarakönnun sem unnin er af

voru tveir á þessu starfsári en mikill undirbúningur fór fram með tölvupóstsamskiptum og gekk vel. Farið var yfir lista hverrar nefndar og kannað hversu margir ljúka nefndarsetu í ár og hverjir hefðu áhuga á að gefa kost á sér til áframhaldandi starfa. Birt var tilkynning á heimasíðu félagsins þar sem áhugasamir félagsmenn voru hvattir til þess að gefa kost



Forsetar og ritarar fulltrúaþingsins, frá vinstri: Sólveig Þóra Arnfinnsdóttir, Vestmannaeyjadeild, Guðmunda Birna Kristjánsdóttir, Akureyrardeild, Ásdís María Jónsdóttir, Reykjavíkurborg, Anna Björgmundsdóttir, Vesturlandsdeild.

Gallup. Fyrstu niðurstaðna er að vænta á vordögum 2012.

Kynning á kjarasamningum var haldin víða um land með fundum og útgáfu.

## Starfsemi uppstillinganefndar

Nefndina skipa þær Guðrún Helga Marteinsdóttir, Ólöf Jóna Friðriksdóttir, Lilja Björnsdóttir, Erna Aspelund og Brynja Bjarnfjörð Magnúsdóttir. Varamenn eru Helga Björk Harðardóttir og Birgitta Ýr Guðmundsdóttir.

Uppstillinganefnd kom fyrst saman í mars síðastliðnum. Fundir nefndarinnar

á sér til starfa, annaðhvort símleiðis eða með netfangi. Einn félagsmaður gaf kost á sér þannig og er með í tillögum nefndarinnar fyrir næsta starfsár. Ábendingar frá nefndarmönnum og öðrum sjúkraliðum voru þær leiðir sem skiluðu þó mestum árangri við tillagnagerð í nefndir. Einnig var ánægjulegt að sjá hversu margir gáfu kost á sér aftur til nefndarstarfa.

Nefndin telur mikilvægt að fá ábendingar frá formönnum nefnda, ef eitthvað má betur fara í uppstillingu nefnda. Mikilvægt er að þessar ábendingar komi fram í síðasta lagi í janúar, áður en uppstillinganefnd fer í þá vinnu að manna nefndir.

Tillaga Uppstillinganefndar í fastanefndir Sjúkraliðafélagsins Íslands liggur fyrir og verður borin upp á þingi SLFÍ.

## Ritnefnd Sjúkraliðafélagsins

Ritnefnd er skipuð þremur félagsmönnum, auk varamanns, og er kosin á fulltrúaþingi til þriggja ára. Ritnefnd skipa G. Steinunn Kristófersdóttir, María Busk og Þorbjörg Rut Guðnadóttir. Varamaður er Sigríður Karlsdóttir. Ritnefnd annast útgáfu og ritstýrir málgagni félagsins

*Stofnanir hafa verið sameinaðar, yfirvinna tekin af, sjúkraliðum gert að minnka starfsþróun sína, stöður lagðar niður, sjúkraliðum sagt upp störfum og þeir látnir hlaupa enn hraðar við vinnu sína.*



„Sjúkraliðanum“ ásamt ritstjóra blaðsins.

Frá síðasta fulltrúaþingi hafa verið gefin út fjögur tölublöð Sjúkraliðans, þar af eitt orlofsblað með upplýsingum um orlofskosti sjúkraliða fyrir komandi orlofstímabil.

Blaðið er mjög vandað að allri gerð og prýtt fjölda ljósmynda. Ritnefnd hefur kappkostað að hafa blaðið sem fjölbreytilegast í efnisvali.

Blaðið Sjúkraliðinn er gefinn út í 3.300 eintökum sem dreift er til félagsmanna, heilbrigðisstofnanna, ráðherra, alþingismanna, fjölbrautaskólanna, ýmissa ráðamanna og annarra sem hafa áhuga á mál-efnum sjúkraliða.

Fastir þættir hafa verið í blaðinu undanfarin ár, má þar nefna ritgerðir sjúkraliða og annað efni eftir sjúkraliða sem ritnefnd finnst eiga erindi til okkar allra. Kynntar hafa verið stofnanir og störf sjúkraliða þar, sem sýnir hvað störf sjúkraliða eru fjölbreytileg. Einnig eru í blaðinu greinar um kjaramál, lífeyrismál og annað efni sem er í brennidepli.

Blaðið er einnig gefið út rafrænt og er hægt að nálgast það á heimasíðu SLFÍ.

Ritnefnd vill þakka félagsmönnum fyrir góðar viðtökur við blaðinu og öllum sem hafa komið að útgáfu blaðsins fyrir ánægjulegt samstarf.

## Skýrsla laganefndar

Starfsárið hefur gengið vel fyrir sig að venju. Haldnir hafa verið þrjár formlegir fundir á starfsárinu, en einnig nokkrir óformlegir fundir. Auk þess boðaði félagsstjórn SLFÍ allar starfsnefndir félagsins til fundar í húsi BSRB í október síðastliðinn þar sem Kristín formaður fór yfir mikilvægi nefndarstarfa.

Tvö erindi bárust laganefnd frá félagsstjórn SLFÍ. Annars vegar tillögur um breytingar á lögum SLFÍ, það er að inn komi ný 28. grein um trúnaðarmannaráð og að aðrar greinar færast aftur sem því nemur. Auk þess var tillaga um að breyta reglum svæðisdeilda, það er 11. grein um trúnaðarmenn.

Rökin fyrir þessum breytingartillögum eru að á þessu starfsári hefur verið starfandi hjá félaginu verkefnisstjóri Guðmundur Ingi Gunnlaugsson við það verkefni að endurskoða trúnaðarmannakerfið. Síðustu vikurnar hefur svo starfað með honum starfsnefnd sem hefur haft það hlutverk að skoða hvaða breytingar tillögurnar muni hafa á lög félagsins og reglur svæðisdeilda. Laganefnd hefur síðan yfirfarið þessar breytingar og sam-

þykkt einróma. Breytingar þessar verða lagðar fyrir fulltrúaþingið til endanlegrar afgreiðslu.

## Skýrsla orlofsnefndar

Orlofsnefnd skipa þær Úlfheiður Ingvarsdóttir, Halldóra Lydía Þórðardóttir og Helga María Arnardóttir. Varamaður er



Kristín Ólafsdóttir, varaformaður kynnrir tillögur að lagabreytingum.

Dagný Einarsdóttir.

Starfsmaður orlofsnefndar er Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ.

Stjórn orlofsnefndar endurnýjaðist töluvert á síðasta ári og Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir tók að sér formennsku í stjórninni.

Stjórn Orlofssjóðs Sjúkraliðafélags Íslands hélt átta stjórnarfundir á síðasta starfsári. Stjórnin fylgist vel með þörfum og væntingum félagsmanna varðandi orlofsmál til að geta brugðist við þeim kröfum sem uppi eru hverju sinni. Áherslur síðustu ára hafa verið á endurnýjun og viðhald orlofseigna félagsins og eru allir bústaðir félagsins í mjög góðu ásigkomulagi.

Rekstur orlofssjóðs gekk vel á síðasta ári og hefur hann að mestu leyti gert upp skuld við Félagssjóð. Við gerð síðustu kjarasamninga náðist samkomulag við ríkið og Reykjavíkurborg um aukið framlag til orlofsmála og hafði það góð áhrif á rekstur sjóðsins.

Orlofsnefnd félagsins leggur áfram

*Orlofsnefnd félagsins leggur áfram metnað sinn í að bjóða félagsmönnum upp á sem fjölbreytilegasta orlofskosti í sumarleyfinu.*

metnað sinn í að bjóða félagsmönnum upp á sem fjölbreytilegasta orlofskosti í sumarleyfinu. Til þess hefur hún leitast við að taka upp einhverja nýbreytni hverju sinni og haldið áfram með þá kosti sem hafa gefist vel árin á undan. Helstu nýjungar sumarsins 2011 voru glæsileg íbúð í Kaupmannahöfn, tvær gönguferðir



Fráfarandi gjaldkeri félagsins, Margrét Þóra Óladóttir, flytur ávarp.

um hálendi Íslands og gönguferðir um Skotland.

Stjórn Orlofsnefndar mun áfram leggja aðaláherslu á fjölbreytta afþreyingu og ferðir innanlands fyrir félagsmenn en bjóða jafnframt upp á aukna möguleika á gistingu erlendis með íbúðum á Spáni og í Danmörku og göngu- og hjólaferðir erlendis undir leiðsögn íslenskra fararstjóra.

Umgengni og frágangur félagsmanna við orlofshús er yfirleitt til fyrirmyndar, en það kemur fyrir að til félagsins berast kvartanir um slæman frágang. Stjórn orlofsnefndar leggur ríka áherslu á að félagsmenn virði eigin sínar og skili þeim til viðtakanda hreinum og óskemmdum, þannig er mögulegt að losna við að ráða umsjónarmenn með orlofseignum félagsins. Ákvörðun sem hefði í för með sér verulega hækkun leigugjalda.

Leiguverð íbúðarinnar sem félagið hafði til leigu í Kaupmannhöfn átti að hækka um tugi prósent og var því ákveðið að leigja aðra íbúð. Nýja íbúðin er á Amager en var án húsgagna. Formaður orlofsnefndar og framkvæmdastjóri SLFÍ fóru til Kaupmannahafnar og keyptu allt inn í íbúðina og gerðu hana klára til leigu og er hún komin í gagnid.

Orlofssjóður félagsins hefur undanfarin ár staðið í verulegum framkvæmdum og þurft að njóta aðstoðar Félagssjóðs, sem

talið var eðlilegra en að leita til banka eða lífeyrissjóða. Orlofssjóður hefur nú að mestu leyti greitt upp skuldina við Félagssjóð. Orlofssjóður félagsins er í góðu rekstrarlegu jafnvægi.

Í Úthlíð var töluvert endurnýjað, skipt var um eldhúsinnréttingu og gólfefni, stór ísskápur keyptur og uppþvottavél. Síðastliðið vor var dyttað að því sem orðið var líúð og þreytt fyrir sumarútleigutíma. Rólur voru lagaðar, hús og pallur málað, flikkað var upp á vindskeiðar, rennur og handriði á verönd og borið var ofaní aðkeyrslu.

Umsóknir og úthlutun orlofskosta til félagsmanna voru áfram unnin rafrænt með þar til gerðu forriti, Frímanni. Þeir sem ekki höfðu aðgang að tölvu gátu sótt um skriflega. Rafræni kosturinn á að gera félagsmönnum mögulegt að sækja um og greiða leigugjöldin strax með millifærslu af Visa reikningi. Félagið hefur verið með samning við tölvuþjónustufyrirtækið AP media sem sér um og hannar orlofssíðu félagsins og heldur einnig utan um orlofsúthlutunar tölvukerfi félagsins. Reynslan af því samstarfi er mjög góð.

## Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefndinni sitja Birna Ólafsdóttir, formaður, SLFÍ, Birkir Þór Högnason, ritari, Vestmannaeyjadeild, Anna Björgmundsdóttir, Vestfjarðardeild og J. Eygló Benediksdóttir, Reykjavíkudeild. Á síðasta þingi var Birkir kosinn varamaður fræðslunefndar, en allir nefndarmenn sitja fundi nefndarinnar. Fræðslunefndin hélt fjóra formlega fundi, auk samskipta á netinu. Fundirnir voru allir haldnir í húsnæði SLFÍ að Grensásvegi 16 og landsbyggðarfulltrúar tengdir í gegnum síma.

Verkefni fræðslunefndar voru að mörgu leyti hefðbundin á starfsárinu en þau helstu voru eftirfarandi:

Sí- og endurmenntun: Að vanda var boðið upp á fjölmörg námskeið í sí- og endurmenntunarmiðstöð sjúkraliða, Framvegis. Helstu nýjungar hjá Framvegis eru að nú er boðið upp á fleiri námskeið í fjarkennslu fyrir sjúkraliða. Sífellt fleiri sjúkraliðar notfæra sér þessa þjónustu og taka námskeiðin heima hjá sér í gegnum tölvutengingu. Gæði þjónustunnar eru orðin meiri, betri búnaður og fleiri kennarar/leiðbeinendur tilbúnir að taka þessa tækni í sína þjónustu. Aukning hefur verið í fjölda kennslustunda á námskeiðum sjúkraliða og sífellt er boðið upp á ný námskeið og vinsæl eldri námskeið endurtekin. Samkvæmt síðustu stofnansamningum, sem gerðir voru í tengslum

við kjarasamninga félagsins, geta sjúkraliðar á mörgum stofnunum bætt við sig launaþrepum með því að taka fleiri starfstengd námskeið. Eftirspurnin eftir námskeiðum hefur því aukist mikið í kjölfarið og er reynt eins og kostur er að uppfylla hana. Nú er verið að undirbúa haustönnuna og verður boðið upp á fjölbreytt námskeið að vanda. Námsstoðir sem staðsett er á Akureyri hefur einnig boðið upp á nýjungar í námskeiðum og sjúkraliðar hafa verið duglegir að sækja sér símenntun þar. Fræðslunefndin þakkar bæði Framvegis og Námsstöðum fyrir samstarfið á síðasta starfsári.

Kynning á Sjúkraliðafélagi Íslands fyrir sjúkraliðanemum í framhaldsskólum: Formaður fræðslunefndar og formaður ung-

fræðslu svo lengi sem eftirspurn félaga verður eftir námskeiðum. Ástæða er til þess að hvetja alla trúnaðarmenn félagsins til þess að sækja þessi námskeið sér til gagns í sínum störfum sem trúnaðarmenn.

Vinnustaðanamssjóður: Á síðasta starfsári var unnið að drögum að frumvarpi til laga um Vinnustaðanamssjóð. Þessum sjóði er ætlað að jafna kostnað fyrirtækja og stofnana af vinnustaðanami og starfsþjálfun á vinnustað, sem er skilgreindur hluti af starfsnámi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla. Markmiðið er að stuðla að eflingu vinnustaðanams og starfsþjálfunar og auðvelda nemendum að ljúka tilskildu námi. Nú þegar hefur verið úthlutað úr



Félagsstjórn Sjúkraliðafélagsins kemur saman til fundar daginn fyrir fulltrúaþingið.

liðadeildar SLFÍ lögðu land undir fót og heimsóttu nokkra skóla á starfsárinu. Auk þess koma formenn landshlutadeildanna til að kynna starfssemi deildanna á hverjum stað. Á síðasta starfsári var Verkmenntaskólinn á Akureyri heimsóttur, Menntaskólinn á Ísafirði, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. Í þessum heimsóknunum gefst tækifæri á að kynna Sjúkraliðafélagið og fyrir hvað það stendur og svara spurningum sjúkraliðanema.

Trúnaðarmannafræðslan: Námskeið fyrir trúnaðarmenn eru sífellt í gangi. Fjölmargir trúnaðarmenn hafa útskrifast með þau sex stig sem í boði eru á vegum BSRB og ASÍ. Áfram verður boðið upp á

Vinnustaðanamssjóðnum og sóttu allmargar stofnanir um er hafa sjúkraliða í vinnustaða- og starfsþjálfunarnámi um styrk til sjóðsins. Vonandi er þessi sjóður kominn til að vera því það auðveldar nemendum og stofnunum að hafa nemendur í vinnustaðanami.

Íslandsmeistaramót iðn- og verkgreina: Í mars síðastliðnum tóku sjúkraliðanemar í fyrsta skipti þátt í Íslandsmeistaramóti iðn- og verkgreina. Þessi keppni á sér talsverða sögu hér á Íslandi og erlendis meðal iðnaðarmanna, þótt þetta væri í fyrsta skiptið sem BSRB félag tók þátt í slíkri keppni. Skipulagningin var í höndum fræðslunefndar og framkvæmdastjórnar félagsins, auk brautarstjóra keppnisskólanna. Til þátttöku fengust fjögur tveggja manna lið, eitt frá Verkmenntaskólanum á Akureyri, eitt frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og tvö lið frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Keppninni fylgdi talsverður undirbúningur og umsvif. Sjúkraliðar tóku að sér þjálfarahlutverkið fyrir sjúkraliðanemana, ásamt tveimur tveggja

*Helstu nýjungar hjá Framvegis eru að nú er boðið upp á fleiri námskeið í fjarkennslu fyrir sjúkraliða.*

manna dómarapörum sem dæmdu verk-efnið. Í hlutverki sjúklinga voru einnig sjúkraliðar. Keppnin var haldin í Háskólanum í Reykjavík og stóð yfir í tvo daga og var keppt í 20 greinum. Tvö þúsund grunnskólanemar heimsóttu keppnina fyrri daginn og var stór hópur sjúkraliða sem tók á móti þeim og kynnti fyrir þeim sjúkraliðastarfið og afhentu bæklinga og endurskinsmerki. Einnig sáu sjúkraliðar um að veita fyrstu hjálp, ef einhver óhöpp yrðu hjá keppendum. Þetta verkefni þótti takast afar vel og er vonandi komið til að vera fastur liður hér eftir hjá félaginu. Keppnin er haldin annað hver ár og verður næst 2014.

## Breytt trúnaðarmannakerfi

Á fundi framkvæmdastjórnar SLFÍ þann 7. desember 2011 var skipaður vinnuhópur til þess að gera tillögu um breytt trúnaðarmannakerfi og um mögulega stofnun trúnaðarmannaráðs á vettvangi félagsins. Eftirtaldir voru skipaðir í vinnuhópinn: Kristín Ólafsdóttir, Hulda Birna Frímansdóttir og Birna S. Helgadóttir. Ákveðið var að Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, verkefnisstjóri, myndi vinna með hópnum, rita fundargerðir og halda utan um gögn hans.

Vinnuhópurinn kom saman á fyrsta fund þann 4. janúar 2012 og ákvað að Kristín Ólafsdóttir myndi vera talsmaður hópsins. Ákveðið var að rýna laga- og reglugerðamhverfið sem snertir störf trúnaðarmanna og trúnaðarmannaráða.

Annar fundur vinnuhópsins var haldinn 9. janúar 2012. Á þeim fundi var farið yfir hinar ýmsu hliðar á „regluverkinu“ um trúnaðarmenn. Farið var yfir hvaða greinar í lögum SLFÍ þurfi að breytast verði af stofnun trúnaðarmannaráðs. Eftir að reglur fyrir svæðisdeildir félagsins höfðu verið yfirfarnar þótti rétt að gera breytingu á einni grein þeirra til samræmingar við mögulegar lagabreytingar.

Þriðji fundur vinnuhópsins var haldinn 16. janúar 2012. Á þeim fundi var lögð fram framtillaga að breytingum á þremur lagagreinum SLFÍ og samhliða að ein ný grein bættist við. Einnig var lögð fram framtillaga að breytingu á einni grein í reglum um svæðisdeildir. Farið var yfir kostnaðarmat frá skrifstofu félagsins vegna mögulegs fundar í fullskipuðu trúnaðarmannaráði. Rætt var um að slíkir fundir verði einu sinni á ári að jafnaði. Fyrirliggjandi tillögur voru fínslipaðar á þessum fundi og

ákveðið var að senda þær þannig til framkvæmdastjórnar SLFÍ og fá fram viðhorf hennar til þeirra.

Fjórdi fundur vinnuhópsins var haldinn 24. janúar 2012. Fyrir þessum fundi lágu tillögur frá vinnuhópnum og framkvæmdastjórn SLFÍ um smávægilegar breytingar á þeim tillögum sem höfðu verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina.



Formaður Kristín Á. Guðmundsdóttir með fráfarandi stjórnarkonum í lok þings, en þær eru frá vinstri Sif Eiðsdóttir, Margrét Þóra Óladóttir og Guri Liv Stefánsdóttir.

Breytingar voru gerðar til samræmis við þessar hugmyndir og vinnuhópurinn afgreiddi frá sér tillögu að lagabreytingum og tillögu að breytingu á 11. gr. reglna um svæðisdeildir SLFÍ. Farið var yfir fyrirliggjandi kostnaðarmat sem hafði tekið lítilsháttar breytingum og það einnig afgreitt frá vinnuhópnum.

Fimmti fundur vinnuhópsins var haldinn 12. mars 2012. Verkefni þessa fundar var að móta tillögu að starfsreglum fyrir mögulegt trúnaðarmannaráð sem skyldi leggja fyrir fulltrúaþing SLFÍ í maí samhliða tillögum að laga- og reglubreytingum. Samþykkt var tillaga að starfsreglum og ákveðið að senda hana til framkvæmdastjórnar SLFÍ.

*Fjölmarginir trúnaðarmenn hafa útskrifast með þau sex stig sem í boði eru á vegum BSRB og ASÍ.*

Nauðsynlegt reyndist að samræma fyrirliggjandi tillögur að lagabreytingum og starfsreglum. Var það gert með samráði fulltrúa í vinnuhópnum.

## Framvegis

Framvegis, miðstöð símenntunar, er sjálfstætt rekin fræðslu- og símenntunarmiðstöð í eigu BSRB, Sjúkraliðafélagsins,

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, SFR stéttarfélags og Promennt. Miðstöðin var sett á fót árið 2001 í þeim tilgangi að koma til móts við sí- og endurmenntunarpörf starfsgreina sem Heilbrigðisskólinn í Fjölbraut við Ármúla útskrifaði. Hlutverk Framvegis er að bjóða upp á fagleg símenntunarnámskeið og nám fyrir einstaklinga með stutta formlega menntun sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði eða undirbúa sig fyrir frekara nám.

Á árinu var unnið að markmiðum nýrra laga um framhaldsfræðslu sem samþykkt voru árið 2010 og mikil vinna lögð í að bjóða í fyrsta sinn upp á vottað nám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Skrifað var undir þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í mars ásamt viðaukasamning vegna vottaðra námsleiða. Námsleiðir Fræðslumiðstöðvarinnar eru hannaðar með markhóp laga um framhaldsfræðslu í huga. Mikil ánægja fólst í því að bjóða upp á Grunnám skólaliða, námsleið Fræðslumiðstöðvarinnar, í samstarfi við Reykja-

víkurborg og Starfsmannafélagið á haustönn. Erfiðlega gekk að finna nemendur í Skrifstofuskólann, en þó tókst að fara af stað með hóp á haustönn. Á árinu var rík áhersla lögð á að bjóða upp á hágæða fjarkennslu og námsmönnum Skrifstofuskólans stóð til boða að sitja námið í stað eða fjarkennslu. Mat námsmanna á námsleiðinni sýndi að þeir voru mjög ánægðir með þennan valkost.

Sjúkraliðanámskeið voru í auknum mæli boðin í fjarkennslu og má að hluta til rekja aukningu þátttakenda og nemendastunda til þessarar nýjungar. Ákveðið var að þjónusta fjarnema og leiðbeinanda vel á meðan fjarkennslu stóð og því var starfsmaður ávallt til staðar til þess að sjá um tæknilegu hlið fjarkennslunnar.

Í samstarfi við Sjúkraliðafélag Íslands skipulögðu starfsmenn Framvegis ráðstefnu fyrir sjúkraliða sem haldin var í maí. Ráðstefnan var haldin í björtum sal í Rúgbrauðsgerðinni með hátt í 200 sjúkraliðum. Hugmyndin að ráðstefnunni kom til vegna þess hve áhugasamir sjúkraliðarnir voru að sækja námskeið þann veturinn. Þar sem einblínt er á faglega starfsþróun við hönnun símenntunarnámskeiðanna var ákveðið að halda ráðstefnu með erindum sem gáfu þátttakendum tækifæri á að líta inn á við og styrkja persónulega hæfni sína. Erindin fjölluðu um húmor, gjörhygli, heimspeki og sálrænt minnisleysi. Sjúkraliðar fjölmenntu.

Fulltrúi SLFÍ í stjórn Framvegis er Birna Ólafsdóttir.

## Fræðslunefnd BSRB

Stjórn BSRB ákvað á fundi sínum 19. nóvember 2009 að innan BSRB verði áfram starfandi fræðslunefnd. Hlutverk nefndarinnar er að halda utan um trúnáðarmannafræðslu og aðra félagslega fræðslu á vegum BSRB. Jafnframt ber fræðslunefnd að fylgja eftir áherslum 42. þings BSRB í ályktun þingsins um fræðslumál. Stjórn og/eða framkvæmdanefnd BSRB getur falið fræðslunefnd önnur verkefni eftir þörfum.

Fræðslunefnd BSRB skipuleggur námskeið sem haldin eru á vegum samtakanna, og er markmiðið að miðla fróðleik og þjálfun til félagsmanna sem nýtist þeim vel á vettvangi félagsmála og í samskiptum við annað fólk. Trúnáðarmannafræðsla BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu hófst vorið 2008. Trúnáðarmannanámið er í fimm þriggja daga námskeiðum og einu tveggja daga og er metið til 10 eininga á

framhaldsskólastigi. Þá hefur fræðslunefnd BSRB forystufræðslu fyrir stjórnarmenn í aðildarfélagunum. Einnig hafa verið haldin námskeið í samningatækni fyrir samninganefndir aðildarfélaganna. Að lokum má nefna starfslokánámskeið fyrir BSRB félag og maka þeirra sem hafa verið mjög fjölmenn undanfarin ár.

Fulltrúi SLFÍ í Fræðslunefnd BSRB er Birna Ólafsdóttir.



Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir var með nafnakall í upphafi þingsins.

## Jafnréttisnefnd BSRB

Hlutverk jafnréttisnefndar er að fylgja eftir áherslum 42. þings BSRB í ályktun þingsins um jafnréttismál og ályktun þingsins um mansal. Hlutverk nefndarinnar er einnig að vera leiðbeinandi aðili fyrir stjórn í jafnréttismálum. Stjórn eða framkvæmdanefnd BSRB getur falið jafnréttisnefnd önnur verkefni eftir þörfum. Nefndin hittist mánaðarlega. Starfsmaður jafnréttisnefndar BSRB er Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB.

Fulltrúi Sjúkraliðafélags Íslands í Jafnréttisnefnd BSRB er Ingibjörg Þorsteinsdóttir, formaður Suðurnesjadeildar innan SLFÍ.

## Réttindanefnd BSRB

Stjórn BSRB ákvað á fundi sínum þann 10. desember 2009 að innan BSRB verði áfram starfandi réttindanefnd BSRB. Hlutverk réttindanefndar er að taka til

*Sjúkraliðanemar tóku í fyrsta skipti þátt í Íslandsmóti iðn- og verkgreina.*

skoðunar erindi sem stjórn eða einstök aðildarfélög vísa til hennar. Fulltrúar BSRB sem skipaðir eru í nefndir og ráð um réttindamál á vegum bandalagsins geta leitað liðsinnis réttindanefndar við vinnslu gagna og skal nefndin vera þeim til ráðgjafar sé eftir því leitað. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði tekið til athugunar mál sem snerta sameiginlega hagsmuni. Niðurstöður réttindanefndar eru ráðgefandi.



Ólöf Jóna Friðriksdóttir kynnti tillögur uppstillinganefndar.

Fulltrúi SLFÍ í réttindanefnd er Gunnar Örn Gunnarsson.

## Heilbrigðis- og velferðarhópur

Stjórn BSRB ákvað á fundi sínum 10. desember 2009 að innan BSRB verði starfandi heilbrigðis- og velferðarhópur. Hlutverk hópsins er að fylgja eftir áherslum 42. þings BSRB í ályktun þingsins um opinbera almannaþjónustu og ályktun um nýsköpun í almannaþjónustu, ásamt ályktun um félagsmál. Hlutverk hópsins er einnig að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um heilbrigðis- og velferðarmál. Hópurinn á að afla upplýsinga um aðstæður félagsmanna BSRB sem starfa innan velferðarþjónustunnar og fylgjast með umræðum og vera bakland fyrir Velferðarvakt ríkisstjórnarinnar þar sem BSRB á fulltrúa. Stjórn og/eða framkvæmdanefnd BSRB getur falið heilbrigðis- og velferðarhópnum önnur verkefni eftir þörfum.

Fulltrúi SLFÍ í nefndinni er Kristín Ólafsdóttir.

## Lífeyrissjóðsnefnd BSRB

Lífeyrissjóðsnefnd BSRB er samráðs-

vettvangur fulltrúa BSRB í stjórnnum lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins: Árni Stefán Jónsson, Þórveig Þormóðsdóttir, Trausti Hermannsson og Kristín Á. Guðmundsdóttir. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga: Elín Björg Jónsdóttir og Garðar Hilmarsson. Hjá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda: Gunnar Gunnarsson.

## Starfsgreinaráð

Starfsgreinaráð skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setja fram markmið starfsnáms. Að fengnum tillögum starfsgreinaráða gefur menntamálaráðherra út námskrá í sérgreinum starfsnáms. Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokk eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra.

Birna Ólafsdóttir situr sem fulltrúi BSRB í starfsgreinaráði heilbrigðis-, félags- og tómstundagreina.

## Starfsþróunarsjóður

Styrktarsjóður SLFÍ og Starfsmenntasjóður BSRB vinna mjög náið saman að því að sjá sjúkraliðum fyrir styrkjum til að stunda nám og námskeið. Á starfsárinu var ákveðið að hækka styrki úr Starfsþróunarsjóði SLFÍ til námskeiða úr því að vera 40.000 kr. á tveggja ára fresti í 100.000 kr. og er þá samanlagður möguleiki sjúkraliða 160.000 kr. á tveggja ára fresti þegar styrkur í Starfsmenntunarsjóði BSRB er hafður með.

Styrkveitingar milli árána 2008-2009 jukust úr því að vera 9.154.649 í 10.317.531. Samtals eru það 679 einstaklingar sem hafa fengið styrki úr báðum sjóðum á síðasta starfsári. Taka má fram að bak við hverja kennitölu geta verið fleiri en ein úthlutun.

## Styrktarsjóður BSRB

Sjúkraliðafélag Íslands á aðild að Styrktarsjóði BSRB, en sjóðurinn var stofnaður árið 2000. Þá fyrst fengu starfsmenn sveitarfélaga sjúkrasjóðsréttindi áþekkt þeim sem verið höfðu á almennum markaði um áratuga skeið.

Á aðalfundi sjóðsins sem haldinn var í október síðastliðinn var stjórn sjóðsins endurkjörin, en hana skipa: Garðar Hilmarsson, St.Rv., formaður, Kristín Á. Guð-

mundsdóttir, Sjúkraliðafélaginu (SLFÍ), Guðbjörg Antonsdóttir, Kili, Torfi Friðfinnsson, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS), og Þórveig Þormóðsdóttir, Félagi starfsmanna stjórnarráðsins, ritari. Varamenn eru Vala Dröfn Hauksdóttir, Starfsmannafélagi

reglum og hærri styrkjum.

Heildarfjárhæð greiddra styrkja hækkaði um 54% milli ára. Umsækjendum fjölgaði um 22%. Kostnaður við stærstu styrktarflokkana hækkaði á bilinu 25%-55%.

Eftirfarandi eru nokkrir af helstu



Fulltrúar í djúpum hugleiðingum á þinginu. Frá vinstri: Hulda Birna Frímansdóttir, Sigrún Valladsdóttir og Þórunn MJH Ólafsdóttir.

Garðabæjar og Sverrir Björn Björnsson, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS). Í upphafi fundar flutti formaður skýrslu stjórnar. Í máli hans kom fram að breyting varð á rekstri sjóðsins árið 2011. Styrkir hækkuðu verulega milli ára og umsækjendum fjölgaði. Stöðug aukning hefur verið á umsækjendum eftir hrun, sjóðfélagar eru meðvitaðri um rétt sinn og fagna rýmri

*Vinnuhópur hefur gert tillögu um breytt trúnaðarmannakerfi og stofnun trúnaðarmannaráðs á vettvangi félagsins.*

styrkjum sjóðsins: Fæðingarstyrk eiga allir félagsmenn rétt á sem hafa verið starfandi síðustu 6 mánuði fyrir fæðingu barns og hafa gildan ráðningarsamning við upphaf fæðingarorlofs. Starfshlutfall verður að vera að lágmarki 20%. Framhaldsrannsókn vegna krabbameinsleitar í brjóstum, ristli og blöðruhálskirtli er styrkt að 10.000,-. Styrkur til sjúkraþjálfunar er 1.500,- í 25 skipti. Styrkur til meðferðar hjá sálfræðingi er 5.000,- í 15 skipti. Styrkur til dvalar hjá Heilsustofnuninni í Hveragerði er 2.000,- í 20 daga. Skoðun hjá Hjartavernd er styrkt allt að 17.000,-. Styrkur vegna tæknifrjóvgunar er 150.000,- einu sinni. Sjónlagsaðgerð á báðum augum er 100.000,-. Réttur til gleraugna og heyrnartækjastyrkja er einu sinni á 36 mánaða fresti. Líkamsræktar-

styrkur er 20.000,-. Styrkur vegna útfarar félagsmanns er 200.000,-.

Heildargreiðslur vegna sjúkradagpeninga hafa hækkað um 20% milli ára. Á sama tíma hefur umsækjendum fjölgað um 48%, þannig að meðalgreiðslur á umsækjanda hafa lækk- að. Þessa þróun má rekja til þess að á árinu 2011 ákvað stjórn sjóðsins að greiða tveim hópum sem ekki höfðu áður rétt, atvinnu- lausum, félagsmönnum í veikindum, ásamt félagsmönnum með 360 daga veikindarétt hjá vinnuveitanda, 45 daga rétt hjá sjóðnum. Einnig hefur haft áhrif ráðgjöf Virk starfs- endurhæfingarsjóðs, ásamt hertum kröfum Tryggingarstofnunar um að umsækjendur endurhæfingarlífeyris og örorkubóta hafi nýtt veikindarétt sinn hjá stéttarfélagi. Fæð- ingarstýrkjum fjölgaði um 15% milli ára, sem rekja má til stærri fæðingarárangars og auk- innar meðvitundar karla um rétt sinn.

Félagsmenn sem nutu styrkja vegna lík- amsræktar og endurþjálfunar margskonar fjölgaði um 24% milli árunna 2010 og 2011. Veruleg hækkun hefur orðið á styrkfjár- hæðum hjá sjóðnum á sama tíma og sam- dráttur er hjá Sjúkratryggingum. Áður voru niðurgreidd 25 skipti í sjúkraþjálfun, en nú 20 skipti. Tími í sjúkraþjálfun hefur hækkað um ca. 20% á síðustu 2 árum. Á sama tíma hefur Styrktarsjóðurinn hækkað styrkinn um 50%. Umsókn um styrk til kaupa á heyrnartækjum hefur fjölgað um 60% og heildargreiðslur vegna málaflökksins hafa hækkað um 54% á milli ára. Ástæðan er aukin notkun, um er að ræða dýr tæki. Greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga er hlut- fallslega lág. Tannlæknakostnaður sem stendur fyrir um 20% af heildarúthlutunum sjóðsins hefur staðið nánast í stað frá fyrra ári bæði hvað snertir fjölda umsækjenda og greiðslur. Greiðsluþátttaka ríkisins er lítil, þjónustan dýr og þar af leiðandi mjög tengd kaupmætti félagsmanna.

Starfsmenn sjóðsins eru þau Ástriður Jóns- dóttir og Ólafur Bjarni Andrésson forstöðu- maður.

## Starfsmenntasjóður BSRB

Eins og fyrri ár hefur Sjúkraliðafélagið úthlutað styrkjum úr sjóðnum samkvæmt reglum sjóðsins og sent reikning á stjórn Starfsmenntunarsjóðs BSRB. Lítið hefur verið um fundi í sjóðstjórn. Stjórn sjóðsins skipa: Lárus Ögmundsson, formaður, Birgir Guð- jónsson, ritari, Kristín Á. Guðmundsdóttir SLFÍ og Baldvin Ármann Þórisson, Toll- varðafélagi Íslands.

Á síðasta starfsári var styrkjum til sjúkra- liða úthlutað sem hér segir: Nám innan- lands 18.247.775 kr. Nám erlendis 122.500 kr.

Ferðastyrkur innanlands 83.670 kr. Ferða- styrkur erlendis 277.250 kr. Úthlutað var alls 18.731.195 kr.

## BSRB

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja er langstærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Öll sambönd og félög opinberra starfsmanna geta orðið aðilar að BSRB. Auk þess eiga rétt til aðildar sambönd og félög starfsmanna fyrirtækja og stofnana sem starfa í almannatjónu og einstaklingar í opinberri þjónustu sem ekki eiga rétt til að-



Orlofsjóður Sjúkraliðafélagsins festi á starfsárinu kaup á þessu sumarhúsi í Skagafirði.

ildar að neinu bandalagsfélagi. Aðildarfélag BSRB eru 27 talsins og er fjöldi félagsmanna rúmlega 20.000. Um tveir þriðju félagsmanna eru konur.

Á skrifstofu BSRB starfa 10 starfsmenn sem annast ýmis störf fyrir samtökin og aðildar- félög þess. Meðal þess sem skrifstofan annast er hagfræðiþjónusta og lögfræðiþjónusta við félögin. Þá gefur bandalagið út BSRB-tíðindi og miðlar upplýsingum í formi upplýsinga- blaða til félaganna. Auk þess sér skrifstofan um alhliða upplýsingaþjónustu við félags- menn í aðildarfélögum BSRB, svo sem upp- lýsingar um réttindi og kjör, samninga og ýmislegt fleira.

## Virki

Um 200 manns mættu á ársfund VIRK 2012 sem haldinn var í salnum Norðurljós í Hörpu 12. apríl 2012. Fundurinn hófst með

*Á starfsárinu var ákveðið  
að hækka styrki úr  
Starfsmenntasjóði SLFÍ  
til námskeiða*

ávarpi Guðbjarts Hannessonar velferðarráð- herra. Vigdís Jónsdóttir fór síðan yfir starf- semi VIRK á síðasta ári og stefnu til framtíðar og að því loknu hélt Ingibjörg H. Jónsdóttir prófessor við Institute of Stress Medicine í Gautaborg áhugavert erindi um reynslu og niðurstöður nýjustu rannsókna varðandi for- varnir og starfsendurhæfingu vegna kulnunar og síþreytu. Að loknu kaffihléi voru síðan hefðbundin ársfundarstörf á dagskrá þar sem ársreikningur var samþykktur, endurskoð- andi kjörinn og tilkynnt um skipan í stjórn til næstu tveggja ára. Stjórn og stofnaðilar

lögðu til breytingar á skipulagsskrá sem voru samþykktar á fundinum og miða þær að því tryggja aðild Landssamtaka lífeyrissjóða að stjórn og fulltrúaráði VIRK.

Nýtt ársrit VIRK um starfsendurhæfingu er komið út og var því dreift á fundinum. Þeir sem vilja fá eintak af ársritinu geta nálgast það á skrifstofu VIRK eða sent póst á virk@virk.is og fengið það sent. Einnig er hægt að nálgast önnur gögn af ársfundinum á heima- síðu VIRK þar á meðal afrit af glærum Vig- dísar Jónsdóttur framkvæmdastjóra VIRK.

## EPN

EPN - The European Council of Practical Nurses - hélt tvo stjórnarfundu á tímabilinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Reykjavík. Í tengslum við fundinn var farið með stjórnar- menn í heimsókn til Vestmannaeyja, þar var farið í skoðunarferð um eyjuna og á sjúkra- húsið, þar sem tekið var á móti hópnum og honum fylgt um stofnunina. Seinni fundur- inn var haldinn í Kaupmannahöfn í janúar síðastliðinn. Ákveðið var að aðalfundur sam- takanna yrði haldinn í Danmörku 19. sept- ember n.k. og í tengslum við hann verður haldin fagræðstefna sem aðallega mun fjalla um heilbrigðisæskni.

Hæstiréttur snýr við dómi undirréttar

# Ólögsmæt uppsögn

Hæstiréttur hefur snúið við dómi hér- aðsdóms í brottrekstrarmáli hjá opinberu hlutafélagi, Isavia á Keflavíkurflugvelli, og dæmt uppsögn öryggisvarðar án undanfarandi áminningar ólögsmæta og skaðabótaskylda. Dómurinn er mikilvægur fyrir þá opinberu starfsmenn sem færst hafa til opinberra hlutafélaga með óbreytt réttindi frá fyrri vinnuveitanda.

Málsatvik voru þau að 1. október 2006 hóf öryggisvörðurinn störf hjá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, og var hann fastráðinn hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum með samningi 31. maí 2007. Í ráðningarsamningnum kom fram að um réttindi og skyldur starfsmannsins færi eftir lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Auk þess var tekið fram að þau lög og kjarasamningur lægju til grundvallar við gerð ráðningarsamningsins.

Isavia ohf tók við rekstri Keflavíkurflugvallar 1. janúar 2009 en félaginu var komið á fót samkvæmt heimild í lögum nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar. Frá þeim tíma tók Isavia við öryggisgæslu á Keflavíkurflugvelli. Af þeim sökum voru lögð niður störf við öryggisgæslu þar á vegum embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum. Með sameiginlegu bréfi Isavia og lögreglustjórans 29. október 2008 var öryggisverðinum tilkynnt að Isavia myndi yfirtaka ráðningarsamning hans í samræmi við reglur laga nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Í bréfinu var tekið fram að réttindi og skyldur samkvæmt ráðningarsamningi við öryggisvörðinn færdust til Isavia og því yrði ekki breyting við aðilaskiptin á launum eða starfskjörum hans samkvæmt ráðningarsamningi. Þannig yrði meðal annars miðað við að skuldbinding vegna áfallins orlofs og áunnins veikindaréttar flyttist yfir til stefnda. Í samræmi við þetta hóf öryggisvörðurinn störf hjá Isavia í ársbyrjun 2009.

Hinn 29. maí 2009 var öryggisvörðurinn kallaður á fund hjá Isavia þar sem honum var sagt upp störfum. Á fundinum var honum afhent uppsagnarbréf en þar kom fram að hann væri leystur undan vinnuskyldu á samningsbundnum uppsagnarfresti sem var þrjú mánuðir.



Hæstiréttur sneri við dómi undirréttar í málinu.

## Óbreytt réttindi og skyldur

Í dómi Hæstaréttar segir að eftir að öryggisvörðurinn hóf störf hjá Isavia í ársbyrjun 2009 sinnti hann sömu verkefnum og hann hafði gegnt áður í starfi sínu hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Þá átti hann áfram aðild að sama stéttarfélagi, SFR – stéttarfélagi í almannatjónustu, meðan hann starfaði hjá Isavia. Í bréfi til öryggisvarðarins 29. október 2009, sem var ritað sameiginlega af Isavia og lögreglustjóranum á Suðurnesjum, sagði að réttindi og skyldur samkvæmt ráðningarsamningi hans færdust til Isavia. Að þessu leyti var ekki gerður fyrirvari um að hann ætti að njóta lakari verndar gegn uppsögn en hann bjó við hjá fyrri vinnuveitanda. Var Isavia þó í löfa lagið að búa þannig um hnútana að hlutafélagið hefði rýmri heimild að þessu leyti, en það var Isavia meðal annars kleift með því að ganga frá skriflegum ráðningarsamningi þess efnis

*Bar Isavia að veita öryggisverðinum áminningu ef framganga hans í starfi gaf tilefni til þess áður en honum yrði sagt upp starfi.*

við öryggisvörðinn. Til þess var og fullt tilefni í ljósi þess að hann var að færast úr starfi hjá ríkinu til fyrirtækis sem starfar á almennum vinnumarkaði. Þennan vafa um réttarstöðu öryggisvarðarins verður að virða Isavia í óhag og leggja til grundvallar að hliðstæðar reglur hafi áfram gilt um heimild fyrirtækisins til að segja öryggisverðinum upp starfi og eiga við eftir lögum nr. 70/1996, enda eru ekki lagðar skorður við því í lögum að starfsmenn á almennum vinnumarkaði njóti slíks réttar. Bar Isavia samkvæmt framansögðu að veita öryggisverðinum áminningu ef framganga hans í starfi gaf tilefni til þess áður en honum yrði sagt upp starfi. Þótt lagt yrði til grundvallar að þær ávirðingar sem Isavia hefur borið á öryggisvörðinn væru að öllu leyti sannar eru þær ekki þess eðlis að segja hefði mátt starfsmanni fyrirvaralaust upp starfi á grundvelli 1. mgr. 44. gr. laga nr. 70/1996. Með vísan til þess sem að framan greinir var uppsögn öryggisvarðarins 29. maí 2009 ólögsmæt og ber Isavia skaðabótaábyrgð á henni eftir almennum reglum.“

Samkvæmt þessu var Isavia ohf. gert að greiða áfrýjanda málsins 1.900.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. febrúar 2010 til greiðsludags, og samtals 1.000.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

# „Hættið aldrei að hreyfa ykkur“

„Mér blöskrar þegar ég heyri um ungt fólk sem fær þann úrskurð að það sé með laskað hné og hættir jafnvel að vinna og þorir ekki að hreyfa sig. Mín reynsla er allt önnur og ég segi við þetta unga fólk; hættið aldrei að hreyfa ykkur, hreyfið ykkur að verkjamörkum og ef þið getið meira haldið þá áfram.“

Þetta segir Kolbrún Þóra Björnsdóttir, sjúkraliði, sem starfar á Landspítalanum í Fossvogi, en hún hefur lengi þurft að takast á við meiðsli á hné sem hún varð fyrir sem barn. Síðastliðið haust fór hún loks í hnjáskiptiaðgerð og er búin að ná sér ótrúlega eftir aðgerðina með mikilli hreyfingu og þjálfun.

Sjúkraliðinn bað Kolbrúnu, sem er gift og fjögurra barna móðir, að segja lesendum blaðsins frá reynslu sinni og því hversu mikilvæg hreyfing og líkamsrækt hefur verið fyrir vellíðan hennar.

## Fótbrot og skíðaslys

„Ég er fædd árið 1954 í Kópavogi,“ segir Kolbrún. „Á þeim tíma var bærinn allt öðruvísi en nú, eiginlega lítið þorp með mörgum óbyggðum holtum og hæðum og þar af leiðandi mikið frelsi til allra hluta fyrir okkur krakkana sem ólumst þar upp. Það var mikið lagt upp úr því að við værum úti að hreyfa okkur og tækjum þátt í íþróttum. Ég hafði einstaklega góðan íþróttakennara sem barn og hún hvatti okkur til að taka þátt í sem flestum hópíþróttum. Ég var duglegur krakki að þessu leyti og mikið að príla út um allt og jafnvel upp á húspök og það leiddi til þess að ég brotnaði nokkrum sinnum á æskuárunum, þar á meðal einu sinni á lærlegg. Það var búið um brotið og svo beidd ég óþreyjufull eftir að geta farið út að hlaupa aftur.“

Þegar ég var tólf ára fór ég í skíðaferðalag og slasaðist illa á hné. Það var settur plástur á sárið og svo var ég nokkra daga í rúminu á meðan hnéð var að jafna sig, en síðan fór ég aftur af stað. En eftir þetta slys fór ég að finna til sársauka við ákveðnar hreyfingar og losnaði aldrei alveg við slíka verki, en hélt samt mikið áfram í leikfimi og íþróttum.“



Kolbrún Þóra Björnsdóttir, sjúkraliði.

## Rifinn liðþófi og krossbönd

„Eftir að ég lauk sjúkraliðanáminu árið 1977 fluttist ég út á land og fór að vinna við heilsugæslu í Ólafsvík og eignast börn. Þegar ég gekk með fyrstu þrjú börnin þyngist ég verulega og fann þá fyrir auknum verkjum í hnénu vegna álagsins. Mér fannst best að draga úr verkjunum með því að vera mikið á hreyfingu, ganga og synda. Ég fór líka að hjóla, enda fann ég ekkert til í hnénu á reiðhjólínu. Þá var ég mikið í félagsmálum, þar á meðal í leikfélaginu og því fylgdi líka mikil hreyfing. Við hjónin fórum í dansskóla og ég hef alltaf dansað mikið. Ólafsvík er mikið á brattan að sækja og á sumrin var ég dugleg að fara með krakkana mína í gönguferðir upp í brekkur og hliðar fjallanna, en fann samt alltaf til í hnénu við að ganga niður brattann.“

Svo gerðist það árið 1980 þegar ég var að dansa á Selfossi að það var eins og fætinum væri sparkað undan mér og ég féll í gólfíð.

*Þegar ég var að dansa á Selfossi var eins og fætinum væri sparkað undan mér og ég féll í gólfíð.*

Þegar ég reyndi að standa á fætur aftur fann ég að það var farið að blæða inn á liðinn í hnénu. Ég lét vefja utan um hnéð og hélt svo áfram að dansa, en daginn eftir var hnéð svo bólgið og ég þurfti að fara til læknis. Þar með hófst þrautaganga mín varðandi hnéð. Fyrst var mikið tappað af liðnum en að lokum varð ég að fara í aðgerð árið 1981. Þá kom í ljós að ég hafði rifið liðþófann og krossbönd, og læknirinn sá líka merki eftir gamla skaðann eftir skíðaslysið og sagði að það myndi angra mig seinna meir.

Eftir þetta ákvað ég að létta mig og fór að stunda meiri líkamsrækt innanhúss, svo sem „spinning“, lyftingar og almenna leikfimi í líkamsræktarstöðinni á Ólafsvík. Ég lét líka öðru hverju sprauta í liðinn, og nýtti mér mikið kælingu og hita, en forðaðist flest verkjalyf, enda fóru þau alltaf illa í mig.“

## Hef enga verki lengur

„Árið 2000 fluttum við suður og næstu tíu árin vann ég hjá Íslenskri erfðagreiningu, en flutti mig síðan yfir á Landspítalanum í Fossvogi. Fyrstu árin eftir að við komum suður fann ég að mér var alltaf að versna í hnénu en hélt samt áfram í líkamsræktinni vegna þess að mér leið alltaf betur eftir hreyfinguna. Ég hafði samband við lækni sem sagði mér að ég væri komin með alvarlega slitgigt í hnéð. Gigtarlyf höfðu ekkert að segja og eftir nokkra umhugsun ákvað ég að láta skipta um hnéliðinn og fór í slíka aðgerð síðastliðið haust. Hún tókst mjög vel og ég fór að stíga í fótinn samdægurs. Síðan tók við sjúkrapjálfun og smá saman fann ég aukinn styrk og kraft í hnénu og í febrúar síðastliðnum var ég orðin nógu góð til að hefja vinnu á ný.“

Hnéð virkar mjög vel og ég hef enga verki lengur. Rætt er um að eðlilegt sé að geta beygt hnéð 90 prósent eftir svona aðgerð, og mér tókst það mjög fljótlega. Í dag fer ég í langar gönguferðir, syndi, ek bílnum mínum og reyni að fara í líkamsrækt tvisvar í viku. Ég er líka farin að dansa á ný og ætla að reyna að hjóla úti í sumar. Ég er ekki farin að hlaupa, og hef ekki gengið á neina tinda eftir aðgerðina, en ætli ég byrji ekki á að ganga á Grábrók í sumar,“ segir Kolbrún.



## Skýrsla formanns Reykjavíkurdeildar

# Fimm starfsnefndir

Á nýliðnu starfsári Reykjavíkurdeildarinnar hefur stjórnin fundað að jafnaði einu sinni í mánuði að undanskyldu sumrinu, en stjórnin tók sér að mestu sumarfrí frá júní og fram í ágúst, segir í skýrslu formanns sem lögð var fram á aðalfundi deildarinnar 14. nóvember síðastliðinn.

Í skýrslunni kom meðal annars eftirfarandi fram um starfseminu á starfsárinu:

Á Evrópuþegi sjúkraliða 26. nóvember 2010 var boðið upp á blóðþrýstingsmælingar í World Class í Laugum. Birkir Högnason og Jóna Guðmunda Helgadóttir voru á staðnum og mældu þá sem þess óskuðu.

Á árinu hafa verið haldnir nokkrir fundir með trúnaðarmönnum af svæði deildarinnar þar sem farið var yfir stöðu mála hverju sinni.

Farið var í Fjölbraut í Ármúla ásamt fræðslunefnd SLFÍ og Ungliðadeild SLFÍ og haldin kynning á félaginu og deildunum. Reykjavíkurdeildin afhenti nemum bækling þar sem farið er yfir starfsemi deildarinnar og fjölda félaga.

Stjórnar- og nefndarmenn hittust í desember og hjálpuðust að við að þakka vaktabókinni og gera klára fyrir dreifingu.

Fulltrúar Reykjavíkurdeildar voru viðstaddir útskriftir sjúkraliða úr Fjölbraut í Breiðholti og Fjölbraut í Ármúla og færði öllum útskriftarnemum rósir og heillaóskir frá Sjúkraliðafélagi Íslands í tilefni dagsins.

## Porrablót og kröfuganga

Strax í janúar var hafist handa við undirbúning þorrablótis deildarinnar sem haldið var þann 3. febrúar 2010 og kom maturinn frá Múlakaffi. Ekki var mætingin góð á þennan fagnað deildarinnar en þeir sem mættu fengu allir happadrættisvinning sem vakti mikla lukku að vanda. Um tónlistina og fjörið sá diskótekið Dís. Mjög gaman var að sjá hvað þeir sjúkraliðar sem mættu áttu góða og notalega stund í góðra vina hópi.

Á 1. maí baráttudegi verkalýðsins var gengið með fána félagsins í kröfugöngu verkalýðsins niður á Austurvöll þar sem útifundurinn fór fram.

Fulltrúaþing SLFÍ var svo haldið þann 12. maí. Reykjavíkurdeildin átti þar 13 fulltrúa. Að loknu fulltrúaþingi var farið í Rúgbrauðsgerðina þar sem SLFÍ og Framvegis héldu mjög góða ráðstefnu.

Í lok vetrar bauð stjórn Reykjavíkurdeild-



Hressir sjúkraliðar í 20 ára afmælisferð Reykjavíkurdeildar í fyrra.

arinnar öllum þeim sjúkraliðum sem komu að vinnu við skipulagningu Evrópuþegsins, þorrablótisins og þökkunar á vaktabókinni út að borða í þakklætisskyni. Að þessu sinni var farið að borða í Hörpunni og áttum við þar mjög ánægjulega kvöldstund saman.

15. júní fór Jóhanna Traustadóttir formaður Reykjavíkurdeildar ásamt Kristínu Ólafsdóttur varaformanni SLFÍ í hina árlegu sumarferð Eftirlaunadeildar SLFÍ. Farið var að þessu sinni vestur í Dali. Mjög gaman var að fá að fara með og þakka ég stjórn Eftirlaunadeildar SLFÍ fyrir að bjóða okkur.

Í október 2010 voru 15 sjúkraliðar skráðir atvinnulausir á svæði Reykjavíkurdeildarinnar. Ekki er gott að vita að sjúkraliðar séu á atvinnuleysissskrá þegar það er enn fjöldi ófaglærðra að vinna við hjúkrun.

Gaman er að geta þess að á ársfundi Landspítalans 2011 var Helga Björk Harðardóttir sjúkraliði og trúnaðarmaður heiðruð fyrir frammúrskarandi fagleg störf og óska ég henni til hamingju.

*Á baráttudegi verkalýðsins var gengið með fána félagsins í kröfugöngu verkalýðsins niður á Austurvöll þar sem útifundurinn fór fram.*

Mig langar að þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi Reykjavíkurdeildarinnar síðastliðið ár þann stuðning og hvatningu sem ég hef fengið sem formaður þessarar deildar, sagði Jóhanna Traustadóttir í skýrslu sinni.

## Starfsnefndirnar

Í Reykjavíkurdeildinni eru starfandi fimm nefndir:

Fræðslu- og skemmtinefnd: Meðal verkefna hennar er að mæta við útskrift sjúkraliða og færa þeim rósir og hamingjuóskir frá félaginu og sjá um félagsstarfsemi deildarinnar. Þar sitja 5 sjúkraliðar.

Fjáröflunarnefnd: Hún sér um fjáröflun til fræðslu- og menningarstarfa deildarinnar. Þar sitja 3 sjúkraliðar.

Uppstillingarnefnd: Nefndin fer á stjórnaðar þegar haustar og leitar uppi áhugasama sjúkraliða til starfa í stjórn og nefndum deildarinnar í stað þeirra sem hætta. Þar sitja 3 sjúkraliðar og 2 varamenn.

Kjörstjórn: Þetta er ný nefnd í Reykjavíkurdeildinni en hlutverk hennar er að sjá um undirbúning atkvæðagreiðslu um kjör formanns og annast aðrar atkvæðagreiðslur eða kosningar í deildinni. Þar sitja 3 sjúkraliðar og 2 til vara.

Kjaramálanefnd: Nefndin tók að sér að sjá um þátttöku félagsins á baráttudegi verkalýðsins í Reykjavík. Þar sitja 4 sjúkraliðar auk formanns deildarinnar sem er sjálfkjörinn.

Aðalfundur DSNE haldinn á Akureyri

# Stöndum vörð um störfin okkar

Aðalfundur Deildar sjúkraliða á Norðurlandi eystra var haldinn 15. nóvember síðastliðinn á Hlíð á Akureyri. Um 30 félagsmenn mættu á fundinn sem hófst á fyrirlestri sem bar nafnið „Hvatning í starfi á tímum niðurskurðar.“ Fyrirlesarinn var Kristján Magnússon frá Ráðgjafastofunni Reyni á Akureyri. Eftir kaffihlé tóku við almenn aðalfundastörf, þar sem formaður flutti skýrslu sína og gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum deildarinnar.

Í skýrslu sinni sagði formaðurinn, Jóhanna Þorleifsdóttir, meðal annars:

Þann 19. október voru 20 ár liðin frá því að Dsne var stofnuð. Í dag teljast félagar 215. Deildin hefur haft þá sérstöðu að hafa sama formanninn í 18 ár af þeim 20 sem hún hefur starfað. Var það Helga Dögg Sverrisdóttir sem lagt hefur deildinni krafta sína í öll þessi ár og eru henni færðar þakkir fyrir. Einnig störfuðu með henni í áratug þær Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir og Anna Lilja Björnsdóttir. Þakkar deildin þeim fyrir þeirra framlag svo og öllum þeim sem starfað hafa fyrir deildina.

Síðastliðið haust urðu kaflaskil í stjórn deildarinnar þegar öll stjórnin sagði af sér á einu bretti. Kom þetta afar illa við deildina þar sem hún var skilin eftir í lausu lofti og ekki var búið að manna stjórn á aðalfundi og var skipun stjórnar því vísað til félagsins. Samkvæmt lögum landshlutadeildanna er óheimilt að öll stjórnin fari frá í einu heldur skulu kosnir 2 stjórnarmenn árlega og formaður annað hvert ár. Á framhaldsaðalfundi 18. október 2010 var kosin ný stjórn. Formaður var Jóhanna Þorleifsdóttir Siglufirði, Hulda Birna Frímansdóttir Akureyri varaformaður, Ásmundur Þórhallsson Akureyri gjaldkeri, Sigrún Hermansdóttir Akureyri ritari og Elfa Breiðfjörð Helgadóttir Húsavík meðstjórnandi. Varamaður var kosin Þórdís Halldórsdóttir. Stjórnin hefur haldið 6 fundi á árinu. Hefur oft verið erfitt að finna fundardag þar sem við komum úr öllum áttum en þetta hefur þó gengið. Formaður og varaformaður hafa sótt félagsstjórnarfundum hjá SLFÍ auk þess sem varaformaður tók sæti í kjaramálanefnd félagsins og var því með annan



Jóhanna Þorleifsdóttir, formaður DSNE, í ræðustól.

fótinn í Reykjavík á meðan á kjarasamningum stóð. Einnig hefur formaður komið að málum innan stofnana hér á svæðinu sem ekki verða tíunduð hér. Þau Huldu Birnu Frímansdóttir og Ásmund Þórhallsson sóttu 20. ársþing Sjúkraliðafélagsins sem haldið var 12 maí.

## Trúnaðarmenn mikilvægir

Á tímum niðurskurðar er öflugt trúnaðarmannanet mikilvægt. Til þess að við í stjórnnum hjá SLFÍ vitum hvað um er að vera á vinnustöðunum þurfa trúnaðarmennirnir að vera virkir og koma til okkar því sem þeir telja að eigi erindi á okkar borð. Einnig þarf hinn almenni félagsmaður að vera duglegur að nota trúnaðarmennina þegar það á við. Taka skal fram að trúnaðarmaður á rétt á 7 launuðum dögum á ári til námskeiða og funda og einnig á hann að geta sinnt sínum störfum í vinnutíma samkvæmt samningum SLFÍ.

Öflug trúnaðarmannafræðsla er nú í gangi hjá BSRB og Félagsmálaskóla alþýðunnar. Trúnaðarmannanámskeiðin eru 5 þriggja daga námskeið og eitt tveggja daga og er metið til 10 eininga á framhaldsskólastigi. Einnig er BSRB og Fræðslusetrið Starfsmennt að fara á stað með forystufræðslu sem ætluð er fyrir starfsfólk, stjórnendur og stjórnarmenn félaga.

*Framundan eru erfiðir tímar  
hér á Norðurlandi*

Markmið þessa náms er að efla þekkingu og fagmennsku þátttakenda. Námsleiðin er 27 sjálfstæð námskeið sem spanna 170 klst. Námskeiðin eru valfrjál.

Sjúkraliðum hefur verið boðið upp á fjölmörg námskeið á Akureyri sem haldin eru í forsvari Helgu Daggar Sverrisdóttur en eru óháð deildinni. Er þetta gott framlag til eflingar símenntunar sjúkraliða og þeir sjúkraliðar sem ég hef rætt við láta vel af þessum námskeiðum. Sjúkraliðafélagið metur þessi námskeið inn til launahækkana.

Í vinnslu er að Framvegis komi hér á okkar vegum eftir áramót og haldi 2 námskeið. Trúlega námskeið um líknandi meðferð og móttaka og hjúkrun bráðveikra. Einnig má benda á að mörg námskeið Framvegis eru kennd í fjarkennslu í gegnum tölvu. Sjúkraliðar geta sótt um námskeiðsstyrk í Starfsþróunarsjóð SLFÍ og Starfsmenntunarsjóð BSRB allt að 160 þúsund krónur á tveggja ára tímabili.

Á krepputímum vil ég aðeins minna á Styrktarsjóð BSRB. Þar er úthlutað í ýmis verkefni s.s greiðslur til atvinnulausra félagsmanna sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum v/veikinda, þeir fá nú 80% af atvinnuleysisbótum í allt að 45 daga. Vil ég benda fólki á að kynna sér þessi mál.

## Erfiðir tímar

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar minna sjúkraliða á að huga vel að sjálfum sér. Framundan eru erfiðir tímar hér á Norðurlandi. Tímar uppsagna og óöryggis. Öllum heilbrigðisstofnunum á svæðinu er gert að spara og það enga smápeninga. Því þarf að standa klár á sínum rétti og eru trúnaðarmenn og stjórn deildarinnar þeir sem þið eigið að leita til, til þess erum við. Sjúkraliðar, stöndum vörð um störfin okkar, sagði Jóhanna í lok skýrslu sinnar.

Á aðalfundinum var aðalstjórnin endurkjörin, en Þórdís Halldórsdóttir varamaður gaf ekki kost á sér og inn kom Kristín Úlfisdóttir. Guðlaug Skúladóttir skoðunarmaður reikningar gaf ekki kost á sér lengur og í hennar stað kom Kristín Jónsdóttir. Stjórnin þakkar þeim Þórdísi og Guðlaugu fyrir þeirra störf.

## Formannsskipti hjá Suðurlandsdeild

# Ég kveð með þakklæti og gleði

„Nú er komið að leiðarlokum, þetta er í síðasta skipti sem ég flyt skýrslu stjórnar þar sem ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér áfram til endurkjörs. Ég er búin að vera formaður Suðurlandsdeildarinnar síðastliðinn 10 ár. Þetta hefur verið mjög skemmtilegur tími, reynslumikill og fræðandi. Ég kveð með miklu þakklæti og gleði í huga. Ég hef kynnst og starfað með mörgum frábærum konum á þessum árum, vil ég nota tækifærið og þakka kærlega fyrir mig og óska sjúkraliðum í Suðurlandsdeild velfarnaðar um ókomin ár,“ sagði Margrét Auður Óskarsdóttir í skýrslu sinni til aðalfundar deildarinnar sem haldinn var 23. nóvember síðastliðinn.

Í skýrslunni kom eftirfarandi meðal annars fram um starfseminna:

Þetta starfsár sem nú er að ljúka er ár kjarasamninga. Loksins hafðist að ljúka öllum kjarasamningum sem SLFÍ gerir við hinar ýmsu stofnanir í landinu. Við náðum ágætum samningum að þessu sinni, „tókst að halda sjó“ eins og sagt er, og ekki var lengra komist. Á sama tíma var líka verið að ganga frá eldri stofnanasamningum, hefur það gengið mis vel og er ekki enn búið á öllum stöðum.

Evrópudagur sjúkraliða var haldinn hátíðlegur 26. nóvember. Að þessu sinni var farið að Austurvegi 28 þar sem gömlu Ljósheimar voru til húsa, og þar á undan Sjúkrahús Suðurlands og margar af okkur voru að vinna þar árum saman, bæði á meðan þetta var sjúkrahús og svo á Ljósheimum. Nú er þar rekið gistiheimilið „Bed and brekfast“ og var húsnæðið skoðað hátt og lágt. Síðan kom Helga Braga og var með hamingjunámskeið fyrir sjúkraliða, sem ekki veitti af á tímum þrenginga, sparnaðar og uppsagna. Suðurlandsdeildin bauð svo uppá kaffi og kökur í tilefni dagsins.

## Fundur og námskeið

Formaður hefur sótt félagsstjórnarfundir á árinu og fulltrúapíngi 12. maí,



Margrét Auður Óskarsdóttir, fráfarandi formaður Suðurlandsdeildar (til hægri) ræðir við Helgu Sveinsdóttur núverandi formann deildarinnar á fulltrúapíngi Sjúkraliðafélagsins.

en í framhaldi af því var haldin ráðstefna fyrir sjúkraliða í Rúgbrauðsgerðinni í samvinnu við Framvegis í tilefni af því að 20 ár eru síðan stéttafélagið SLFÍ var stofnað. Var ráðstefna mjög fræðandi og skemmtilegt og vel sótt af sjúkraliðum, eða um 200 sjúkraliðar. Einnig tók formaður þátt í rýnihóp á vegum BSRB í febrúar. Haustfundurinn var svo 5. október og komu á hann fulltrúar frá flestum nefndum félagsins. Einnig mættu formaður og framkvæmdarstjóri BSRB á fundinn til að fara yfir málefni Bandalagsins, hvað væri búið að gera og hvað væri framundan. Suðurlandsdeildin á nú fulltrúa í þremur nefndum félagsins, Kjaramálanefnd, Laganefnd og Síðanefnd.

Fræðslu- og ferðanefnd auglýsti á vorðögum ferð fyrir sjúkraliða, en því miður

*Þetta hefur verið mjög skemmtilegur tími, reynslumikill og fræðandi*

varð að hætta við hana vegna ónógrar þátttöku sjúkraliða sem er mjög miður því ferðanefndin var búin að undirbúa fína ferð.

Menntamál. Haldin voru námskeið hjá Fræðsluneti Suðurlands bæði á vorönn, tvö námskeið, og á haustönn tvö námskeið, alltaf er fullskipað á námskeiðin. Sjúkraliðar eru mjög ánægðir með þau námskeið sem búin eru að vera í haust. Allt eru þetta flott og áhugaverð námskeið sem fræðslunefnd Suðurlandsdeildar hefur komið á, en þær hafa verið mjög áhugasamar og duglegar að finna námskeið í samvinnu við Fræðslunetið og Framvegis. Færum við þeim kærar þakkir fyrir það. Hvet ég ykkur til að vera vel vakandi fyrir námskeiðunum og jafnframt að koma með óskir til fræðslunefndar ef um eitthvað sérstakt efni er að ræða sem við gætum fengið hingað austur. Eins eru allar góðar ábendingar til fræðslunefndar SLFÍ vel þegnar. Í síðustu stofnanasamningum var bætt við einu þrepi enn fyrir námskeið. Geta sjúkraliðar nú bætt við sig þrepi eftir

120 stundir í símenntun, 200 stundir og 260 stundir.

Á vorönn 2011 eða í janúar var farið á stað með framhaldsnám í geðhjúkrun fyrir sjúkraliða. Það er svolítið öðruvísi upp sett en framhaldsnámið í hjúkrun aldraðra, kennt er 2-3 daga í viku. Námið er vistað hjá Heilbrigðisskólanum í Ármúla. Allar sem ég hef haft samband við eru mjög ánægðar með námið.

## Óvissa í atvinnumálum

Frá Fjölbrotaskóla Suðurlands voru ekki neindir sjúkraliðar útskrifaðir síðasta vor, og verður ekki heldur núna um jólin. Næsta útskrift er á haustönn 2012. Þá verða líka næst teknir inn sjúkraliðanemar á haustönn 2012. Fullskipað er á brautinni núna. Nú eru félagar í Suðurlandsdeild orðnir 136 með nemum, eftirlaunaþegum og öryrkjum.

Atvinnumál. Ekki verður hjá því komist að tala um atvinnumál nú á þessu hausti frekar en í fyrra. Boðaður er mikill niðurskurður á okkar svæði hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands þar sem stærsti hluti sjúkraliða á Suðurlandi vinna. Um 70 miljónir fyrir árið 2012 auk tilfærslu frá í fyrra, í allt um 120 miljónir eða 5,5%. Enn er ekki útséð um hvernig þetta fer, eða hvort sjúkraliðar koma til með að missa vinnuna. Þetta er mjög alvarlegt mál og verður mikill skellur ef stjórnendum HSu tekst ekki að snúa vörn í sókn. Ekki bara skellur fyrir sjúkraliða og fjölskyldur þeirra, heldur fyrir allt atvinnulífið í heild sinni, því við HSu starfa að meirihluta konur. Enn sem komið er eru sjúkraliðar ekki á atvinnuleysiskrá á Suðurlandi, en 24 eru atvinnulausir á landsvísi, eða 1,2% og er það tiltölulega nýtt að sjúkraliðar séu atvinnulausir á Íslandi.

Að lokum vil ég þakka sjúkraliðum, stjórn Suðurlandsdeildar og nefndarkonum öllum fyrir gott samstarf á árinu, og þeim á Grensásveginum fyrir frábæra liðveislu, og sjúkraliðar: munum að „samstaða er afl sem ekkert fær staðist.“

Stjórn deildarinnar er nú þannig skipuð: Formaður Helga Sigríður Sveinsdóttir Heilbrigðisstofnun Suðurlands Selfossi. Varaformaður Margrét Auður Óskarsdóttir Heilbrigðisstofnun Suðurlands Selfossi. Gjaldkeri Kolbrún Ásta Jónsdóttir Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Ritari Ásthildur Ragnarsdóttir Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Meðstjórnandi Rósa Birgisdóttir Heilbrigðisstofnun Suðurlands, heilsugæsla. Varamaður Kristín Laxdal Lundur Hellu.



Sjúkraliðar frá Höfn, Egilsstöðum og Vopnafirði á aðalfundi Austurlandsdeildar.

## Skýrsla stjórnar Austurlandsdeildar SLFÍ

# Markmiðið er að funda sem víðast

Ágætu sjúkraliðar, velkomnar á Höfn í Hornafirði. Það er nú ekki á hverju ári sem við hittumst hér. Síðast var haldinn hér aðalfundur haustið 2004. Síðan við Vopnafirðingar tókum við stjórn deildarinnar hefur það verið markmið okkar að halda fundina á sem flestum stöðum svo við náum til sem flestra sjúkraliða innan deildarinnar, sagði Steingerður Steingrimsdóttir, formaður deildarinnar í skýrslu sinni til aðalfundarins sem haldinn var 27. október síðastliðinn.

Fram kom í skýrslunni að um áramótin 2010/2011 var 81 sjúkraliði skráður í deildina.

Stjórnin hefur haldið 5 stjórnarfundum, en auk þess fór formaður á 3 félagstjórnarfundum og fulltrúafing SLFÍ. Vorfundur deildarinnar var haldinn í Neskaupsstað 25. maí, þar kynntu sjúkraliðarnir Gunnhildur Ósk Sæbjörnsdóttir og Heiðrún Arnþórsdóttir loka-kerfni sitt í hjúkrunarfræði frá Háskólanum á Akureyri. Við sjúkraliðar í Austurlandsdeildinni óskum þeim stóllum velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Á Evrópuþegi sjúkraliða 26. nóvember voru sjúkraliðar á Höfn í fararbroddi austfirskra sjúkraliða þetta árið og buðu upp á blóðþrýstingsmælingar í sinni heimabyggð. Um 200 manns þáðu af þeim þjónustuna og eru sjúkraliðunum færðar bestu þakkir fyrir.

## Námskeið og fræðsla

23. mars bauð Fræðslumiðstöð Austurlands sjúkraliðum upp á námskeið á Reyðarfirði: „Lífsgleði njóttu - valkosturinn er þinn.“ 24 sjúkraliðar sóttu námskeiðið.

16. nóvember bauð Fræðslumiðstöðin upp á námskeiðið „Geðhjúkrun langveikra í samfélaginu“ á Egilsstöðum. Leiðbeinandi var Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur, teymisstjóri samfélagsteymis.

Nú á haustdögum var Árni Hafstað hjá Heymartækni ehf. með fræðslu fyrir sjúkraliða á Egilsstöðum og Vopnafirði um umhirðu og meðferð heymartækja. Mæltist þetta mjög vel fyrir.

Í desember 2010 útskrifuðust 2 sjúkraliðar úr framhaldsnámi í öldrunarhjúkrun. 6 sjúkraliðar útskrifuðust í vor frá Framhaldsskólunum á Austurlandi.

Nú er búið að uppfæra nýja heimasíðu hjá Sjúkraliðaafélaginu og eru sjúkraliðar hvattir til að kynna sér hana vel. Svo er alveg tilvalið fyrir sjúkraliða að setjast niður og skrifa eitt-hvað skemmtilegt og eða fróðlegt og setja inn á síðuna og endileg látið myndir fylgja með.

Nýlega var undirritaður nýr stofnanaáskjal milli SLFÍ og Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Samningurinn er aðgengilegur á heimasíðu félagsins eins og aðrir kjarasamningar.

Ég vil svo að lokum þakka Rögnu Pétursdóttir sjúkraliða fyrir frábæra aðstoð við undirbúning fundarins. Stjórn deildarinnar, trúnaðarmönnum og öðrum sjúkraliðum þakka ég fyrir mjög gott og farsælt samstarf, sagði Steingerður Steingrimsdóttir formaður að lokum.

## Skýrsla stjórnar Vestfjarðadeildar

# Mikil óvissa vegna skipulagsbreytinga

Skipulagsbreytingar á vegum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða sköpuðu mikla óvissu um starfsöryggi sjúkraliða í Bolungarvík, segir í skýrslu stjórnar Vestfjarðadeildar sjúkraliða til aðalfundar sem haldinn var 3. nóvember síðastliðinn.

Í skýrslunni, sem formaður deildarinnar, Guðlaug I. Sveinbjörnsdóttir, flutti á fundinum, kom meðal annars eftirfarandi fram um starfsemina:

Litlu jólin: 26. nóvember héldum við okkar jólafund. Við heimsóttum Mörthu Ernsdóttir og fórum í jóga hjá henni. Á eftir fengum við dýrindis heilsusamlega súpu sem var gerð úr lífrænt ræktuðu grænmeti og var heimabakað brauð borið með. Loks fórum við í heimahús og áttum þar nota-lega stund frameftir nóttu.

Evrópudagur: 26. nóvember héldum við uppá Evrópudag sjúkraliða, fengum við Elvu Björt Hreinsdóttur sálfræðing sem fór yfir hvað Hugræn atferlismæðferð er og hvernig við getum nýtt okkur hana í starfi. Mætingin á fyrirlesturinn var mjög góð og viljum við þakka Elvu fyrir mjög góða, fróðlega, gagnlega og skemmtilega fræðslu sem við höfðum mjög gaman af.

## Fundir og námskeið

Deildarfundir voru fjórir á árinu og voru þeir vel sóttir. Einn fundurinn ein-kenndist af launasamningum sjúkraliða, þar sem farið var yfir hvað samningarnir höfðu uppá að bjóða, bæði sú breyting sem var gerð á stofnanasamningunum í kjölfar launapottsins og ný gerða kjarasamninga. En samningar náðust fyrir sjúkraliða í vor og var samið til loka mars 2014.

Fulltrúaþing: Formaður sótti fulltrúaþing sem var haldið í maí.

Útskrift: Í ár brautskráðust 2 sjúkraliðanemar við Menntaskólann á Ísafirði.

SLFÍ afhenti hverri deild innan félagsins fánastand með merki félagsins ásamt borðfána og fána sem er hægt að hafa með í t.d. 1. maí kröfugönguna og við fleiri slík tækifæri.

Námskeið: Einungis var haldið eitt nám-



Guðlaug I. Sveinbjörnsdóttir, formaður Vestfjarðadeildar, á rökstólum með formanni Austurlandsdeildar, Steingerði Steingrímsdóttur.

skeið hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða fyrir sjúkraliða, það var haldið í maí og komu þær Svandís Íris Hálfánardóttir sérfræðingur í líknandi hjúkrunarmeðferð og Elísabet Pétursdóttir sjúkraliði á líknadeild Landspítalans. Námskeiðið fjallaði um Líknandi meðferð og ummönnun við lok lífs.

Guðlaug formaður Vestfjarðadeildarinnar og Eva Margrét trúnaðarmaðurinn í Bolungarvík hafa sótt trúnaðarmannanám-skeið á vegum BSRB á árinu, námskeiðin samanstanda af sjö hlutum. Þessi námskeið eru mjög góð og uppbyggileg fyrir hvaða trúnaðarmann sem er. Námskeiðin koma án efa til með að hjálpa og létta trúnaðarmanninum þá vinnu sem hann tekur að sér.

## Breytingar í Bolungarvík

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða ákvað að fara í skipulagsbreytingar á rekstri hjúkrunarheimilisins í Bolungarvík. Eins og flestir vita sameinuðust Heilbrigðisstofnanirnar á Ísafirði og Bolungarvík í ársbyrjun 2009 í Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Frá þeim tíma hefur einungis verið breytt stöðuheiti

og kjörum núverandi deildastjóra á hjúkrunardeildinni í Bolungarvík. Öllum var sagt upp og átti að endurráða uppá nýtt. Sjúkraliðar urðu hræddir um stöðu sína og þau réttindi sem þeir voru búnir að ávinna sér. Kristín formaður SLFÍ blandaði sér í málið og hafði samband við Þröst Óskars-son framkvæmdastjóra við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og benti honum á það væri óeðlilegt að fólk fengi uppsagnarbréf með þessum hætti. Betra væri að senda út bréf vegna skipulagsbreytinga sem síðar yrðu tíundaðar í bréfinu og sjúkraliðar fengju tíma til þess að hugsa sig um hvort þeir vildu taka þátt í þessum breytingum eða ekki. Þröstur sagði henni að þeir vildu ekki með nokkru móti missa sjúkraliðana og féllst á að endurskoða uppsögnina sem og hann gerði og dró uppsagnir sjúkraliðanna til baka. En ýmsar breytingar áttu samt sem áður að taka í gildi 1. júní 2011. Ekki hafa enn orðin neinar breytingar hvorki á mannaráðningu eða öðru sem tengist hjúkrunarheimilinu í Bolungarvík.

Stjórn Vestfjarðadeildar er þannig skipuð: Guðlaug I. Sveinbjörnsdóttir, formaður, Guðbjörg Hjartardóttir, varaformaður, Elísa Stefánsdóttir, gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir, ritari, og Svanhildur Sjöfn Kristinsdóttir, meðstjórnandi.

*Deildarfundir voru fjórir á árinu og voru þeir vel sóttir.*

## Aðalfundur Sjúkraliðadeildar á Norðurlandi vestra

# Verum á varðbergi

Öllum er ljóst að störf sjúkraliða mynda mikilvægan grundvöll í heilbrigðisþjónustunni. Það er slæmt að missa góða sjúkraliða úr störfum og hætta á því að þeir komi seint til starfa innan heilbrigðisþjónustunnar á nýjan leik. Þar sem spjótin beinast að okkur úr mörgum áttum er baráttan ekki búin og við verðum að vera á varðbergi fyrir þeim breytingum og niðurskurði sem er og verður á næstunni á sjúkrahúsum víða um landið, sagði Albert Stefánsson formaður deildar sjúkraliða á Norðurlandi vestra í skýrslu sinni til aðalfundar deildarinnar sem haldinn var á Blönduósi 11. nóvember síðastliðinn.

Í skýrslu stjórnarinnar kom fram að félagar í deildinni voru 41, og að stjórnin hélt fjóra fundi á starfsárinu.

Formaðurinn minnti á nauðsyn þess að sjúkraliðar á svæðinu stæðu saman í bar-

áttunni. Á síðasta fulltrúaþingi Sjúkraliðafélagsins var komið inn á að sameina litlar deildir. Þá er það frekar núna að félagsmenn verða að standa saman og sýna hvað í þeim býr og vinna að því að halda deildinni hér fyrir norðan. Það er mat stjórnarinnar að litlar deildir nái betur saman við félagsmanninn heldur en stórar. Það hefur áður komið fram hjá okkur að það er langt að fara á milli staða á veturna og því teljum við að það sé ekki rétta leiðin að sameina deildarnar. Við í deildinni vonumst til að SLFÍ virði okkar skoðun og leyfi okkur að vera til áfram.

Það er nauðsynlegt fyrir sjúkraliða að vera vakandi og passa vel upp á alla þá samninga sem eru í gildi. Eins verðum við að vera vakandi yfir því að það sé ekki gengið á okkar rétt. Stöndum vörð um réttindi okkar og látum trúnaðarmann vita ef brotið er á félagsmanni. Trúnaðarmannaskóli er í gangi og hvet ég alla trúnaðar-

menn að kynna sér skólann. Námskeið eru í gangi og hvet ég félagsmenn til að nota þau námskeið sem eru í boði.

Síðastliðið vor fórum við í skoðunarferð á Dvalarheimilið í Borganesi, en þar tók framkvæmdastjórinn vel á móti okkur. Þar var boðið upp á skoðunarferð um húsið og veitingar á eftir. Framkvæmdastjórinn flutti fyrirlestur um Dvalarheimilið og starfseminna sem þar er. Með þessum ferðum okkar kynnumst við sjúkraliðum á þeim stöðum sem þar vinna. Þessi ferð var líka liður í að kveðja sjúkraliðana á Hvammstanga þar sem þeir eru komnir í deildina á Akranesi. Við þökkum þeim fyrir gott samstarf í gegnum árin og óskum þeim velfarnaðar í nýjum heimkynnum.

Í lokin þakkar stjórnin öllum sjúkraliðum það samstarf og það traust sem þið hafið sýnt okkur á árinu. Deildin þakkar SLFÍ gott samstarf á árinu sem er að líða.

## Skýrsla Fagdeildar SLFÍ fyrir árið 2011

# Tveir fræðsludagar

Stjórn deildarinnar fundaði sjö sinnum á árinu og stóð fyrir tveimur fræðsludögum, þann fyrri 21. febrúar og þann síðari 26. október, segir í skýrslu stjórnar Fagdeildar Sjúkraliðafélagsins til aðalfundar deildarinnar sem haldinn var 21. nóvember síðastliðinn.

Í skýrslu stjórnarinnar segir meðal annars um starfseminna:

Á fræðsludaginn í febrúar komu góðir gestir. María S. Gottfreðsdóttir augnlæknir fræddi okkur um gláku og aðra augnsjúkdóma hjá öldruðum. Sýndi hún myndbönd af augnaðgerðum sem hún hefur framkvæmt. Annað myndbandið var um augasteinsskipti og hitt af aðgerð til að létta á augnþrýstingi hjá glákusjúklingi. Var þetta mjög fróðlegur fyrirlestur. Guðbjörg Guðlaugsdóttir hjúkrunarfræðingur talaði um heilabilunarsjúkdóma og umönnun tengda þeim. Ingibjörg Hjaltadóttir hjúkrunarfræðingur kynnti mjög athyglisverða rannsókn sem hún hefur gert á gæðum umönnunar á hjúkrunarheimilum á Íslandi, og hvernig má spara með umbótastarfi. Tuttugu manns mættu á þennan fræðsludag.


Á fræðsludeginum í október voru flutt þrjú erindi. Fyrst á dagskrá voru fulltrúar Hugarafis, þau Sigrún Halla Tryggvadóttir og Eyvindur Eyvindsson. Þau kynntu starfsemi Hugarafis sem er félagsstarf fólks með geðræna sjúkdóma. Félagar

koma saman og hjálpa hvort öðru og styðja, og fara út í þjóðfélagið og kynna starfseminna, sjúkdómana og sínar leiðir til að ná bata. Þetta var mjög fróðlegt og athyglisvert að heyra hvernig þjónusta þau höfðu fengið hjá geðlæknum sem þau höfðu leitað til, en sú þjónusta var á marga vegu. Þá tók séra Auður Inga Einarsdóttir prestur á Grund til máls og hennar fyrirlestur var um sorg aldraðra við heilsumissi. Eftir kaffihlé kom Sigurður Páll Pálsson geðlæknir í ræðustól. Fyrirlestur hans hét: „Hvernig greinum við helstu geðsjúkdóma og hvað getum við gert?“ Var mjög athyglisvert að fá þennan fróðleik frá Sigurði og ekki síst eftir að hafa hlustað á þau Sigrúnu og Eyvind segja frá sínum kynnum af geðþjónustunni. Þessi fræðsludagur tókst mjög vel og mæting alveg frábær, 51 gestur kom á þennan fræðsludag.

Stjórnin sendi frá sér ályktun þar sem þess var krafist að ákvörðun um lokun líknardeildar á Landakoti yrði afturkölluð af Velferðarráðherra.

Stjórn Fagdeildarinnar var þannig skipuð síðasta starfsár:

Formaður Linda Gustafson. Ritari Ingunn Ingbórsdóttir. Gjaldkeri Halldóra Lydia Þórðardóttir. Meðstjórnendur eru Magdalena S Kristinsdóttir, Bára Hauksdóttir og Anna María Guðmundsdóttir.



Þessi mynd sýnir lífeyrisgreiðslur og ráðstöfunartekjur manns sem greiðir í A-deild LSR og annars sem greiðir í almennan lífeyrissjóð í 38 ár af 250 þúsund króna meðallaunum. Á endunum sjást lífeyrisgreiðslur úr sjóðunum tveimur, en á milli þeirra sést hvernig skattar hafa áhrif til jöfnunar á ráðstöfunartekjum. Munur á greiðslum úr lífeyrissjóðum upp á 22,6% minnkar í 5% mun á ráðstöfunartekjum. Rétt er að taka það fram að þetta er framtíðarmynd þegar lífeyrissjóðirnir eru komnir í jafnvægi. Tölur eru í þúsundum króna.

## Kynjabókhald BSRB 2012

# Litlar breytingar

Síðastliðin tvö ár hafa félagsmenn BSRB verið 69% konur og 31% karlar, en hlutfall kvenna innan stjórnar BSRB var einungis 41% á móti 59% karla. Engin breyting hefur orðið 2012 hvað kynjahlutföll félagsmanna BSRB varðar jafnvel þótt nokkrar breytingar hafi orðið á félagatölum aðildarfélaganna og ýmist konum eða körlum fækkað innan þeirra. Hlutföll kynja innan stjórnar BSRB er einnig óbreytt.

Þetta kemur fram í nýbirtu Kynjabókhaldi BSRB fyrir árið 2012, en það er gefið út af jafnréttisnefnd BSRB. Fyrsta slíkt bókhald var gefið út á kvennafrídeginum 25. október 2010 og er nú gefið út í þriðja sinn. Bókhaldið er byggt upp með sama hætti og áður en í því má finna upplýsingar um hin ýmsu kynjahlutföll innan BSRB sem aflað var í febrúar til apríl á þessu ári.

Í skýrslunni segir að kynjabókhald BSRB síðustu ára hafi leitt í ljós að auka þyrfti hlut kvenna í stjórn bandalagsins. Erfitt sé hins vegar fyrir BSRB að vinna að slíkri aukningu þar sem formenn stéttarféлага eru félagslega kjörnir á aðalfundum.

Engar breytingar hafa orðið milli ára á kynjasamsetningu samtölu allra stjórnarmanna aðildarfélaganna 2012 miðað við 2011. Milli 2010 og 2011 urðu hins vegar þær breytingar að konur juku hlut sinn úr 56% í 62%. Að sama skapi fækkaði körlum úr 44% í 38%.

Hjá flest öllum aðildarfélögum eru kynjahlutföll félagsmanna í samræmi við kynjahlutföll stjórnar og fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum félagsins. Þau félög sem helst þyrftu að hafa í huga að jafna kynjahlutföllin betur í stjórnnum sínum eru FosVest, SDS, St. HÚS, Stamos og Tollvarðafélag Íslands. Þau félög sem þyrftu helst að hafa í huga að jafna kynjahlutföll hjá fulltrúum félagsins í nefndum og ráðum innan þess eru KJÖLUR, SDS, STAF, SfK, St. Rv. og St. Rúv.

## Samspil almannatrygginga, lífeyrissjóða og skatta

# Dregur úr mun ráðstöfunartekna

„Tekjujafnandi áhrif greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins og skattgreiðslna valda því að munur á ráðstöfunartekjum er mun minni en munur á lífeyrisréttindum gefur til kynna. Lífeyrisgreiðslur frá almennum lífeyrissjóði, sem eru um 23% lægri en greiðslur frá A-deild LSR, gefa ráðstöfunartekjur sem eru aðeins um 5%-10% minni hjá þeim sem er í almenna lífeyrissjóðnum. Jafnframt má líta svo á að á móti skuldbindingu vegna lífeyrissjóða ríkisins komi bæði sparnaður vegna almannatrygginga og meiri skatttekjur en ella.“

Þetta segir í skýrslu Talnakönnunar, sem

hefur skoðað samspil lífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðum starfsmanna hins opinbera og lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. Verkið var unnið fyrir BSRB, KÍ og BHM.

„Almennt eru greiðslur úr almennu lífeyrissjóðunum til ellilífeyris talsvert lægri en úr þeim opinberu. Hins vegar jafnast bilið mjög þegar tekið er tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. Þær stuðla að því að allir ná ákveðnu lágmarki ráðstöfunartekna. Greiðslurnar frá TR eru skertar eftir því sem meira er greitt úr lífeyrissjóðum. Skattgreiðslur minnka einnig muninn því að þeir sem meiri tekjur fá eru jafnframt meiri tekjustofn fyrir ríkið,“ segir í skýrslunni.

## Flíspeysur

Nýjar flíspeysur eru nú komnar í sölu á skrifstofu félagsins, þær eru hvítar og til í öllum stærðum.

Verð á peysu afgreidd á skrifstofu félagsins: 3.500 krónur.

Verð á peysu send í pósti: 4.000 krónur.

Athugið að peysur verða ekki sendar í póströfu, þannig að greiða þarf inn á bankareikning félagsins.



Þannig líta flíspeysurnar út.

# Kynnist perlum hálandisins!

**Nú gefst sjúkraliðum tækifæri til að upplifa helstu perlur á miðhálandi Íslands í alvöru hálandisferð á viðráðanlegu verði. Í þessum ferðum er ætlað að veita ferðalöngum tækifæri á að kynnast af eigin raun óblíðri náttúru lands sem stöðugt er verið að móta og breyta af hinum geigvænlegu öflum elds og ísa. Fararstjóri er Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir, leiðsögumaður og sjúkraliði, sími: 694 4920.**

## Miðhálandið 12.-17. júlí

Farið verður í 6 daga ferð um miðhálandið 12.-17. júlí. Reykjavík - Laugafell - Gæsavatnaleið - Askja - Herðubreiðarlindir - Kverkfjöll - Hvannalindir - Mývatn - Jökulsárgljúfur - Kjölur - Reykjavík.

## Fjallabak nyrðra 9.-14. ágúst

Seinni ferðin er 6 daga ferð um Fjallabak nyrðra í Laka dagana 9.-14. ágúst. Reykjavík - Landmannalaugar - Langisjór - Sveinstindur - Eldgjá - Lakagígar - Kirkjubæjarklaustur - Reykjavík.

Ferðirnar eru fyrir sjúkraliða og maka eða annan aðila. Farið verður á tveimur fjallabílum með reyndum bílstjórum. Hafður verður sami háttur á og í fyrri ferðum að skipta í matarhópa, sem hefur gefist vel. Gist verður í fjallaskálum og í báðum ferðunum verður farið í náttúrulegar sem eru á leiðinni. Pantið sem fyrst því fjöldi þátttakenda er takmarkaður.



## Haustleiga orlofshúsa



Sjúkraliðafélag  
Íslands

Félagsmenn Sjúkraliðafélags Íslands eiga kost á haustleigu í sex orlofshúsum innanlands, íbúðum á Akureyri og í Reykjavík og íbúð í Kaupmannahöfn. Nú þegar er opið á orlofsvefnum fyrir bókanir í Kaupmannahöfn út yfirstandandi ár, en þann 21. ágúst nk. kl. 13.00 verður opnað fyrir bókanir innanlands vegna leigu á tímabilinu 7. september til 4. janúar 2012.

### Verð innanlands:

- Vikuleiga frá föstudegi til föstudags . . . . . 18.000 krónur
- Helgarleiga frá föstudegi til mánudags . . . . . 13.000 krónur
- Virkir dagar . . . . . 3.000 krónur
- Jól frá 21. desember til 28. desember . . . . . 20.000 krónur
- Áramót frá 28. desember til 4. janúar . . . . . 20.000 krónur

Leiga um jól og áramót kostar fimm orlofspunkta.

Dagsleiga er á íbúðinni í Kaupmannahöfn (hámark 7 dagar) og kostar hver dagur 10.000 kr.

### Bókanir

Félagsmenn bóka sjálfir og ganga frá greiðslu í gegnum orlofsvef slfi.is. Þegar því er lokið fá þeir kvittun og leigusamning sendan á það netfang sem skráð var við bókunina. Þeir sem einhverra hluta vegna hafa ekki tæk á að bóka sjálfir geta haft samband við skrifstofu SLFÍ og fengið aðstoð. Símar á skrifstofunni eru 553 9493 og 553 9494.

### Leiga á sængurfatnaði

Leigutökum íbúðanna í Reykjavík og á Akureyri býðst að leigja sængurfatnað og handklæði.



Hægt er að bóka á orlofsvef SLFÍ gistingu í Kaupmannahöfn út árið.



Frá og með 21. ágúst verður hægt að bóka haustleigu í bústöðum og íbúðum félagsins.